

BA-ritgerð

Þjóðfræði febrúar 2007

Galdramannasagnir af Austurlandi

Tómas Vilhjálmur Albertsson

Leiðbeinandi: Terry Gunnell

Félagsvísindadeild
Háskóla Íslands

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| I.0 Inngangur | 3 |
| I.1. Um rannsóknina | 5 |
| II.0 Sagnir sem heimildir | 8 |
| II.1 Flokkun sagna | 10 |
| II.2 Sagnir vs. sagnfræði | 13 |
| II.3 Sagnir sem heimildir um atburði | 15 |
| II.4 Sagnir sem heimildir um persónur | 18 |
| II.5 Sagnir sem heimildir um viðhorf | 22 |
| III.0 Austfirðir, umhverfi og saga | 26 |
| III.1 Ferðamál | 26 |
| III.2 Atvinnuhættir og verslun | 28 |
| III.3 Fólkið | 30 |
| III.4 Staðreyndir um galdur á Austfjörðum | 31 |
| IV.0 Sagnir um galdramenn | 36 |
| IV.1 Tímabil galdurs og söfnunar | 36 |
| IV.2 Tegundir sagna | 37 |
| IV.3 Helstu heimildir um galdramannasagnir | 38 |
| IV.4 Galdramenn Austurlands | 41 |
| IV.4.1 Jón Þórðarson | 41 |
| IV.4.2 Kristín Sveinsdóttir | 43 |
| V.0 Austfirðir versus Vestfirðir | 48 |
| VI.0 Viðhorf | 55 |
| VI.1 Viðhorf til galdurs og galdramanna | 55 |
| VI.2 Viðhorf til yfirvalds, presta og menntunar | 57 |
| VI.3 Viðhorf til útlendinga og kaupmanna | 62 |
| VII Niðurlag | 63 |
| Viðaukar: Skammstafanir | 66 |
| Viðauki 1: Minnaskrá | 67 |
| Viðauki 2: Sagnamannatal | 71 |
| Viðauki 3.0: Galdramannatal Austfjarða | 77 |
| Viðauki 3.1: Galdramannatal Vestfjarða | 84 |
| Viðauki 4: Tímatal galdramanna og sagnamanna | 89 |
| Viðauki 5: Sagnafjöldi á sagnamenn eftir flokkum | 91 |
| Heimildaskrá | 92 |
| Óútgefnar heimildir | 99 |
| Viðtöl | 99 |
| Heimildir af internetinu | 99 |

I.0 Inngangur

Á síðustu árum hafa menn bent á að það sé spursmál hvort rétt sé að tala bara um *íslenskar þjóðsögur/þjóðtrú* sem heild. Menn hafa bent á vöntun á rannsóknum um svæðisbundin einkenni (Júlíana Þóra Magnúsdóttir [2004], og Brynhildur Sveinsdóttir [2006]). Persónulega hef ég lengi haft áhuga á galdramálum á Íslandi og við athuganir mínar á galdrasögnum hef ég tekið eftir því að ekki er allsstaðar sama áhersla í þeim sögnum er fjalla um galdrafólk. Ekki minnkaði áhugi minn á þessu hugarefni mínu við lestur *Píslarsögu séra Jóns Magnússonar* (2001) þar sem ritstjórinn Matthías Viðar Sæmundsson kemst svo að orði:

Munurinn á Vestfjörðum og þéttbýlustu svæðum landsins er því minni en vænta mátti, að minnsta kosti sé miðað við tilfinningaþrungnar lýsingar á áhrifum einangrunar og strjálbýlis á hugarfar Vestfirðinga: að galdra- og draugatrú sé fagurfræði hins vestfirska myrkurs. Sé það rétt þá er eftir að skýra sérstöðu Austfjarða þar sem galdratrúin tók ekki á sig jafn svæsna mynd og fyrir vestan þrátt fyrir strjálbýli, hrikalegt landslag, þunglyndar ættir og löng vetrarmyrkur (Jón Magnússon, 2001: 376).

Þessi orð Matthías Viðars Sæmundssonar ýttu undir þá hugsun að réttast væri að líta á galdramál Austfjarða á svæðisbundinn hátt og nota til þess galdrasagnir af Austurlandi. Þær spurningar sem ég tek fyrir í ritgerðinni eru: Er greinanlegur munur á galdramannasögnum á Austurlandi og Vestfjörðum og í hverju felst hann? Er viðhorfsmunur á Austur- og Vestfjörðum og ef svo er hver er hann? Og áfram í þessu sambandi: Af hverju var enginn brenndur á Austurlandi þó þar finnist mál sem komu fyrir dómara?

Ritgerðin er í sjö köflum. Í öðrum kafla fer ég yfir nokkra þætti er varða sagnir sem fara svo sem heimildagildi sagna varðandi sagnfræði, viðburði og viðhorf sem geta falist innan þeirra. Síðan yfir flokkun galdramannasagna og þann vanda sem þar getur til orðið í því að flokka sagnir. Í þriðja kafla tek ég svo fyrir samfélagið og gef stutt ágríp af sögu og mannlífi Austurlands, ásamt því að gera ítarlega grein fyrir þeim staðreyndum sem til eru um galdramál sem upp komu á Austurlandi. Í fjórða kafla tek ég svo fyrir galdramannasagnirnar sjálfar þar sem ég tek fyrir tímabil galdurs og söfnunar, tegundir sagna, og helstu heimildir um galdramannasagnir á Austurlandi og síðast ræði ég um galdramennina sjálfa þar sem ég tek tvo galdramenn sérstaklega til skoðunar. Auk þess sem ég skoða minni og tegundir galdra í austfirskum sögnum. Í fimmta kafla ber ég svo saman austur

og vestfirði og skoða þar þann mismun sem virðist vera á milli landshlutanna. Í sjötta kafla fer ég að lokum inná þau viðhorf sem sjá má innan sagnanna og má m.a. nefna viðhorf sem sjást til galdurs, galdramana, yfirvalds, menntunar og útlendinga í sögnunum. Að lokum tek ég svo niðurstöður þessara kafla saman í stutta samantekt þar sem ég svara þeim spurningum sem ég minntist á hér fyrir í innganginum.

Helsti mismunur á galdramannasögnum á Austurlandi og í Strandasýslu er mismunandi notkun á minnum og stéttaskipting er önnur milli svæðana. Einnig er mismunandi hverjir eru gerendur og hverjir eru óvinir eða andstæðingar. Einnig mun ég sýna fram á mismunandi viðhorf til galdramanna og galdurs á þessum svæðum, þannig virðist galdur ekki jafn óhugnanlegur á Austurlandi eins og hann er sagður vera til dæmis í Strandasýslu, þar sem uppvakningar eru notaðir til sendiferða. Síðast og ekki síst nytsemi þess að rannsaka gildi þess að skoða sagnir í samhengi við svæðisbundin einkenni.

I.1. Um rannsóknina

Eins og sagt er í innganginum er ætlunin í þessari ritgerð að skoða galdrasagnir á Austurlandi. Um galdramál hefur áður verið ritað í bókunum *Galdur og galdramál á Íslandi* eftir Ólaf Davíðsson, sem kom út í fjórum heftum 1940-1943 og *Brennuöldin* eftir Ólínu Þorvarðardóttur sem kom út 2000.

Útgefin rit um mannlíf á Austfjörðum eru af skornum skammti fyrir 1900, en m.a. var stuðst við eftirfarandi bækur:

Austurland: Safn austfirzkra fræða. Ritstjórar: Halldór Stefánsson og Þorsteinn M. Jónsson. (1947)

Eskja: Sögurit Eskfirðinga I-V. Einar Bragi Sigurðsson (1971-1986). Héðan í frá nefnd *Eskja*.

Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar 1752-1757. Eggert Ólafsson (1975).

Djúpvogur: 400 ár við voginn. Ingimar Sveinsson (1989).

Norðfjarðarsaga I: Frá upphafi byggðar til 1895. Ögmundur Helgason (2006).

Helstu upplýsingar um galdramannasagnir fást aðallega í eftirfarandi söfnum, en ítarlega er gert grein fyrir þeim í heimildaskrá:

Vestfirskar sagnir I-III. Helgi Guðmundsson (1933-46).

Huld –Safn alþýðlegra fræða íslenskra I-II. Valdimar Ásmundsson (1935). Héðan í frá nefnd *Huld*.

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri I-VI. Jón Árnason (1954-1961).

Gríma hin nýja –Safn þjóðlegra fræða íslenskra. Þorsteinn M. Jónsson (1964-78).

Þjóðsagnabókin I-III. Sigurður Nordal (1980).

Íslenskar þjóðsögur og sagnir I-XI. Sigfús Sigfússon (1982-1993).

Íslenskar þjóðsögur I-IV. Ólafi Davíðssyni (1987).

Þar að auki var leitað í segulbandasafni Árnastofnunar.

Samtals eru 89 sagnir um galdur á Austfjörðum. Þar af 88 í þessum verkum, samanborið við 24 í Strandasýslu og 59 í Ísafjarðarsýslum.

Tekin var saman tafla úr þeim þjóðsagnasöfnum og bókum sem voru nefndar hér að ofan. Taflan sýnir dreifingu galdramannasagna á Íslandi í heild sinni. Fyrst er fjöldi galdramannasagna í hverri sýslu, svo kynjaskiptingu og að síðustu fjöldi dóma í hverri sýslu. Í síðasta dálknum er greint á milli þeirra mála sem fóru fyrir alþingi og þeirra sem voru leyst innan sýslna.

| Sýslur | Sagnir | Galdramenn | Dómar Þ/H ¹ |
|--------------|--------|------------------|------------------------|
| Gull & Kjós | 9 | 5kk / 1kvk | 6 / 1 = 7 |
| Borg. & Mýr. | 49 | 2kk | 4 / 1 = 5 |
| Snæf & Hnapp | 53 | 9kk / 2kvk | 6 / 1 = 7 |
| Dalas. | 13 | 5kk | 1 / 0 = 1 |
| Barðastr.s. | 16 | 5kk / 1kvk | 18 / 3 = 21 |
| Ísafja | 59 | 14kk | 25 / 2 = 27 |
| Strand | 24-3 | 15-2kk / 2-1 kvk | 11 / 0 = 11 |
| Húna | 8-2 | 8-2kk | 7 / 1 = 8 |
| Skag | 66-2 | 13-1kk | 2 / 4 = 6 |
| Eyjafj | 80 | 19kk / 1kvk | 3 / 4 = 7 |
| Þingeyjars | 53-1 | 15-1kk / 1kvk | 1 / 3 = 4 |
| Múlas | 87+1 | 23kk / 3 kvk | 4 / 0 = 4 |
| Skaftár | 33 | 8kk | 4 / 0 = 4 |
| Rang | 58 | 5kk | 3 / 0 = 3 |
| Árn | 114-1 | 2kk / 1kvk | 3 / 5 = 8 |
| Óstaðsett | 5 | 2 | 4 / 0 = 4 |

Eins og sjá má, eru nokkrar sýslur, þar á meðal Rangárvallasýsla [3Þ/0H] Múlasýslur [4Þ/0H] og Þingeyjarsýslur [1Þ/3H] voru með tiltölulega fá málaferli vegna galdra á galdratíma (1554-1685/1720). Þrátt fyrir þennan skort á málaferlum eru 198 sagnir tengdar galdramönnum í þessum þremur sýslum.

Ég hef ákveðið að nota Strandasýslu sem viðmið. Forsenda þess að ég vel Strandasýslu sem samanburðardæmi er vegna þess orðstýrs sem af henni fer. Sá orðstýr er fyrst og fremst byggður á þeim galdramálum sem þar áttu sér stað svo og þeirri uppbyggingu ferðamannaíðnaðar sem þeir hafa byggt í kringum brennutímamann og galdrafárið.

Efnisval fór fram með þeim hætti að ég skannaði inn og setti upp í textaskrá allar galdramannasagnir sem ég fann í fyrrgreindum verkum er snertu Múlasýslur og Strandasýslu og setti upp í vinnuskjal. Þær persónur sem höfðu flestar sagnir á bak við sig voru settir efstir og svo í röð eftir sagnafjölda, en aftast voru þær sagnir sem hægt var að staðsetja í sýslunni en eru án nafns á galdramanni. Er sá flokkur nefndur *Magus Anonymous*. Fyrsta blað fyrir hvern mann inniheldur ættfræðilegar staðreyndir unnar úr æviskrám og kirkjubókum. Þessi blöð eru hér í **viðauka 3**: Galdramannatal. Þetta gerði það að hægara var um vik að sjá mismun milli sagnanna og æviferils hvers galdramannmanns.

Þegar þessu var lokið tók ég við að efnisgreina sagnirnar og notaði þar íslenska *Sagnagrunninn*.²

¹ Þ = mál sem voru tekin fyrir á Alþingi, H = mál sem komu fram í héraði, en komu ekki fram á Alþingi.

² *Sagnagrunnurinn* er ennþá í vinnslu. Þar eru skráðar upplýsingar um íslenskar sagnir úr helstu þjóðsagnasöfnum Íslendinga. Þegar eru skráðar um tæplega 10.000 sagnir. <http://www.hi.is/~terry/database/sagnagrunnur.htm>

Undanfarin ár hefur verið í gangi tölvuskráning allra sagna sem til eru á prenti og í segulbandasafni Árnastofnunar. Hefur skráningin verið í höndum Terry Gunnells dósents við Háskóla Íslands og Rósu Þorsteinsdóttur í Árnastofnun og er skráningin langt komin. Var að nokkru stuðst við þá gagnagrunna við vinnslu þessarar ritgerðar.

Að því loknu greindi ég svo hvort og hvernig galdrabrogð væru í sögunum og að lokum fór ég í gegnum eftirfarandi skrár:

MI (*Motif-Index of Folk-literature*: Stith Thompson, 1932);

ML (*Migratory Legends*: Reidar Christiansen, 1958);

TMI (*Typen- und Motivverzeichnis*: Lauri Simonsuuri, 1961);
(*The Types and Motif Index of Finnish Belief Legends and Memorates*: Marjatta Jauhiainen 1998);

ATU (*The Types of International Folktales*: Hans-Jörg Uther, 2004);

IML (Sér íslenskar sagnatýpur og minni sem á eftir að flokka samkvæmt alþjóðlega kerfi flokkast sem **IML** [Icelandic Migratory Legends]).

Þessi síðast talda skrá er einnig í vinnslu hjá Terry Gunnell dósenti við Háskóla Íslands. Áður nefndar skrár voru notaðar til að greina flökkusagnir og minni sagnarinnar. Þessi vinna skilaði sér í þeim lista sem er **Viðauki 1: Minnaskrá**.

Um sagnamenn, galdramenn og aðra einstaklinga sem koma fyrir í ritgerðinni er stuðst m.a. við helstu ættfræði rit svo sem, *Íslenskar æviskrár: Frá landnámstímum til ársloka 1940*, (ritstjóri) Páll Eggert Ólafsson (1948); *Sýslumannaæfir* eftir Boga Benediktsson á Staðarfelli (1905-08); *Ættir austfirðinga I-IX*, eftir Einar Jónsson (1953-68) svo fátt eitt sé talið en þessu til viðbótar var einnig leitað gagna í kirkjubókum svo sem sóknarmanntölum og fæðingarskrám og í skiptabókum sýslumanna. Er þeirra getið á viðeigandi stöðum hér í ritgerðinni og í viðaukum. Að síðustu ber þess að geta að upplýsingar um dómsmál koma úr *Alþingisbókum Íslands*, sem Sögufélagið gaf út (1949-55).

II.0 Sagnir sem heimildir

Hér að ofan hef ég ítrekað notað orðið *sögn* en þegar fólk skoðar þjóðsagna-söfnin eftir Jón Árnason, Sigfús Sigfússon og Ólaf Davíðsson þá sér það mismunandi orðaforða t.d. orðin þjóðsögur og ævintýri. Því tel ég hér gagnlegt að kynna fyrir lesandanum þetta orð „sögn“ í nútíma þjóðfræði, þýðingu þess og notkun. Ekki eru allir fræðimenn sammála um hvað sé „sögn“ og skal því vera reynt að fara lítillega ofan í skilgreininguna. Líklega eru Grimmsbræður þeir fyrstu sem skilgreina sögn í *Deutsche Sagen* árið 1816. Þeir segja:

The fairytale is more poetic, the legend is more historical; the former exists securely almost in and of itself in its innate blossoming and consummation. The legend, by contrast, is characterized by a lesser variety of colors, yet it represents something special in that it adheres always to that which we are conscious of and know well, such as a locale or a name that has been secured through history. Because of this local confinement, it follows that the legend cannot, like the fairytale, find its home anywhere. Instead the legend demands certain conditions without which it either cannot exist at all, or can only exist in less perfect form (translation by Ward 1981, I: 1) (Dégh, 2001: 35).

Sögnin er því samkvæmt Grimm fyrst og fremst sagnfræðilegs eðlis sem þarfnist tiltekinna samhengis til að þrífast. Túlkun sænska þjóðfræðingsins von Sydow er ekki langt frá túlkun Grimms bræðra. Von Sydow vildi meina að ólíkt ævintýrum byggði sögnin á raunverulegum atburðum og að hún ætti að vera atburðinum til staðfestingar (von Sydow, 1931: 96). Jón Hnefill Aðalsteinsson segir að þessi þrískipting Grimms bræðra sé í fullu gildi í dag (1989: 228). Þótt margir fræðimen svo sem Dégh (2001), Thompson (1946) og Honko (1979; 2000) hafi rætt um skilgreiningar á þjóðsögunni og sögninni þá standi enn uppúr að þjóðsagan sé lengri og krefjist meiri hæfni til flutnings heldur en sögnin sem hvaða maður sem sé sæmilega mælandi geti komið á framfæri.

Mun ég næst fara yfir þau hugtök sem notuð eru yfir þá flokkun sagna sem eru notaðir í þjóðfræði og útskýra í stuttu máli, vegna þess að ekki eru allar sagnir eins. Fyrstur manna til að koma með skilgreiningar var áður nefndur Carl Wilhelm von Sydow (1878-1952). Var hann ef til vill sá mest skapandi og hugmyndaríkasti af þjóðfræðingum á fyrri hluta 20. aldar (Valdimar Hafstein, 2004: 425). Von Sydow kom m.a. með eftirfarandi hugtök inn í þjóðfræðina: *Memorat* (Reynslusögn) sem eru sagnir í 1. pers. og 2.

pers.); *Fabulat* (sögusögn) og *Dites*³ (örsögn). Einnig kom hann með orðið „Oicotypes“ (staðbrigði) sem á við staðbundna sögn, en þetta hugtak er mikið notað þegar verið er að bera saman sagnir á tilteknum svæðum og athuga hvernig þær aðlaga sig að aðstæðum. Til að gera sér betur grein fyrir þessum hugtökum er best að taka nokkur dæmi.

A) Reynslusögn (*Memorat*) er frásögn í 1. eða 2. persónu og á sú sögn að hafa gerst hjá viðkomandi. T.d. „Ég var þar og heyrði þegar draugurinn gekk á háalofinu“. Slíkar sagnir geta verið heimildir um dulræn fyrirbrigði meðal annars draugagang og því getur verið erfitt að afneita slíkum sögnum sem staðreynd, því sögnin á yfirleitt að hafa átt sér stað. Þær segja líka mikið um túlkun okkar, trú og viðhorf.

B) Sögusagnir (*Fabulat*) eru hinsvegar sagnir sem hafa borist á milli manna. Stundum geta slíkar sagnir orðið flökkusagnir (sjá fyrir neðan) og njóta mismikilla vinsælda. Slíkar sagnir geta verið um allt milli himins og jarðar og verið mjög alvarlegar eða trúarlegar og yfir í að vera hreinar gamansögur.

C) Flökkusagnir „migratory legend“, er tegund af sögusögnum sem hefur farið milli landa, landshluta og tekið fast form. Flökkusagnir spanna ansi stóran hóp sagna og eru ótrúlegustu sagnir þar í m.a. „Móður mín í kví kví“ og „Sæmundur fer í svarta skóla“ (Gunnell, 2000: 395; 1998: 87-89). Þær eins og sögusögn ganga manna á millum án athugasemda og er mörgum þeirra trúað eins og nýju neti.⁴

Flokka má sögusagnir og flökkusagnir eftir tilgangi og tilurð þeirra. Ef þær eru ekki byggðar á reynslusögnum, getur verið að þær tilheyri einni af eftirfarandi gerðum.

D) Dæmisögur (*Exempla*) eru sagnir sem hafa siðferðisboðskap um rétta og ranga breytni byggða á ríkjandi siðferðilegum viðhorfum Einnig getur verið um boð og bönn samfélagsins að ræða (Wolf-Knuts, 1999: 371-77). Dæmi um slíkar sögu er t.d. sagan „Eiríkur og mjaltakonurnar“ (Jón Árnason, 1954-61: V, 467), en þar er boðskapurinn að ekki eigi að gera grín af mönnum þótt þeir líti öðruvísi út.

E) Skýringasagnir, til þeirra tilheyra meðal annars örnefnasagnir sem útskýra hvernig tiltekið örnefni hefur orðið til. Sem dæmi má nefna sagnir um

³ Bo Almqvist (1991: 155-65) kallar þetta *metasituation*. Þar er þjóðsagan að vísa í aðra þjóðsögu. Samkvæmt von Sydow (1948:107) þá getur *dites* verið trúarstaðhæfing, þekkingaratriði eða skáldskapur.

⁴ Sögusagnir og flökkusagnir eru oft sagðar hafa gerst hjá einhverjum vini, vinar sagnamannsins. (FOAF Friend of a friend).

Landdísasteina á Vestfjörðum sem svo heita af því að þar eiga að búa landdísir og huldar verur (*Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*, 1983: II, 418).

F) Skemmtun. Ekki má gleyma þeim mannlega þætti að segja sagnir sér og öðrum til skemmtunar. Þar í flokki eru oft gamansamar sagnir og þar má eflaust telja sagnir sem lýsa ráðsnilld og útsjónasemi. Til þessa flokks gætu Bakkabræðra sögur tilheyrt (Jón Árnason, 1950-51: II, 499-503 og V, 383-88).

Í stuttu máli, þá er ekki alltaf hægt að treysta því sem er í sögusögnum sem staðreynd. Hér lýkur umfjöllun um tegundir sagna og næst förum við lítillega yfir þann vanda að flokka sagnir.

II.1 Flokkun sagna

Við fyrstu sýn virðist vera auðvelt að flokka sögn eftir þeim lista sem ég tiltók hér frammar en svo er ekki. Skráðar sagnir geta oft verið í pörtum, byggðar á ólíkum minnum eða flökkusögnum og því er spurning hvernig skal fara með heildina eða hvern hluta (Klintberg, 1993: 67-74). Til að taka dæmi um það hvernig slíkar sagnir geta orðið flóknar þá get ég nefnt að í bréfi Jóns Árnasonar til Maurers þann 22. sept. 1860 segir:

Mér er raun að því að einu leyti, að verða að taka sögur eftir Gísla Konráðsson og Hjálmar skáld eins og þær eru, þó eg hafi leyft mér að breyta í þeim ellilegustu orðamyndum, inn í munnmælasögusafn, þar sem þær eru innan um ramm-historisk-sannar (ættartölur etc.) og fornyrtar; því eg viðurkenna fyllilega, að hvorugt á við í slíku safni, en þykist þó ekki vera bær um að breyta eða kippa úr þeim heilum köflum óaðspurt. Mér kemur einungis til hugar, að setja í hornklofa [] historisku kaflana í þessum sögum, sem ekkert eiga skylt við munnmæli (Jón Árnason, 1950-51: I, 243-44).

Slíkar samsettar sagnir sem geta hvorutveggja flokkast sem reynslusögn og sögusögn er erfitt að flokka. Þessi vandkvæði við flokkun sagna hafa fræðimenn jafnvel kallað kreppu eða „crisis“ (Tangherlini, 1990: 372). Ljóst er að þetta vankvæði á einnig við sögurnar um galdur á Austfjörðum.

Það eru til þrjár megin leiðir til að flokka sagnir þ.e.a.s. eftir umfjöllunarefni sagnarinnar sbr. draugasögur, eftir tegundum sagna saman ber umfjöllunina í kafla II.0 og síðast en ekki síst eftir minnaskrá sem verður farið inná hér á eftir. Lengi vel skiptu menn eins og Konrad Maurer og Jón Árnason sögnum í flokka eftir því efni sem þær fjölluðu um. Það var yfirleitt byrjað á goðfræðilegum sögnum svo sem draugasögnum og svo koll af kolli. Jón Árnason notaði niðurröðun Konrads Maurer sem gaf út *Isländische Volkssagen* (1860) og hafa margir útgefendur haft þennan háttinn á fram á

þennan dag. Frávik frá slíkum útgáfum eru m.a Jónas Jónasson í verkinu *Þjóðtrú og þjóðsagnir* (1908), sem breytti uppröðuninni og síðast en ekki síst *Íslenskt þjóðsagnasafn* sem Ólafur Ragnarsson, Sverrir Jakobsson og Margrét Guðmundsdóttir gáfu út árið 2000, en þar var allri uppröðum breytt frá því sem verið hefur í fyrri útgáfum.

Fræðimenn á borð við Reidar Th. Christiansen, Lauri Simonsuuri, Donald A. MacDonald, Marjatta Jauhiainen og Bengt of Klintberg hafa komið með flokkunarkerfi svipað og „AT“ kerfið fyrir sagnir. Christiansen fyrir norskar flökkusagnir (*The Migratory Legends* 1958) skammstafað „ML“,⁵ Simonsuuri með finnskar sagnir (*Typen- und Motivverzeichnis der finnischen mystischen Sagen* 1961) skammstafað „TMI“, Jauhiainen kom svo með viðbætur og lagfæringar við finnskar sagnir árið 1998 (*The Types and Motif Index of Finnish Belief Legends and Memorates*), MacDonald kom með flokkun yfir skoskar flökkusagnir (*Migratory Legends of the Supernatural in Scotland: A General Survey*) og að síðustu kom Klintberg kom með flokkunarkerfi fyrir sænskar sagnir, en það er ennþá óútgefið.⁶ Eina skrá til viðbótar er vert að minnast á, en það er *Motif-Index of Folk-Literature* eftir Stith Thompson sem kom út 1932. Þessi skrá tekur fyrir minni innan sagna og er hún mjög gagnleg þegar verið er að skoða sagnir og notaði ég hana töluvert.

Klintberg fjallar m.a. í grein sinni „The Types of the Swedish Folk Legend: Report on an Unfinished Catalogue“ um þau vandamál sem geta komið upp við flokkun sagna. Hann bendir á nokkra þætti (Klintberg, 1993: 67-74)⁷:

- A) Sama sögnin; mismunandi verur.
- B) Sama sögn; mismunandi endir.
- C) Sama sögn; mismunandi kyn.

Til að átta sig á því hvað hann á við má benda á að í íslenskum galdrasögnum eru snakkar notaðir til að stela mjólk, en í Svíþjóð eru það hérar sem gera það og falla þær sagnir því undir lið A. Einnig eru sagnir hér á landi sem falla undir C. lið t.d. sagnir sem fjalla um heyskap með göldrum. Þar finnst sama sögn með báðum kynjum í aðalhlutverki, t.d. Sæmund í „Heyhirðingin“ (Jón Árnason, 1954-61: I, 478-79)⁸ og Höllu í „Sláttumenn Höllu“ (Jón Árnason,

⁵ Bo Almqvist setti fram skráningu MLSIT (*Migratory Legends Suggested Irish Types*) fyrir Írskar flökkusagnir í heftinu *Crossing the Border* árið 1988.

⁶ Ljósrit af óútgefnu handriti með athugasemdum er í vörslu Stofnunar Árna Magnússonar.

⁷ Timothy R. Tangherlini fjallar einnig um vandann við að flokka sagnir í grein sinni *It Happened Not Too Far From Here...: A Survey of Legend, Theory and Characterization* 1990.

⁸ Heimildamaður: Séra Þorsteinn Þórarinnsson, (1831-1917), í *Berufirði* 1858-60 og í *Heydölum* 1860-1910.

1954-61: III, 540).⁹ Með Höllu kemur upp sú spurning hvort það eigi að fjalla um hana sem galdramann eða norn og þá sem nýjan flokk. Skal hér því litið á tvö dæmi um flokkunarvanda innan íslenskra galdramannasagna. Fyrri sögnin er um Jón Þórðarson þar sem hann ráðleggur Jón auðtrúa drengnokka um áframhald ferðar niður í kaupþún og fær drenginn til að trúna því að Jón hafi beitt göldrum honum til aðstoðar.¹⁰

Jón *brosir við* og segir hann skuli þá búa sig. „Og ef eitthvað vænkast ráð þitt þegar þú ert kominn hérna framhjá Kálfshól þá hagnýttu þér það því skeð getur að slóð sé ofan dalina. En mundu mig þá um það að líta aldrei aftur. Láttu sem þar liggi við líf þitt og mun þá vel ganga. ... Þegar drengur kom fram fyrir Kálfshól sér hann eins og mokaða braut fram til dalanna og sýnast honum háir snjóveggir á báðar síður, svo honum fannst hlífð að þeim. Fer hann nú braut þessa og lítur aldrei til baka. Lýkur hann erindi sínu í neðra, heldur svo sömu leiðina til baka og verður ekkert sögulegt (Sigfús Sigfússon, 1982-93: V, 377-78).¹¹

Erfiðleikarnir við að flokka sagnir sést vel í þessari sögn um Snjóbrautina. Sú sögn inniheldur fyrst og fremst átrúnað á galdrakyngi Jóns Þórðarsonar (MI D1700: Magic Powers), svo og hugmyndina um tabúið (MI C300: Looking Tabu). Hér er drengnum sagt að hann megi ekki horfa afturfyrir sig, því þá fari illa. Þetta tabú er einnig í sögninni „Ósinn ófær“. Hvergi er þó getið um að Jón Þórðarson hafi framkvæmt einhvern galdur heldur gefur hann einungis góð ráð. Það fyrst og fremst *trúin* á kraft Jóns Þórðarsonar sem kemur sögninni í hóp galdramannasagna. Sjá má samskonar vanda við flokkun sagna varðandi sögnina „Gunnólfsvíkur-Skotta“¹² þar sem enginn galdur er framkvæmdur (Sigfús Sigfússon, 1982-93: V, 317). Þessi sögn inniheldur einnig engan galdur, heldur er hér ráðsnilld og útsjónasemi og nær hefði verið að setja hana með draugasögnum, heldur en með sögnum um galdramenn.

Seinna dæmið um samskonar erfiðleika má sjá í stærri sögnum og skal hér vera litið á brot úr „Irringar Imbu“:

Sagt er að Þura ónýtti mörg galdrabrogð móður sinnar. Þetta gramdist Imbu svo að hún vildi loks afráða dóttur sína. Gekk á því á meðan þær lifðu báðar. Eitt sinn er Þura vildi fara að heiman og brá linda að mitti sér þá segir Imba: „Lof mér að stytta

⁹ Heimildamaður: Séra Magnús Grímsson (1825-1860), á Mosfelli í Mosfellssveit.

¹⁰ Samskonar sagnir eru til af öðrum galdramönnum svo sem Eiríki á Vogsósum og er sögnin „Ósinn ófær“¹⁰, þar sem samskonar heilræði eru gefin (Jón Árnason, 1954-61: I, 549-50).

¹¹ Sögumaður: Sigurfinnur Pálsson (1824-1894) vinnumaður.

¹² Sögumaður: Hólmfríður Guðmundsdóttir (1836-1905), vinnukona.

barnið mitt.” Brá hún svo lindanum um mitti¹³ Þuru og féll hún niður froðufellandi. Þá kom einhver aðvífandi. Gerði Þura honum vísbendingu og skar hann af henni lindann og varð hún þegar jafngóð (Sigfús Sigfússon, 1982-93: V, 409-11).¹⁴

Hér bregður svo við að samkvæmt minnaskrá þá ætti að flokka þessa sögn í flokk ævintýra þar sem þessi sögn inniheldur velþekkta minnið ATU 709 (The Stepmother Now Attempts to Kill Her by Means of Poisoned Lace) sbr. MI S111.2 (Murder with Poisoned Lace). En þar sem sögnin er ívíg stærri og inniheldur galdur svo sem stjórn á veðri þá fellur hún einnig ágætlega að þeim flokki galdramanna sagna sem hún er í.¹⁵ Næst skulum við líta nánar á sagnir heimildagildi sagna.

II.2 Sagnir vs. sagnfræði

Hér verður rætt um tengsl milli sagna og sagnfræði. Þegar horft er á áður nefnda túlkun Grimms bræðra þá töldu þeir að sagnir væru sagnfræðilegs eðlis og varðveittu staðreyndir um horfna tíma (Dégh, 2001: 35). Í hugum flestra þá tengist sagnfræðin sögulegum staðreyndum og voru fornrit Íslendinga hér áður fyrr og jafnvel ennþá hjá almenningi, talin vera góðar heimildir um fornan tíma. Spurningin er þá hve sagnfræðilegar eru sagnir.

Hér áður fyrr byggðist sagnfræði¹⁶ aðallega á rituðum heimildum og var því lengi vel trúnað að þær segðu frá sönnum atburðum. Meðal þessara heimilda má nefna annála, árbækur Espólíns, lagabækur, dómabækur, bréfabækur embættismanna og handrit af ýmsum toga. Ef þessum ritum er skipt upp, þá kemur í ljós að þessar heimildir innihalda mismunandi efni að eðli og uppruna. Skal hér litið á nokkur dæmi:

A) Annálar og árbækur eins og Árbækur Espólíns og Annálar 1400-1800, fjalla um fortíð og samtíð þess sem þær ritar. Þar eru mikill fjöldi sagna í samblandi við hreinar staðreyndir svo sem andlát merkra samtíðarmanna ritarans, uppskerubrest og náttúruhörmungar svo fátt eitt sé talið.

¹³ Að bregða lindanum um mitti: Sjá „Snow white“. Jack Zipes (1992). Bls. 200. Magnús Grímsson þýddi og gaf út „Ævintýrið um Mjallhvíti“ 1852.

¹⁴ Sögumaður: Anna „Sigríðardóttir“ Jónsdóttir (1813-1888), húsfreyja og Þorbjörg Pálsdóttir (1833-1906) húsfreyja.

¹⁵ Um spurninguna hvernig þetta sambland hafi til komið, þá tel ég það mögulegt að sagnamaður hafi áður lesið eða heyrt ævintýrið „Mjallhvíti“. Magnús Grímsson (1825-1860) þýddi og gaf út „Ævintýrið um Mjallhvíti“ árið 1852. Um það verður að sjálfsgöngu ekkert fullyrt en ég tel það vera raunhæfan áhrifavald í þessu tilfelli.

¹⁶ „Sagnfræði kvk – Saga (sem vísindagrein), fræðigrein um framvindu atburða og orsakasamhengi þeirra í lífi einstaklinga og samfélags (historia). Sagnfræðilegur L – sem hefur átt sér stað eða verið til í raun og veru, sannsögulegur, sem byggist á sannsögulegum viðburðum eða persónum“ (*Íslensk orðabók*, 2002: 1227).

B) Lagabækur: Þær tilgreina hvaða lög eru eða voru í gildi

C) Dóma og bréfabækur sýslumanna og biskupa eru mjög afgerandi heimildir þar sem dómabækur segja hvernig mál hafa farið og einnig í mörgum tilfellum málsatvik. Bréfabækur segja líka mikið um samtíma ritarans sérstaklega hvað varðar viðhorf og heimssýn hans og einnig hvað hafi gengið á í hans samfélagi.

D) Handrit sem innihalda sendibréf, ljóðabréf, minningar og jafnvel kvæðabálka. Þessi flokkur getur verið vandmeðfarinn þar sem ekki er öruggt að allt efni innan handritsins sé frá sama tíma.

E) Skráðar munlegar frásagnir sem hafa verið skráðar á síðustu áratugum með tilkomu Þjóðháttadeildar og Árnastofnunar.

Þessi rit sem ég nefni hér að ofan voru lengi vel taldar góðar heimildir en brestur hefur komið í það álit hin síðari ár og þá sérstaklega eftir að fornleifafræði tók að þróast og eflast. Einnig hafa handrita rannsóknir sýnt að höfundarnir hafi ekki alltaf verið með öllu hlutlausir. Má benda á rit Jóns Hnefils Aðalsteinssonar *Blót í norrænum sið*, (1997: 31) þar sem hann segir Sturla Þórðarson hafi vísitandi sleppt ýmsum atriðum er lutu að fornum átrúnaði þegar hann afritaði *Landnámabók*. Með þessu var Sturla Þórðarson að gera tilraun til að skapa söguna fyrir komandi kynslóðir.

Í grein Hallfreðs Arnar Eiríkssonar, „Þjóðsagnir og sagnfræði“ (1970: 268-294) fer hann ítarlega yfir heimildagildi sagna um fortíð manna. Hann kemst að því að sagnir segi meira um samtíma sagnamannanna heldur en fortíð, en jafnframt að sagnir hafi sjálfstætt gildi fyrir alþýðuna. Hann er ekki einn um þessa skoðun því bandaríski þjóðfræðingurinn Henry Glassie (1975: 10) er sammála: „Oral history, like conventional written history, teaches more about the narrator and his society than it does about the societies of the past“.

Í mörgum tilfellum er lítil munur á sögnum og sagnfræði þar sem umfjöllunin er um skipsskaða eða náttúruhamfarir sem eru studdar öðrum heimildum svo sem kirkjubókum. Tel ég að skoða þurfi hverja og eina heimild með tilliti til eðlis og uppruna heimildarinnar. Því víðara sem umfjöllunarefni viðkomandi heimildar er, því meiri líkur eru á að sagnir af því tagi sem voru skilgreindar hér að framan hafi komist inn í þær. Með orðunum „víðara umfjöllunarefni“ á ég sérstaklega við annála og *Árbækur Espólíns* (sbr. bls. 13). Umræðuefni þeirra spannar margar aldir og eru þessi verk svo fjölpætt að efni og innihaldi að nánast ógerningur hafi verið að halda svo vel utanum hvert

og eitt atriði svo það haldist óbreytt í afritun. Þetta er sérstaklega vegna þess að höfundar þessa bóka hafa gjarnan haft tilhneigingu til að bæta við eigin skoðunum inn í þann texta sem þeir voru að afrita.

II.3 Sagnir sem heimildir um atburði

Hér verður fjallað um sagnir sem heimildir um atburði og sem dæmi verða teknar fyrir sagnir um svartadauða. Ástæða þess að svartadauða sagnir eru hér til umfjöllunar er sú, að þær eru vel þekktar og fjalla um þekktu atburði í sögu Íslands. Hafa meðal annars Hallfreður Örn Eiríksson (1970), Timothy Tangherlini (1988) og Terry Gunnell (2000) fjallað um þær.

Þegar fjallað er um gildi sagna sem heimilda um atburði, þá verður að hafa ýmislegt í huga. Þar má meðal annars nefna lögmál sagnahefðar, bakgrunn og áhugamál sögumannsins, sögupersónurnar og textann sjálfan, auk sagnfræðilega, landfræðilega og félagsfræðilega samhengisins sem sögnin er sögð í. Þannig getur sögnin á margan hátt endurspeglad sagnfræði, persónusögu og/eða skáldskap auk viðhorfs sagnamannsins. Það er hinsvegar oft á tíðum erfitt að átta sig á því hverskonar sagnfræði, persónusögu og skáldskap það er sem prentaða sögnin er að endurspeglar. Er það sögumaðurinn, skrifarinn eða sögupersónan sem hér ræður för? Lutz Röhrich (1991: 6) segir svo „Only the text in their individual wording are realities; but these realities are individual accomplishments, not a collective possession.“ Hér á hann við að frásögn sögumannsins sé raunveruleg en þessi raunveruleiki sé fyrst og fremst afrek einstaklingsins heldur en traustar og hlutlausar heimildir um sagnfræði. Lauri Honko bætir því við að sagnamaðurinn túlki sögnina með þeim orðaforða og hugtökum sem eru til staðar og segi því mikið um trú sagnamannsins og túlkun hans á viðburði sem á að hafa gerst (Honko, 1989).

Skal því skoðuð dæmigerð sögn um komu svartadauða til Íslands og hvernig fræðimenn hafa fjallað um sagnir þar að lútandi. Ég skoða sagnirnar um svartadauða í ljósi ritgerðar Jóns Steingrímssonar, *Eldritið* sem fjallar um afleiðingar eldgossins í Lakagígum 1783. Hér er fyrst tekin fyrir sögnin „Svartidauði“ og svo „Torfi í Klofa“.

Um það bil sem svartidauði tók að geisa var það siður bónda á einum bæ að hann las á hverjum morgni vetur, sumar, vor og haust. Eitt sinn var verð að taka saman hey því rigningarlega leit út. Vildi nú bóndi fara heim að lesa, en sumir löttu þessa og sögðu það væri nær að bjarga heyinu. Varð það þó úr að bóndi fór heim með fólki sínu og las. Um daginn sáu tveir ofurlitlir skýhnoðrar; færðust þeir nær og stækkuðu og urðu loksins að

karlmanni og kvenmanni sem riðu gráum hestum. Þau riðu fyrir ofan garð hjá bónda; þá segir hún: „Skal hér heim?“ „Nei,“ segir hann, „Það var oss ekki boðið.“ Nú dundi svartidauði yfir, en á þennan bæ kom hann aldrei og lifði þar allt fólk af (Jón Árnason, 1954-61: II, 101).¹⁷

Sögn þessi er flokkuð sem flökkusögn (ML 4080) þar sem hún lýsir skýhnoðra sem verða að karlmanni og konu sem dreifa sjúkdómnum, en það þarf að bjóða þeim inngöngu. Þessi sögn hefur hinsvegar ekki annað atriði sem kemur oft fyrir í sögnum um svartadauða á Íslandi en það er þokan sem einnig er nefnd reykur, mistur, gufa og skýhnoðrar. Skal því litið á brot úr sögninni „Torfi í Klofa“.

Eitt kvöld komu að Klofa strákur og stelpa og báðu gistingar. Torfa leizt illa á þau, en af því hann var aldrei vanur að úthýsa nokkrum manni vísaði hann þeim í gestahús, gekk út og lét aftur, stóð svo á hleri og heyrði tal þeirra. Varð hann þess vís að þetta voru sendingar gjörðar út til að eyða fólkinu af Íslandi. Höfðu þau um kvöldið áður beðið gistingar tvo mestu höfðingja landsins og verið úthýst, því þeim leizt illa á þau, og hefði hinn þriðji (Torfi) úthýst þeim var úti um erindi þeirra. [...] er önnur saga, og mun það réttara að Torfi gjörði sér búð í Búðarhálsi og var þar meðan plágan gekk yfir. Sýndist þá sífellt mistur eða þoka vera yfir byggðinni, en þegar henni létti af sendi Torfi tvo menn fram að Klofa að forvitnast um hvurnig ástatt væri í byggð (Jón Árnason, 1954-61: IV, 197-98).¹⁸

Í þessari sögn er parið ennþá til staðar og þarf einnig að bjóða þeim inn eins og er í fyrri sögninni en hér bætist við þokan. Ljóst er að um alþjóðlega flökkusögn er að ræða. En hve mikil sagnfræði er í sögninni? Til að geta gert sér grein fyrir þessu mistri sem er nefnt í sögnunum þá er best að líta á ritverk séra Jóns Steingrímssonar um eldgosíð í Lakagígum. Jafnframt því verður litið á persónuleika Jóns eins og hann kemur fram í *Eldritinu*.

Séra Jón Steingrímsson (1728-1791) var prestur að Prestbakka á Síðu í V. Skaftafellssýslu. Ævisaga hans var prentuð 1973 ásamt ritgerðum eftir hann. Í *Eldritinu* eru dagbókarfærslur um eldgosíð í Lakagígum 1783. Hann segist sjálfur rita það sem hann hafi séð og heyrt frá sannsöglum mönnum. Það er hinsvegar auðséð að Jón hefur mikla trúarsannfæringu sem kemur fram í ritgerðinni og hefur hann trúað því statt og stöðugt að eldgosíð væri refsing guðs fyrir syndir mannanna (Jón Steingrímsson, 1973: 342-43). Því til viðbótar er hann einnig sannfærður um að Guð hafi látið sannkristna menn sleppa undan eldgosinu (*Ibid*: 349). En Terry Gunnell (2000: 398-99) minnst

¹⁷ Heimildarmanns ekki getið. Sögnin er komin úr forum Jóns Norðmanns.

¹⁸ Sögumaður: Hannes Hannesson, vinnumaður í Klofa í Landsveit, Rang., oft nefndur sögu-Hannes.

einmitt á það í grein sinni „Galdramenn, gufa og útigangsbörn“ að sagnir um svartadauða virðist láta trúrækna sleppa undan svartadauða.¹⁹ Jón er alltíðrætt um svartan, blásvartan mökk eða þoku sem fylgdi og sést það minni einnig í mörgum íslenskum sem erlendum sögnum um svartadauða. Terry Gunnell segir þetta minni vera einnig til í dönskum sögnum sem svart eða bláleitt ský á himni eða jörðu og telur að hér sé um að ræða lærðar útskýringar um pláguna á miðöldum a.m.k. í dönskum heimildum (*Ibid*: 402).

Í stuttu máli er hægt að segja að sagnirnar séu sagnfræðilegar, að því leiti að þær fjalla um raunverulega atburði en hér virðast þær ekki fjalla um svarta dauða, heldur atburði um nýlega „plágu“, nefnilega eldgosið í Lakagígum 1783 sem var ennþá í manna minnum (a.m.k. óbeint) þegar þjóðsögum var fyrst safnað. Jafnframt endurspeglar sagnirnar þann hörmungartíma sem eftir fylgdi og er jafna nefndur „móðuharðindin“ eins og Terry Gunnell hefur réttilega bent á (2000: 395-405).

Hallfreður Örn Eiríksson (1970) fjallar m.a. um gildi seinni tíma sagna sem sagnfræðilegra heimilda um fornmenn, og segir að engar seinni tíma sagnir af fornmönnum hafi sjálfstætt gildi, þar sem þær bæti engu við það sem ritað hafi verið. Timothy Tangherlini (1988) skoðar einnig gildi sagna en er ekki jafn skeptískur og Hallfreður þar sem hann telur að sagnir um svartadauða fjalli raunverulega um komu Svartadauða 1402. Terry Gunnell (2000: 395-407) hefur einnig skoðað sagnir um Svartadauða og efast stórlega um heimildagildi þessara sagna. Hann hefur sýnt fram á það að margar sagnir um svartadauða segi í raun og veru meira um ástand mála á átjándu öld, þegar hörmungar móðuharðindanna gengu yfir (eins og bent var á að ofan). En meðal atriða sem hann bendir á er sögnin „Galdramennirnir í Vestmannaeyjum“,²⁰ sem segir frá 18 galdramönnum sem fela sig fyrir svartadauða í Vestmannaeyjum og magna draug á móti leitarmanni, sem þeir höfðu sent ef hann kæmi ekki til baka innan tiltekins tíma. En leitarmaður hafði á ferð sinni hitt stúlku og orðið ástfanginn en það er svo stúlkan sem snýr á sendingu galdramannanna og kemur henni fyrir í sauðalegg (Jón Árnason, 1954-61: I, 308-10). Þetta minni hér með sendinguna í sauðaleggnum er vel þekkt sem MI D2177.1 (Demon Enclosed in Bottle) sem meðal annars kemur

¹⁹ Terry Gunnell segir að hús séu vernduð með kertaljósi, sérstakri grasategund og bænalestri (Gunnell, 2000: 399). Kertaljósið og bænalesturinn má auðveldlega tengja trú en grasategundin tengist frekar hjátrú.

²⁰ Sagnamaður: Magnús Grímsson, prestur og þjóðsagnasafnandi „Eftir sögn skólapilta að austan 1845.“

fyrir í sögninni „Eyjaselsmóri“²¹ (Huld I, 1935: 137-44). Gunnell (2000: 404-5) bendir réttilega á það, að það hafi engin galdramannahefð verið í Vestmannaeyjum. Enda má benda á það, að Jón Steingrímsson (1973: 378) segir eftirfarandi „í Vestmannaeyjum, þar grandaði ei pestin nokkurri skepnu.“ Þegar litið er á það, að engin galdramannahefð hafi verið í Vestmannaeyjum og sögnin inniheldur einnig vel þekkt minni, er stór ástæða til að efast um sannleiksgildi sagnarinnar. Ég tel sterkar líkur á að sögnin „Galdramennirnir í Vestmannaeyjum“ sé ekkert annað en skýringasögn um það af hverju allir í Vestmannaeyjum komust heilir og höldnu frá gosinu í Lakagígum.

II.4 Sagnir sem heimildir um persónur

Ég hef nú fjallað um heimildir sagna um atburði og bent á að þær þurfa ekki að fjalla um þann tíma sem þær eiga að gerast á. Heldur fjalli þær oft en ekki um tíma sem er nær sögumanninum sjálfum. Er því réttast að líta næst á heimildagildi sagna sem fjalla um persónur. Skal hér vera litið á sem dæmi einn af frægari mönnum þjóðsagnanna sem fór afvega við lög og reglur samfélagsins og var nefndur Axlar Björn, sem á að hafa verið á lífi frá um 1550 til 1596. Svo segir ein af fjölmörgum sögnum:

Miðvikudaginn í páskavíku sama árið komu systkin tvö að Öxl; hlákuveður var og orðið framorðið; beiddust þau gistingar og var það fúslega veitt. Voru dregin af þeim vosklæði og fengin önnur föt þurr. Síðan var þeim borinn matur. Kerling sat þar í baðstofunni og svæfði barn; sagt er að hún hafi viljað vara systkinin við hættu þeirri sem yfir þeim vofði og raulaði fyrir munni sér gamla vísu í hvert sinn sem kona Bjarnar fór fram. Vísan er svo og þó höfð á ýmsa leið:

Gisti enginn hjá Gunnbirni
sem klæðin hefur góð;
ekur hann þeim í Ígultjörn.
rennur blóð
eftir slóð
og dilla ég þér jóð.

Þegar þau systkin voru búin að borða fór stúlkan fram. En litlu síðar heyrði bróðir hennar hljóð og varð honum bilt við. Hleypur hann þá út og inn í fjárhús. Björn kom þegar á eftir; hleypur pilturinn þá upp í garðann og þaðan inn í heytóft sem var áföst við húsið og komst þar út því torfið var þítt. Björn kom enn á

²¹ Sagnamaður Stefán Árnason Scheving (1819-1905) bóndi og hreppstjóri í Gagnstöð í Hjaltastaða-þinghá, N. -Múl.

hæla honum en missti sjónar á honum í myrkrinu²² (Jón Árnason, 1954-61: II, 118-19.)²³

Samkvæmt þeim sögnum sem til eru um Axlar-Björn mun hann hafa framið allt frá 14 til 18 morðum en einungis hafa viðurkennt níu þeirra og á kona hans að hafa verið meðsek í nokkrum morðanna (*Annálar 1400-1800*, 1940-48: IV, 73-74). Samkvæmt sögninni hér að ofan og einnig *Setbergsannál*²⁴ lítur út fyrir að Axlar-Björn hafi drepið hvern þann sem að bænum kom, hvort sem börn eða fullorðna hafi verið að ræða (*Annálar 1400-1800*, 1940-48: IV, 73). Þessar heimildir er því sammála um að gera Axlar-Björn að nokkurskonar frummynd illskunnar. Í óbirtri B.A. ritgerð sinni kemur Kristín Birna Kristjánsdóttir (2006: 45) svo að orði, „að menn hafa haft tilhneigingu til að gera hann eins ægilegan og dýrslegan og mögulegt var.“ Spurning er þá hve mikið er satt, þegar ljóst er að þjóðsagan hefur lifað í munnlegri geymd í hartnær 150 ár. Til að skoða það þarf að líta á þær sagnfræðilegu heimildir sem til eru.

Í *Annálum 1400-1800* kemur mál Axlar-Björns í tvígang fyrir. Í fyrra skiptið birtist hann í *Skarðsannál*²⁵ (1636-40) þar sem segir:

Urðu uppvís morðverk Björns í Öxl vestur. Hann hafði drepið og myrt 9 menn, sem hann meðkenndi sjálfur, suma til fjár en hina aðra fátæka drap hann þá, sem í nánd voru, þegar hann myrti aðra til fjárins, en þegar honum varð aflskortur, þá veitti kona hans honum lið. Hún brá snæri um háls þeim, og rotaði með sleggju; þessa dauða gróf hann í heygardi og fjósi, og fundust fleiri manna bein en hann meðgekk, að drepið hefði, og kvaðst hafa fundið þá dauða, og nennt ekki til kirkju að hafa. Hann var dæmdur á Laugarbrekkubíngi. Var fyrst limamarinn með sleggjum og síðan afhöfðaður, og svo í sundur stykkjaður og festur upp á stengur. Jón Jónsson lögmaður var yfirdómari (*Annálar 1400-1800*, 1940-48: I, 180).

Sögninni hér að framan fer saman við *Skarðsannál* hvað varðar grimmd Axlar-Björns. Þegar kemur að áður nefndum *Setbergsannál* þá ber honum saman við *Skarðsannál* hvað varðar ártal, fjölda myrtra, aftökuna, aftökustaðinn og nafn yfirdómara. Hinsvegar er í *Setbergsannál* áður nefnd frásögn um konu með tvö börn sem Axlar-Björn náði en konan slapp undan Axlar-Birni. Þessi sögn er örlítið frábrugðin sögninni hér að framan hjá Jóni Árnasyni. Munurinn er að

²² Sagnamaður: séra Sveinn Nielsson (1801-1881), skrifað eftir „gömlum manni og greindum, innlendum“ o.fl.

²³ Samskonar sögn og vísuþartur er í safni Sigfúsar Sigfússonar undir nafninu „Ígultjörn“ (Sigfús Sigfússon, 1982-1993: VI, 120-22).

²⁴ *Setbergsannál* er ritaður af Gísla Þorkelssyni (1676-1725) um 1710-20. Hann bjó á Setbergi við Hafnarfjörð.

²⁵ Tekinn saman af Birni Jónssyni (1574-1655) lögmanni eftir 1630 og hreinskrifaður 1639 (*Annálar 1400-1900*: I, 28-45).

þar er það ekkja með börn sín þrjú sem leitar skjóls hjá Axlar-Birni. Nær Axlar-Björn börnunum en ekkjan sleppur (*Annálar 1400-1800*, 1940-48: IV, 73). Einnig segir höfundur *Setbergsannáls* frá mismunandi fjölda manna sem Axla-Björn á að hafa myrt.

Þegar hér er komið er spurningin sú hvenær voru þessi annálar ritaðir og hversu góðar heimildir teljast þeir vera? Til að svara þessum spurningum skal lítið á formála þeirra manna sem komu þeim á prent. *Setbergsannáll* er skrifaður um 1710-20 og um hann segir m.a. Jón Jóhannesson í sínum formála: „Hefur Gísli verið auðtrúa mjög og lítt gagnrýninn, ónákvæmur og stundum ekki farið alls kostar nógu ráðvandlega með heimildir. [...] Sumt af því er eflaust munnmæli eða þjóðsögur.“ Tekur Jón það fram að Gísli Þorkelsson hafi verið lítt sem ekkert menntaður og hafi ekki þjónað neinum embættum. Varar Jón sterklega við notkun *Setbergsannáls* sem heimildar og má skilja Jón svo að hann hefði helst viljað láta útgáfu hans fara lönd og leið (*Annálar 1400-1800*, 1940-48: IV, 1-22). Er þá komið að *Skarðsannál* sem er ritaður 1636-40. Hann hlýtur mun betri dóm hjá Hannesi Þorsteinssyni, en í formála *Skarðsannáls* er m.a. tekið fram „Mun annáll hans [Björns Jónssonar] mest byggður á munnlegri frásögn fróðra manna, auk bréfa og gerninga, er Björn hefur haft í höndum, eflaust að sumu leiti að láni frá biskupsstólnum.“ Auk þess er tekið fram að Björn hafi verið vel menntaður, starfað sem lögréttumaður og ritari Þorláks biskups Skúlasonar á Hólum (*Annálar 1400-1800*, 1940-48: I, 28-45). Af þessu má augljóslega sjá að *Skarðsannáll* telst vera mun áreiðanlegri heimild heldur en *Setbergsannáll*.

Er þar með talið upp það sem er í annálunum. Ljóst er að annálarnir tengjast oft beint þjóðsagnahefð íslendinga. Næst skal lítið á hvað hægt er að finna um Axlar-Björn í *Alþingisbókunum*. Um málsmeðferð Axlar-Björns Péturssonar og dómsorð er ekkert að finna í *Alþingisbókum Íslands*. Hinsvegar er til samtíma umfjöllun um Þórdísi Ólafsdóttur, eiginkonu Axlar-Björns:

Anno 1596. Domur aff allre Logrettunne vm konu Manndrapa-Biorns. Beiddist Kastian Boch²⁶ doms og rada vm þa konu Þordijse Olafsdotter er att haffde Biorn Pietursson. Vegna þeirra fäheyrdu morda sem same Biorn hafde medkiendst. Dæmdist aff allri Logriettunne. J fyrstu hafdi þesse madur Biorn riettadur verid. Effter logmale. Virdtist þeim rettast ad Kastian nefnde til xij skinsama menn og raduanda. Halfpart konur og kalla. Það fyrsta hann kiemur heim j sueit. Huorier að sueria skylldu huort þeim lijkliga þætte. Og gange sijdan effter dome godra manna

²⁶ Kastian Boch mun líklega hafa verið kaupmaður á Stapa og hafi honum verið fengin Þórdís til gæslu (Bogi Benediktsson, 1905-08: III, 81).

og sie riett tekin til fanga (*Alþingisbækur Íslands*, 1912-90: III, 64).²⁷

Hér kemur einungis fram að Axlar-Björn Pétursson hafi framið morð og það fleiri en eitt þar sem hann er nefndur „manndrápa Björn“ og að hann hafi verið tekinn af lífi, en um fjölda morða er ekkert sagt. Um Þórdísi er það að segja að hér er henni skipaður kviðdómur til að skoða mál hennar. Árið eftir kemur mál Þórdísar aftur fyrir í *Alþingisbókunum* og þá er leitast til að umboðsmaður konungs í Snæfellsnessýslu skildi kanna hvort hægt væri að ákæra hana eður ei og skildi málið koma fyrir næsta leiðarþing (*Alþingisbækur Íslands*, 1912-90: III, 101). Það virðist vera sem réttmætur efi hafi verið á hlutdeild hennar í málum Björns, því ef hún hefði verið sek þá væri ólíklegt að svona hafi verið tekið til orða. Þessu til viðbótar er ekkert meira um hana að finna í *Alþingisbókunum* og mætti ætla að hún hafi sloppið við dóm. Ætla má þó að Axlar-Björn hafi verið tekinn af lífi 1596 þar sem tekið er fram í dóminum yfir Þórdísi (hér að framan) að hann hafi verið „riettadur verid. Effter logmale“ (*Alþingisbækur Íslands*, 1912-90: III, 64). Erfitt er að efast um aftökustaðinn þar sem hann kemur fyrir í nokkrum heimildum. Ljóst er að Jón Jónsson²⁸ yfirdómari sem er nefndur í *Annálunum* er eflaust sá hinn sami sem er fyrir Kjalarnesþing 1596 þegar mál Þórdísar Ólafsdóttur var tekið fyrir.

Niðurstaða þessarar yfirferðar er sú að sögnin um Axlar-Björn í Íslenskum *þjóðsögum og ævintýrum* inniheldur töluvert af atriðum sem eru samsinnis *Setbergsannál* og *Skarðsannál* en finnast ekki í *Alþingisbókunum* sem gefur í skyn að höfundar þessara annála hafi bætt við þá munnlegum frásögnum. Einnig inniheldur *Setbergsannáll* sögn sem er til staðfestingar um að atburðurinn hafi átt sér stað en sú sögn er mjög lík þeirri sem er í safni Jóns Árnasonar og ber því að taka hana varlega. Svo má sjá af framangreindum orðun Jóns Jóhannessonar í formála hans að *Setbergsannáll* sé sérlega varhugaverður og teljist hann vafasöm heimild. Til að glöggva okkur á þessum þversögnum skulum við líta á hvað Brynjulf Alver segir um þetta:

The “truth” of historical legends is not identical with the “truth” of legal documents an history books, and official documents themselves are not necessarily “objective” reports (Alver, 1989: 149).

²⁷ Allvíða í *Alþingisbókunum* eru neðanmálgreinar, sem útskýra mismunandi orðalag milli handrita. Þessum neðanmálgreinum er sleppt í þessari ritgerð og er farið eftir þeim texta sem er prentaður í *Alþingisbókunum*.

²⁸ Jón Jónsson (1536-1606) lögmaður víða, en hélt síðast Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu til 1606 (Bogi Benediktsson, 1905-08: III, 81).

Af þessu má skilja að það sé ógerningur að bera þetta alfarið saman en það virðist vera sem þjóðsögnin um Axlar-Björn sé a.m.k. samsett eftir annálunum, sem eru oft sjálfir byggðir á munnmælum. Þar með sé ekkert hægt að segja hvað sé satt og rétt um ævi Axlar-Bjarnar, nema að því leyti að hann var til og hafi verið dæmdur fyrir manndráp. Því er það niðurstaða mín að sagnir um Axlar-Björn segi meira um viðhorf manna til glæpsins og útilegumanns heldur en um ævi Axlar-Bjarnar. Það er hamrað á mannvonsku, ómennsku og grimmd Axlar-Björns í nærri öllum heimildum. Myndast hefur greinileg hræðsla við menn eins og hann. Þar af leiðandi má segja að ímynd hans hafi orðið með tíma nokkurskonar grýla til að varna mönnum þess að feta í spor Axlar-Björns.

II.5 Sagnir sem heimildir um viðhorf

Hér að framan var rætt um heimildargildi sagna um atburði og persónur og skal nú litið á heimildagildi sagna um viðhorf manna, til dæmis til menntunar og atburða. Hér áður fyrr virðist vera sem almenningur hafi talið að ekki hafi guðsorðið eitt verið numið þegar ungir menn voru sendir í prestsnám í þeim tveim skólum hér á landi sem tóku nemendur til náms þ.e.a.s. Skálholtsskóla og Hólaskóla (sjá t.d. sögnina um Galdra Loft). Þegar þessir ungu menn svo útskrifuðust sem prestar voru þeir á stundum taldir rammgöldróttir og má oft sjá þessa skoðun almennings í þjóðsagnasöfnum. Eitt dæmi er sögnin „Kerlingin“,²⁹ sem er um séra Vigfús Benediktsson (1731-1822), í safni Sigfúsar Sigfússonar.

Vigfús hét son séra Benedikts er margar sagnir gengu síðar frá og hér verður af sagt. Hann lærði til prests í Skálholtsskóla. Þar var þá ýmislegt upp skrifað af hjátrú, rúnum og margslags forneskju og nösuðu flestir skólapiltar meira og minna í því; hefir og svo verið allt fram undir 1800. Vigfús færði sér það í nyt og var síðan álitinn all-kuklfróður. Fengu menn þar mikið álit á honum. Leituðu og ýmsir hjálpar hans er sér voru ónógir. Reyndist hann jafnan vel þeim er þurftu (Sigfús Sigfússon, 1982-93: V, 309).

Hér sést vel þessi tiltrú almennings um þessa menntun sem skólapiltar hafi fengið í Skálholtsskóla³⁰ og var ekkert minna álit haft á Hólaskóla þótt hann sé ekki nefndur á nafn í þessu dæmi. En einnig eru til sagnir um að prestar hafi farið í Svartaskóla og má þar nefna sögnina „Svartiskóli“ þar sem Sæmundur

²⁹ Sagnamaður séra Einar Jónsson (1853-1931), prestur og ættfræðingur á Hofi í Vopnafirði.

³⁰ Sigríður Þorgeirsdóttir fjallar ítarlega um Skálholtsskóla í óbirtri BA ritgerð sinni „Sækir að mér sveinaval: Siðir og reglur skólapilta í Skálholti“ 2003.

fróði og fleiri eru nefndir til sögunnar sem nemendur í þeim skóla (Jón Árnason, 1954-61: I, 475). En hver var raunveruleiki þessara „sögulegu“ sagna? Til að skoða þann raunveruleika er best að skoða menntun presta og brottrekstur úr Skálholtsskóla.

Menntun verðandi presta mun hafa verið ansi gloppótt á 17. og 18. öld því einvörðungu þrír fjórðu starfandi presta hafði einhverja menntun frá skólunum og einungis 10% hafi haft guðfræðiþróf uppá vasann (Loftur Guðmundsson, 1998: 149). Stór og góð prestsbrauð voru fátíð en sultarbrauðin hafa verið mörg. Hafi margur presturinn þá verið í sömu stöðu og meðal bóndi (*Ibid*). Því voru góð ráð dýr og ekki verra að geta beitt fyrir sig latneskum bænum og jurtaseiðum til að áskotnast virðingu og vald yfir fólkinu. Loftur Guðmundsson (1998: 155) vill meina að margur sóknarpresturinn hafi beinlínis viðhaldið og styrkt hina þjóðlegu galdrahefð í andstöðu við rétttrúnaðinn og þau markmið hans að uppræta hindurviti og hjátrú. Þetta er kannski fullmikil staðhæfing hjá Lofti Guðmundssyni og er ég ekki svo viss um að menn hafi vísvitandi viðhaldið galdrahefð. Heldur hafi þeir kannski verið að reyna að gera gagn í samfélaginu með því að nota lækningar og bænir sem almenningur skildi ekkert í og rangtúlkaði sem galdur.

Þegar kemur að brottrekstrum úr prestaskólum fyrir óleyfilega kunnáttu og lærdóm þá eru frásagnir í *Annálum 1400-1800* og *Árbókum Espólíns* (4-5 bls. 137) um slíkan brottrekstur. Besti og gleggsti samtíma vitnisburður um slíka atburði er í bókinni *Úr bréfabókum Brynjólfs biskups Sveinssonar*, en Brynjólfur þjónaði í Skálholti á árunum 1639-1674. Fyrsta málið er frá árinu 1657 þegar Árna Ketilssyni úr Austfjörðum, er vikið úr skóla vegna óleyfilegrar kunnáttu. Árið 1664 fannst sundurtætt galdrakver í Skálholti og voru skólapiltarnir Einar Guðmundson frá Straumfirði, Oddur Árnason frá Þorlákshöfn og Bjarni Bjarnason frá Hvestu í Önundarfirði, yfirheyrðir.³¹ Einar og Bjarni voru reknir, en Oddur Árnason síðar prestur á Kálfatjörn slapp frá málinu (Brynjólfur Sveinsson, 1942: 107, 166-174). Af þessum málum má sjá að það hefur ekki verið einstætt að menn væru reknir fyrir óleyfilega kunnáttu í Skálholtsskóla og getur verið að sagnirnar séu að nokkru byggðar á þessum atburðum. Hvort um fleiri tilvik er um að ræða er ekki hægt að segja neitt um að svo stöddu, þar sem einungis lítið brot af

³¹ Bjarni Bjarnason viðurkenndi að hafa skrifað nokkuð af kverinu í Kálfeyrarveiðistöð og þá farið eftir kveri Erlings Ketilssonar á Þórustöðum í Önundarfirði (Davíð Ólafsson, 1940-43: 64-65). Sigríður Þorgeirsdóttir fjallar um Skálholt og galdramálin þar í óbirtri BA. ritgerð sinni, „Sækir að mér sveinaval“ (2003).

bréfum Brynjólfs biskups Sveinssonar hafa komið á prent. *Árbækur Espólíns*³² segja að þrettán skólasveinar hafi orðið uppvísir að galdrakukli og verið reknir 1651 (Jón Espólín, 1947: VI, 137). En það skal haft í huga að heimild Jóns Espólíns (1825-1853) eru biskupasögur Jóns prófasts Haldórssonar (1665-1736) í Hítardal og er sú frásögn sem þar er ærið skrautleg og guðræknileg. Ber hún keim af guðsótta og hræðslu um að Satan sjálfur sé kominn til að spilla saklausum skólapiltum en þar segir svo:

Hvað ráðgóður og þrautgóður M. Brynjólfur var í stórum viðlögum, auglýsti hann á þeim 13 Skálholtsskólapersónum, sem anno 1650 urðu opinberar að galdrastafameðferð, [...] hvert óvinarins illgresi hafði dreifst af Vestfjörðum inn á það herrans hveitisáðland. [...] Tók hann því flesta af þeim til skólans aptur ári síðar. Urðu síðan margir frjósamar kornstengur í kristinnar akri (Biskupasögur, 1903-15: I, 271).

Af þessu tel ég augljóst að frásögn Jóns Espólíns teljist vera varasöm heimild þar sem hún er byggð á frásögn sem ber á sér það yfirbragð að vera dæmisaga (sjá skilgreiningu D. í kafla II.0). Skal því næst vera litið á yfirmann skólapilta, nefnilega Brynjólf biskup Sveinsson til að sjá tengsl milli hans og galdrakunnáttu skólasveina í Skálholti.

Málið er einnig rætt í grein Helga Þorlákssonar (2006: 227-46) um Brynjólf biskup og þar fer Helgi ítarlega ofan í tengsl Brynjólfs biskups við galdra og galdrámál. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að Brynjólfur biskup hafi verið fremur mildur og varkár í embætti sínu gagnvart galdri og ekki verið kappsmál að refsa þeim nemendum sem urðu uppvísir að afritunum á galdrabókum. Virðist sem Brynjólfur hafi ekki trúað á galdur en verið þess trúaðri á góða og slæma anda (*Ibid*, 230). Ef þessi viðhorf Brynjólfs hafa verið sveitungum hans kunn þá er a.m.k. ekki ósennilegt að almenningur í Skálholtssókn og nágrenni hafi talið skólagengna menn komast upp með kukl og galdur. Í þessu sambandi má minnast á að seinni tíma sagnir voru af því að í Skálholti væri sjálf Gráskinna geymd og Rauðskinna í Hólaskóla. Í sögninni „Gráskinna“ til dæmis er svo sagt:

Karl var jarðaður í Skálholti og heimtaði af biskupi að fá bókina og kvíguna í gröf með sér, því að ella mundi verr fara. Löngu seinna vakti Eiríkur Magnússon og félagar hans karl upp, náðu af bókinni framanverðri nokkrum hluta og sömdu eftir þeim blöðum fjölkynngisbók þá, er Gráskinna er nefnd og lengi lá á skólahúsbordí í Skálholti (Sigurður Nordal, 1980: II, 172).

³² Jón Espólín (1769-1836) ritaði *Árbækur* sínar um 1808-1830.

Eins og fram kemur í þessari sögn og einnig í sögninni „Galdrabókin í Skálholtskirkju“ sem er hjá Ólafi Davíðssyni (1987: II, 180), þá var Gráskinna geymd í Skálholti. En er einhver fótur fyrir þessari tiltrú samfélagsins? Til að svara þeirri spurningu verður að skoða bókaskrá Brynjólfs biskups Sveinssonar. Jón Helgason (1899-1986) prófessor skrifaði ritgerð um bókasafn Brynjólfs 1948 sem birtist í *Afmælikveðja til Halldórs Hermannssonar 6. janúar 1948*. Þar í yfirlitsskrá yfir bækur í Octavo stendur svo „104. 105. 106. Cornelii Agrippæ opera, tomis tribus“ (Jón Helgason, 1948: 63). Hvaða verk er þetta og hversvegna stoppa ég við það?

Ástæða þess að þetta nafn vekur athygli mína er það, að ég kannast við verk Agrippa og tel ástæðu að líta nánar á þetta verk í tengslum við Gráskinnu. Agrippa hét fullu nafni Heinrich Cornelius Agrippa Von Nettesheim (1486-1535) og var vel menntaður m.a. úr háskólanum í París í Frakklandi. Agrippa gaf út bókina *Occult Philosophy or Magic* 1509-29 sem var í þremur bindum. Bókin var einnig prentuð sem Latin Opera í Lyons 1533. Þetta verk var síðast endurútféið 1995 í enskri þýðingu undir nafninu *Three Books Of Occult Philosophy*. Upphaflega var verkið mjög umdeilt og reyndu margir að kæra Agrippa fyrir galdur fyrir og eftir útgáfu bókarinnar (Tyson, 1995: xv-xlii). En hvert er innihald bókarinnar? Í stuttu máli er bókin sneisa full af allrahanda hjátrú, lækningum, kabbala og stjörnufræðum svo fátt eitt sé talið. Af innihaldi bókarinnar tel ég næsta öruggt að hér sé á ferðinni bók sú sem nefnd er „Cornelii Agrippæ opera, tomis tribus“ (þ.e.a.s. í 3 bindum) í bókaskrá Brynjólfs biskups og ef til vill er þetta fræga verkið sem þjóðsagan nefnir „Gráskinnu“.

Eins og sjá má af ofangreindum heimildum þá sést glöggt að þjóðsögurnar hafa haft nokkuð til síns máls um galdrakunnáttu prestanna. Tel ég því þjóðsagnirnar vera nokkuð góðar heimildir a.m.k. varðandi viðhorf almennings til lærdóms, latínu og prestastéttarinnar hér á landi á tíma söfnunar. Ástæða þess að prestarnir hafi víða verið viðriðnir og ýtt undir almenningsálitið að þeir væru göldróttir, geti stafað af tvennu: fyrst að þeir hafi viljað koma þeim sjálfum ofar í mannvirðingastiga samfélagsins sem þeir bjuggu í, því ella stæðu þeir jafnfætis meðalbændum að virðingu. Önnur og líklegri ástæða er einfaldlega sú að hér endurspeglar fáfræði og vankunnátta almennings gagnvart menntun og kunnáttu prestanna. Þar af leiðandi hafi verið auðveldara fyrir prestinn að koma sínum málum áfram í samfélaginu.

III.0 Austfirðir, umhverfi og saga

Hér í þessum kafla verður farið yfir umhverfi og sögu austfjarða til þess að gera sér grein því umhverfi og sögu samfélagsins sem ætlaðir galdramenn bjuggu við. Ætla má að umhverfi og saga hafi af einhverju leiti mótað og búið til þær persónur sem síðar urðu þekktir galdramenn en jafnframt hefur það einnig gefið af sér þá sagnamenn sem sögðu sögur og sagnir.

Múlasýslur eru gríðarstórt landflæmi sem nær alt frá Langanesi í norðri og að eystra Horni í suðri. Múlasýslum er skipt í norður og suður sýslu eftir Lagarfljóti, sem er jafnframt frjósamasti hluti þessa svæðis og er jafnan nefnt Hérað eða Fljótsdalshérað og nær það frá Egilsstöðum til Vatnajökuls í suðri. Eggert Ólafsson (1975: II, 83) tekur fram að birkiskógar séu svo góðir í Múlasýslum að þar fáist viður í húsagerð og er þar enn í dag mikil skógræktarsvæði. Landgæði eru þó ekki mikil ef frá er talið Fljótsdalshérað. Helsti skaðvaldur þar í sýslu er eldfjallið Katla en Kötlugos hafa valdið miklum búsifjum á landi og búfénaði en hún gaus m.a 1755 (Eggert Ólafsson, 1975: II, 88-94).³³ Við ströndina eru nokkrir þéttbýlis kjarnar og má þar telja Bakkafjörð, Seyðisfjörð, Neskaupstað, Eskifjörð, Reyðarfjörð, Búðir og Djúpavog. Milli þessara staða, varð og verður að ferðast um fjallveg.

Vegagerð hófst almennt ekki fyrr en eftir 1930 og voru vegir allvíða fremur frumstæðir framundir 1974 þegar framkvæmdum við hringveginn var lokið (Ingimar Sveinsson, 1989: 169-76). Fjallvegir voru á milli allra fjarða og það er einungis á milli Neskaupstaðar og Eskifjarðar þar sem fjallaleiðin var stytt með jarðgöngum 1977. Það má því búast við að sjóleiðin hafi oftast verið stysta leiðin á milli fjarðabyggða þegar vetur gekk í garð og fjallaleiðir voru orðnar ófærar. Sú leið var þó ekki fær meðfram öllum Austfjörðum því vegna strauma var m.a. ófært austur fyrir Norðfjarðahorn þó að fært var norður að Langanesi og þá meðfram landi (Ögmundur Helgason, 2006:33). Þetta hefur leitt það af sér að menn hafa kosið að fara landleiðina milli fjarða og var það ekki óalgengt að menn yrðu úti á þessum leiðum (*Ibid*, 21-33). Þar af leiðandi hafi margar byggðirnar orðið einangraðar yfir harðasta veturinn.

III.1 Ferðamál

Helstu leiðir milli landshluta frá Múlasýslum voru til norðurs til Húsavíkur og Akureyrar. Frá Akureyri var svo farið yfir Kjöl eða póstleiðina suður yfir

³³ Talið er að Katla hafi gosið að minnsta kosti 20 sinnum síðan Ísland byggðist. Tíminn sem liðið hefur milli gosa er allt frá 13 árum og upp í um 80 ár. Katla gaus m.a. 1755, en síðasta stóra Kötlugos var árið 1918., www.visindavefurin.is

lágheiðarnar frá botni Eyjafjarðar til Borgarfjarðardala. Lítil samskipti voru að sunnan þótt vafalaust hafi embættismenn og tilskipanir frá landsstjórninni stundum komið þaðan. Svo virðist vera að ekki hafi heldur verið mikil samskipti vermannanna á Austfjörðum til annarra landshluta ef marka má Lúðvík Kristjánsson (1980-86: II, 385). Á milli Skaftfellinga sem bjuggu sunnan Stapahéiðar og Djúpavogs voru þó samskipti fyrir tilstuðlan verslunarinnar á Djúpavogi fram til 1814 í það minnsta (Ingimar Sveinsson, 1989: 65), en verið getur að sú leið hafi lagst af þegar verslunin á Höfn í Hornafirði hóf sinn rekstur 1861 og er ekki að sjá að sú leið hafi verið fjölfarin eftir það fyrr en vegalagning hófst eftir 1920 og vegur var lagður um Almannaskarð (1946) og Vattarnesskriður (1968), sem voru miklar hindranir (Arnþór Gunnarsson, 2000: 338). Til er einnig leið suður til Rangárvallasýslu í gegnum Ódáðahraun og norðan við Vatnajökul er kallaðist Biskupsleið og var aflögð fyrir 1727 (*Austurland*, 1958: V, 263-64). Hún er og var talin afburða erfið slóð að fara og ekki fær nema færustu mönnum. Þessi leið fannst svo ekki aftur fyrr en 1794, þegar Pétur „jökull“ Pétursson (1828-1892) fann hana aftur, en viðurnefnið „jökull“ fékk hann fyrir afrekið.

Aðrar samgönguleiðir³⁴ voru ferðir erlendra fiskiskipa til og frá landinu og sérstaklega til austfjarða. Þar var helst á ferðinni þýskar, franskar, enskar, norskar, danskar og færeyskar skútur.³⁵ Auk þess að ferðast voru þeir að veiðum og voru Færeyingar og Norðmenn nokkuð stórtækir í veiðum sínum (Ögmundur Helgason, 2006: 218-254). Þessir sjómenn skildu oft á tíðum eftir sig afkomendur sem má sjá á þeim erlendu ættarnöfnum sem enn finnast á Austfjörðum svo sem Long, Waldorff og Klausen svo fátt eitt sé talið. Einnig voru dæmi um að hérlendar konur færu utan (*Longætt*, 1998: I, 85). Um áhrif verslunarstaðanna í Vopnafirði, Reyðarfirði og Berufirði á málfar Austfirðinga segir Eggert Ólafsson (1975: II, 130) að þau séu neikvæð og þar gæti enskra og þýskra áhrifa.

Þessi erlendu samskipti auka til mikilla muna þann möguleika að erlendar flökkusagnir hafi komist inni íslenska og ekki síst austfirska menningu. Ljóst er að töluverð samskipti milli heimamanna og hinna erlendu sjómanna hafi átt sér stað, sérstaklega þar sem hinir erlendu sjómenn tóku sér vinnukonur, hjákonur og jafnvel eiginkonur meðal heimamanna. Það liggur

³⁴ Með orðinu samgönguleiðir á ég fyrst og fremst við póstleiðir landpóstana, kaupskip staðbundinna kaupmanna og þær erlendu útgerðir sem höfðu fasta viðveru á Íslandi.

³⁵ Þýskar og hollenskar skútur voru fyrir einokunartímabilið (1602-1787) (Ingimar Sveinsson, 1989 og Einar Bragi Sigurðsson, 1977). Dönsk skip voru að sjálfsögðu mest áberandi á einokunartímanum en eftir 1787 fór að bera á norskum hvalföngurum og færeyskum fiskiskipum (*Ibid*). Um 1752-57 eru Englendingar og Hollendingar að fiskveiðum hér á Austurlandi (Eggert Ólafsson, 1975: II, 145).

Því í hlutarins eðli að þeir hafi sagt frá markverðum hlutum á heimilum sínum og þannig komið ýmsum sögnum áleiðis út í íslenskt mannlíf. Ein af ástæðum fyrir nánnum tengslum hinna erlendu sjómanna var að sögn föður míns Alberts Magnússonar (1929-1993) að innbyrðis skyldleiki milli manna hafi verið mikill inná fjörðum og því hafi hinir útlendu sjómenn bjargað þar oft miklu um. Þar af leiðandi tel ég líklegt að fyrir vikið hafi fólkið ekki verið eins á móti erlendum sjómönnum á þessum stöðum þar sem það þurfti á þeim að halda á ýmsan hátt.

III.2 Atvinnuhættir og verslun

Á þeim tíma sem galdrasagnirnar eiga að hafa gerst (1650-1890), þá er Ísland landbúnaðarsamfélag. Eggert Ólafsson (1975: II, 132) segir þó, að fólkið á Austurlandi stundi einnig sjó og selveiði við strendur, en einnig silungsveiði í vötnum með færum sem hvergi sé annarsstaðar á landinu stunduð. Því til viðbótar nefnir hann svo álfaveiðar í ágúst þegar fuglinn er í sárum (*ibid*). Á þeim tíma sem Eggert og Bjarni voru á ferð um Austurland hófst eldgos í Kötlu. Vera má að eldgosíð í Kötlu 1755 og afleiðingar þess hafi átt hug þeirra Eggerts og Bjarna allan og ýmsir þættir því goldið þess með minni umfjöllun en ella hefði orðið.

Einar Bragi Sigurðsson sem skráði ritið *Eskju: Bókin um Eskifjörð* fjallar ítarlega um verslunar og bæjarlíf á Eskifirði. Eins og hann sýnir fram á þá hafa virðist sem fiskveiðar íslendinga á Austfjörðum hafi verið litlar á 18. öld, því að í bréfi frá Jóni Sveinssyni sýslumanni þann 2. október 1783 segir svo: „að fiskveiðar hafi brugðist á Austurlandi í um það bil 30 ár“ (Einar Bragi Sigurðsson, 1977: II, 237). Á meðan mokuðu útlendingar upp fiski fyrir utar fjarðarminnin. Orsök þess að útlendingar veiddu hér nægan fisk en íslendingar fengu varla fisk úr sjó, má ef til vill sjá af álitsgerð sem var gerð 1779 en þar segir svo:

Líklega er það að nokkru náttúrunnar sök, en stafar einnig af framtaksleysi og fákunnáttu manna, sem gleggst má sjá af því að í allri Múlasýslu er ekki einn einasti bátur hæfur til sjósóknar, enginn stærri en fjögurra manna far. Hér er ekki heldur neinn nýtilegur skipasmiður, enginn glöggur sjósóknari og lítið af nothæfum rétt gerðum veiðarfærum (Einar Bragi Sigurðsson, 1971-86: II, 182-83).

Það hlýtur að hafa verið sárt að horfa uppá útlendingana moka upp aflanum fyrir utan fjörðinn á meðan ekki fékkst nema í soðið á íslensku

róðrabátunum.³⁶ Það er þó ekki að sjá sem að landsmenn hafi verið reiðir úti hina erlendu sjómenn. Heldur settu þeir reiði sína á þá menn sem höfðu verslun og þjónustu við hina erlendu fiskimenn þ.e. kaupmennina. Skal því vera lítið næst á verslunina á Austurlandi.

Verslunarstaðir voru víða á Austfjörðum á meðan Hansakaupmennirnir voru þar (á 14. og 15. öld) en eftir að einokunarverslunin komst á 1602, voru staðsettar verslanir á Vopnafirði, Reyðarfirði og á Djúpavogi til 1787, eða þar til einokuninni var aflétt (Ingimar Sveinsson, 1989: 23-27). Ekki líkaði Austfirðingum einokunar-verslunin frekar en öðrum landsmönnum og segir Ingimar Sveinsson (1989: 27) hana hafi verið eina verstu plágu, sem yfir Ísland hafi gengið. En hvernig var ástandið í raun?

Eggert Ólafsson sem ferðast um Austurland 1756-57 og segir hann fremur lítið um áhrif erlendra verslunar eða fiskveiða við Austurland en hann kvartar þó undan enskum og þýskum áhrifum (1975: II, 130). Til eru þó heimildir um samskipti kaupmanna og almennings og skal lítið á eitt dæmi: Árið 1778 kom mikið af korni til verslunarinnar á Eskifirði og var það sett uppá geymsluloft í sláturhúsinu, en sá galli var á að kaupmaður verðlagði kornið svo hátt að það seldist ekki. En þetta var ekki eina ástæðan fyrir því að kornið seldist ekki: hin ástæðan var nefnilega sú að það var skortur á kvarnsteinum í þorpunum, en verslunin seldi þá einnig á mjög háu verði. Því var komin upp víxlverkun sem Jón sýslumaður Arnórsson³⁷ (1734-1792) lagði til að yrði rofin með því að gefa kvarnsteinana. Kaupmaðurinn Grönholt³⁸ mátti þó ekki heyra á það minnst og lá því kornið rottum og Grönholt einum til gagns fram til 1780 í það minnsta. Grönholt sá þó að hann varð að hafa einhver not af korninu svo hann kom sér upp hænsna og dúfnarækt til búdrýginda, en kornið kom þar að góðum notum (Einar Bragi Sigurðsson, 1977: 175-97).³⁹ Það kemur því ekki á óvart að kaupmenn eins og Grönholt hafi ekki verið vel liðnir á Austurlandi. Þessi framkoma kaupmannsins getur verið útskýring á þeirri óvild sem endurspeglast í íslenskum galdrasögunum þar sem það taldist sjálfsagt að blekkja kaupmanninn með sjónhverfingum eins og sagnir af Jóni Þórðarsyni í Dalhúsum og Galdra-Imbu sýna (sjá kafla IV 4.1).

³⁶ Sjá umfjöllun Ögmundar Helgasonar (2006) í bókinni *Norðfjarðarsaga I: Frá upphafi byggðar til 1895*, bls. 218, 255 og s.fr.v.,

³⁷ Jón Arnórsson starfaði í 9 ár hjá Hans Wíum lögsagnara í Múlasýslu en þeim kom ekki saman og fór Jón þá á Snæfellsnes. Hann virðist hafa byrjað vel með miklum dugnaði en lauk ferli sínum í miklum skuldum og embættismissi (Bogi Benediktsson, 1905-08: III, 227-230; og Einar Bragi Sigurðsson, 1977: 175-97).

³⁸ Peder Jensen Grönholt (f. 1735) undirkaupmaður á Eskifirði 1777-1780, svo á Djúpavogi 1782-1788 (Einar Bragi Sigurðsson, 1971-1986: II, 170-282).

³⁹ Heimildir Einars Braga Sigurðssonar eru að miklu leiti *Rentukammersskjöl* í vörslu Þjóðskjalasafns.

III.3 Fólkið

Þeir sem ferðuðust um Austurland og skrifuðu ferðalýsingar eiga það sameiginlegt að hafa skrifað frekar lítið um fólkíð eins og bent var á. Það er athyglisvert að Eggert Ólafsson (1975: II, 128-33) fjallar ekkert um fólkíð í Múlasýslum en því meira um fólkíð í Skaftafellssýslu og þá sérstaklega í Örafum. Eggert (II, 128-9) getur þess þó að sjúkdómar séu algengari í Norður Múlasýslu og valdi þar fjarlægðin frá spítalanum á Hörgslandi og því langt að leita lækninga. Ferðalangurinn og trúboðinn Ebenezer Henderson kemur seinna á þessar slóðir 1814-1815 eru það eina sem hann skrifa í sínar dagbókarfærslur þegar hann er á Djúpavogi lýsingar af krystalssteinum og öðrum steinategundum (Ingimar Sveinsson, 1989: 63-69).

Það er ekki fyrr en 1857 þegar sænski ferðalangurinn Nils Ohlson-Gadde kemur á Djúpavog að eitthvað finnst ritað um austfirski fólkíð. Þar segir hann:

Íslendingar⁴⁰ [fólkíð á Djúpavogi] eru geðgóðir að eðlisfari. Þeir eru málgefnir og hláturmildir, nægjusamir og skemmtilegir Þar að auki er tal þeirra skynsamlegt og í því kemur oft fram furðu mikil kunnátta í landafræði og sögu, sem er vinsælasta lestraefni þeirra. Sín á milli eru þeir hjálpfúsir og flestir örlátir. Þeir ávarpa hver annan með blíðuorðum eins og gæska, blessaður, elskan mín eða annað þvílíkt (*Ibid*)

Næsta og jafnframt síðasta tilvitnunin um fólkíð á Austurlandi á þessum tíma er hjá Páli Vigfússyni (1851-1885) ritstjóra og bónda á Hallormsstað sem segir svo frá:

Austfirðingar hafa frá aldaöldli haft orð á sér fyrir að vera heldur spaklátir, fastheldnir á gamlar venjur, seinir til nýbreytinga, en þrautgóðir og drjúgir, þar sem þeir hafa lagzt á (*Austurland*, 1947: I, 73).

Þessi lýsing úr *Austurlandi* er ekki ósvipuð lýsingu Eggerts Ólafssonar af vestfirðingum (Eggert Ólafsson, 1975: I, 262-72). Eins og kaflinn um ferðamál sýnir hefur einangrun þessa svæðis verið nokkur. Mætti búast við að það hafi haft áhrif á sálarlíf fólks þó ég hafi ekki fundið nein gögn um það. En þrátt fyrir þessa erfiðleika er niðurstaðan því sú að helstu andstæðingar fólksins á Austurlandi hafi verið náttúran og verslunarmennirnir. Þar hafi galdranotkun a.m.k. komið að gagni í sagnahefð manna, til að snúa á

⁴⁰ Þessi færsla er skrifuð í dagbók Nils Ohlson-Gadde við komuna til Djúpavogs og þar af leiðandi eru líkur á því að hann hafi verið að lýsa heimamönnum á Djúpavogi.

kaupmenn og sýna fram á það að hægt væri að hafa betur í viðureigninni við kaupmennina.

III.4 Staðreyndir um galdur á Austfjörðum

Heimildir um galdur á Austfjörðum eru aðallega í *Alþingisbókunum* og verður hér farið ítarlega yfir þau opinberu mál sem upp komu en jafnframt lítið á upptöku sem varð um 1850 þegar séra Stefán Árnason (1787-1857) náði Hákonarstaðabók og fargaði henni.

Ólíkt Vestfjörðum fer þó ekki mikið fyrir opinberum dómsmálum í sambandi við galdra í Múlasýslum á umræddum tímum. Eins og bent var á í kafla I.1 þá eru einungis fjögur opinber mál sem komu upp í Múlasýslum. Fyrsta málið kom til kasta alþingis úr Múlaþingi árið 1681 er Einar Kollason og Snjólfur Eiríksson voru viðriðnir. 1682 er svo upplesin refsing Snjólfis Eiríkssonar sem er þó ekki tilgreind. Annað málið var 1687 þegar Ingibjörg Jónsdóttir sem er nefnd „Galdra-Imba“ í þjóðsögnum, sór eið gegn því galdraorði sem af henni fór. Þriðja málið var 1687 þegar þinglýst voru blöð úr dánarbúi Jóns Þorlákssonar bónda á Barðnesi í Norðfirði. Fjórdða málið er ásökun á hendur Jóni Þorlákssyni sýslumanni 1696 um notkun galdurs. Til viðbótar þessum opinberum málum kom upp tilvik um 1850 sem fór aldrei fyrir dómstóla og var leist innan sveitar. Þetta mál kom upp löngu eftir að hætt var að kæra og dæma menn fyrir galdur. Hér í framhaldinu verður farið yfir þessi fimm tilfelli og byrjað á máli Snjólfis Eiríkssonar 1681.

Fyrsta galdramálið í Múlasýslum kom upp 1681 eftir að galdrablöð höfðu fundist á Einari Kollasyni sem sagðist hafa fengið blaðið hjá Snjólfvi Eiríkssyni. Segir svo frá í *Alþingisbókum*:

III.2.a. Um galdrablöð úr Múlaþingi (1681).

Fram kom úr Múlaþingi héraðsdómur sýslumanns Jóns Þorlákssonar, genginn að Kolfreyjustað í Fáskrúðsfirði 9. Aprílís þessa árs, viðvíkjandi þeirri buddu með galdrablöðum og vondri fyrirsögn, er kaupmaðurinn Marteinn Níelsson hafði fundið eftir Einari Kollasyni, en Einar fyrir valdsmanninum í votta áheyrn játað, hann hefði þá buddu af Snjólfvi Eiríkssyni meðtekið. Nú af því lögþingismönnum virðist, að Snjólfur Eiríksson hafi ei sýslumannsins dómi fullnægju gert í því að sverja fyrir þá afhendingu, sem Einar Kollason upp á hann ber, þá skuli sýslumaðurinn honum til halda þann sama lýrittareid enn nú, ef getur, vinna, sem honum er í héraðsdóminum fyrir settur, um afhending og heimuglega geymslu á þessum galdrablöðum. En ef hann að lögfullu eiðinn vinnur, þá haldi velnefndur valdsmann Einari Kollasyni undir frekari alvarlega refsing en komin er, og til eftirgrenslunar, ef höfundur þessa upp götvast kynni. En ef Snjólfur Eiríksson á eiðnum fellur, þá sé honum af velnefndum

valdsmanni undir alvarlega refsing haldið, sem fyrir guði og góðri samvizku vel forsvaranlegt verða kann (*Alþingisbækur Íslands*, 1912-90: VII, 528-29).

Árið eftir (þ.e. 1682) var svo á Alþingi upp lesinn dómurinn sem gekk á Egilsstöðum 1681.

III.2b. Um refsing Snjólfss Eiríkssonar í Múlaþingi (1682).

Var upp lesið í lögréttu það sex manna dómsaðkvæði, sem valdsmaðurinn Jón Þorláksson hafði ganga látið á Egilsstöðum í Múlaþingi 25. Novembris 1681, viðvíkjandi geymslu og meðferð Snjólfss Eiríkssonar á galdrablöðum, sem og því straffi, er honum þar fyrir í sýslumannsins dómi ályktað verið hefur, hvað lögmenn og lögréttumenn að svo auglýstu fyrir sitt leyti standa láta (*Alþingisbækur Íslands*, 1912-90: VII, 566).

Eru engar athugasemdir síðar að finna í *Alþingisbókunum* um sjálfa refsinguna og er að sjá sem málið hafi verið afgreitt endanlega. Um áður nefnda menn er það að segja að Snjólfur Eiríksson (f. 1651) var bóndi í Hólshúsum 1703, Borgarfirði eystri, N. -Múl.⁴¹ Hann var þá giftur og átti afkomendur en ekkert meir er um hann vitað. Það er því augljóst að hann hefur ekki hlotið alvarlegan dóm. Um Einar Kollason er hins vegar ekkert vitað: hann fyrirfinnst ekki í manntalinu 1703 og fann ég ekkert um hann í *Ættum Austfirðinga I-IX* (Einar Jónsson, 1953-19). Þeir tveir, Snjólfur og Einar koma hvergi fyrir í sögnum svo ég hafi getað fundið og virðist það vera sameiginlegt með Strandasýslu þar sem engar sagnir eru til um þá sem voru dæmdir fyrir galdur (Brynhildur Sveinsdóttir, 2006: 90-91). Kaupmaðurinn Marteinn Níelsson⁴² sem er nefndur í dómsmálinu 1681 hét í raun Marten Nielsen (1634-1696) en íslendingarnir snéru því ætíð uppá íslenska venju. Hann var kaupmaður á Reyðarfirði 1665-1693, fyrst undir-kaupmaður og síðar á eigin vegum hann fór aftur til Danmerkur 1693 eftir andlát fyrri eiginkonu og föður síns (Einar Bragi Sigurðsson, 1971-1986: II, 124).

Næsta mál fjallar um Ingibjörgu Jónsdóttur sem jafna er nefnd „Galdra-Imba“ í þjóðsögum: Sagt er frá henni í *Alþingisbókunum*.

Um frelsiseið Ingibjargar Jónsdóttur úr Múlaþingi.

Var upp lesin erleg kynning þeirrar frómu og guðhræddu

⁴¹ *Ættir Austfirðinga* no. 5069: Snjólfur Eiríksson var á Útsveit eftir 1700. Kona og börn eru hér talin upp.

⁴² Marteinn Níelsson giftist fyrst Aðalheiði Diðriksdóttur († 1693), síðar Magdalenu Bornemann, dóttur Cosmusar Bornemanns (1637-1692) prófessors og borgarstjóra (Einar Bragi Sigurðsson, 1971-1986: II, 124-25). Ítarleg umfjöllun er um Marteinn Níelsson í grein séra Kolbeins Þorleifssonar „Hólmakirkja og Reyðarfjarðarkaupmenn 1665-1743“, sem birtist í *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1972. Bls. 99-130.

dandikvinnu Ingibjargar Jónsdóttur, sem henni hefur verið af mörgum góðum manni, bæði. norðan og austan lands, út gefin um hennar erlegt framferði. Og eftir því að trúanlega er undirrétt að af valdsmanninum Bessa Guðmunds-syni, að hér nefnd kvinna beri þunga angursemi, sökum þess henni hafi ei leyft verið að ná frelsiseiði mót því galdraryktis hneykslunar aðkasti, er hún þykist merkt hafa viðvíkjandi fjölkýnngisrykti, þar fyrir, svo sem ráða má af hennar vitnisburða inntaki, að stór nauðsyn til dragi, samþykkja lögþingismenn, að velnefndur sýslumaðurinn Bessi Guðmundsson henni frelsiseiðsins unni, svo sem hann með góðra manna ráði og nauðsynlegu fortaki fyrirsetjandi verður (*Alþingisbækur Íslands*, 1912-90: VIII, 154-55).

Af þessu má sjá að Ingibjörg Jónsdóttir, „Galdra-Imba“ hafi borið fram þá beiðni á alþingi árið 1687 að fá að sverja af sér það galdrarykti sem á henni hvíldi, sem sýnir að sögurnar voru þá þegar farnar af stað. Sýslumaðurinn Bessi Guðmundsson (1646-1723) í Múlasýslu studdi þessa viðleitni hennar eins og kemur fram hér að ofan. Hvergi er síðan minnst á málið og má því leiða að líkum, að erindið hafi verið samþykkt af þingmönnum. Þrátt fyrir þennan eið taldi fólknið og þjóðtrúin hana ennþá vera fjölkunnuga því margar sagnir eru um hve göldrótt hún hafi verið.⁴³ sbr. þjóðsögurnar „Irringar Imbu“, „Imba verður að rýma“ og „enn af áleitni Imbu“.⁴⁴

Sama ár (1687) og mál Ingibjargar Jónsdóttur var tekið fyrir voru einnig þinglýst blöðum úr dánarbúi Jóns Þorlákssonar fyrrum bónda í Barðnesi í Norðfirði, sem hafði verið hálshöggvinn fyrir dulsmál árið áður (þ.e. 1686). Þar stendur:

Í sama máta fram lagði hér velnefndur valdsmaður tvö gömul pappírblöð, sem fundizt höfðu í hirzlum Jóns Heitins Þorlákssonar,⁴⁵ það eina með fiskiheillar fyrirsögn og þar til settum galdrastaf, en hitt um kvennamál, með sínu átrúnaðarteikni (*Alþingisbækur Íslands*, 1912-90: VIII, 151).

Segir ekkert meir af þessum blöðum en líklega hafa þau verið brennd á þinginu.

Síðasta málið sem kemur fyrir Alþingi er ásökun Höskuldar heitins Halldórssonar (†1696) á hendur sýslumanninum Jóni Þorlákssyni. Jón sver af sér galdraorðið með þrettán vottum þann 18. apríl 1696 og þar með lauk öllum opinberum málaferlum vegna galdra á Austurlandi.

⁴³ Til er frásögn hjá Sigfúsi Sigfússyni (1982-1993: V, 406) um skapferli Galdra-Imbu og er þar m.a. vitnað í „Grímseyjarvísur“ um gestrisni hennar. Þar er því miður farið mannavillt á Árnun og er þar á ferðinni séra Árni Jónsson († 1652) sem þjónaði á Húsavík 1624, Þönglabakka 1631 og víðar.

⁴⁴ Sögumaður: Anna S. Jónsdóttir (1813-1888), Þorbjörg Pálsdóttir (1836-1905), Rustikus Jónsson (1817-1887).

⁴⁵ Jón Þorláksson var tekinn af lífi 3. júl. 1686 fyrir hördómsbrot (Már Jónsson, 2000: 246).

Þótt opinberum galdramálum væri lokið og sagnir um galdra færðust yfir í munnmælasögur þá kom upp annað mál sem vert er að minnast á en orðrómur hafði verið lengi um galdrabók á Hákonarstöðum. Hákonarstaðamenn höfðu lengi verið taldir fjölkunnugir og var almennt vitað að þeir áttu bók þá sem kölluð var Gráskinna.⁴⁶ Bók þessi mun hafa verið komin frá séra Einar Jónsson (1704-1784) á Skinnastað, en sagt var að þeir Skinnastaðarprestar hefðu lengi verið kenndir við galdur (Benedikt Gíslason, 1974: 7). Ljóst er að séra Stefán Árnason sem þjónaði á Valþjófsstað (1787-1857) komst á snoðir um bók þessa og vildi eyða henni. Séra Stefán náði bókinni svo um 1850 og brenndi hana í eldhúsinu á Valþjófsstað, skryddur fullum prestsskrúða. Það sem Séra Stefán vissi hinsvegar ekki var að Pétur Pétursson (1828-1892) bóndi á Hákonarstöðum hafði látið son sinn Pétur (1852-1932), þá 16 ára skrifa upp alla bókina á laun þá um veturinn (Benedikt Gíslason, 1974: 6-45). Enn í dag lifir sagan um þennan atburð því að 1998 þegar ég var að ræða við Eirík Eiríksson um notkun bandrúna á Héraði, þá sagði hann mér eftirfarandi sögn:

Sagan segði að séra Stefán Árnason á Valþjófsstað hafi staðið í því heilan vetur að fá Gráskinnu þeirra Hákonarstaðamanna. Þegar hann svo að lokum hafði fengið bókina. Hafi hann íklæðst messuskrúða, farið að Hákonarstöðum og tekið bókina með tóngum og fært inn í kirkju fyrir framan altarið. Síðan hafi hann boðað messu og þegar fólkið var allt komið til hennar hafi hann brennt hana fyrir framan allan söfnuðinn og haldið altarisgöngu að henni lokinni (Eiríkur Eiríksson, 1998).

Eiríkur hló vel að sögunni lokinni. Ég tel mjög líklegt að hann hafi fullvel vitað að þetta væri ekki alveg eftir bókinni en fundist þessi kjarnmeiri og myndrænni í frásögn. Það er þannig elju Péturs yngra að þakka að afrit af þessari bók⁴⁷ er til og um leið er hún sögninni til staðfestingar um liðna tíð.

Ekki eru fleiri opinber mál en þessi fjögur í Múlaþingi að hafa og verður að segjast sem er að miðað við allar þær 89 þjóðsögur sem hér eru um þá 26 galdramenn, þá er uppskeran fremur rýr hvað varðar dómsmál og rekistefnur á kirkjuþingum. Þessi dræma uppskera virðist benda til þess að galdur og galdramenn hafi ekki verið eins áberandi þættir í lífi fólks á Austfjörðum eins og það hafi litið út fyrir að vera á Vestfjörðum (sjá BA ritgerð Brynhildar Sveinsdóttur 2006) og sögurnar hafi verið oftár en ekki til skemmtunar eða a.m.k. að menn höfðu ekki eins mikið á móti galdra-mönnunum. Samt er ljóst

⁴⁶ Um tilurð þessarar bókar er ítarleg umfjöllun í ársritinu *Múlaþingi* sem kom út 1974. bls. 6-45.

⁴⁷ Bókin er geymd á Handritadeild Landsbókasafnsins og er þar skráð sem JS 248, 4to.

að á árunum 1680-1687 (-1696) hafi verið viss hræðsla við galdrastafi og galdur á móti verslunarmönnum. Hér er því viss kjarni fyrir sögurnar.

IV.0 Sagnir um galdramenn

Því næst verur tekið á þeim sögnum er snerta galdramenn á Austfjörðum. Verður fyrst litið á tímabil galdramála, og galdramanna og svo söfnunartíma sagnanna. Að því loknu verður litið á tegundir sagnanna sem þekkjast á Austurlandi og svo verða helstu prentuðu heimildir teknar fyrir þar sem sagnir af Austurlandi finnast. Að lokum verður fjallað um tvær galdrapersónur sem forsvarsmenn kynjanna og reynt að gera grein fyrir þeim áherslum sem þar má sjá.

IV.1 Tímabil galdurs og söfnunar

Um aldur galdramannasagna á Austurlandi er erfitt að fastsetja nokkuð, frekar en aðrar sagnir. Það eina sem við getum verið viss um er skrásetningartími sagnarinnar. Vissulega er þó hægt að tímasetja lauslega margar sagnirnar við atburði, galdramenn og nafngreindra sagnamenn. Atburðir sem auðvelt er að tímasetja eru meðal annars dómur í galdramálum á Austurlandi sem ná frá tímabilinu 1681-1696, svo tíma galdramannanna sem eru nefndir (1650-1890) og þar næst æviár sagnamanna 1810-1939, og síðast en ekki síst söfnunartíminn. Sögnunum var safnað 1845-1862 í safni Jóns Árnasonar og Magnúsar Grímssonar *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, 1890-1900 hjá Sigfúsi Sigfússyni í verkinu *Íslenskar þjóðsögur og sagnir*. Og svo að síðustu 1900-1935⁴⁸ hjá Ólafi Davíðssyni og félögum í *Huld*. Söfnunartíminn er þannig nokkuð langur ef tekið er tímabilið 1845-1935, eða 90 ár, og þar er ekki meðtalið yngsta söfnunin sem er nánar fjallað um í kafla IV.3.

Það er ljóst að nokkur skörun er á milli þessara tímabila og er greinilegt að persónur á milli tímabila hafa stundum verið samtímamenn, m.a. þar sem tímabil galdramanna og sagnamanna skarast um 80 ár. Það þarf hinsvegar ekki að þýða það að menn á 17. öld hafi sagt sagnir af samtíðamönnum sínum, því algengt virðist vera að menn segja fremur sagnir af mönnum sem tilheyra kynslóðinni þar á undan og þar með slíta sagnamennirnir persónuleg tengsl sín við sögupersónuna. Þetta kynslóðabil minnkar líkur á persónulegri óvild milli manna í smáum samfélögum þar sem þeir gætu þurft á hjálp náungans að halda.

⁴⁸ Ekki er fullkomlega ljóst hvenær efninu í *Huld* var safnað saman.

IV.2 Tegundir sagna

Þær 89 galdramanna sagnir sem ég hef fundið á Austurlandi úr Sagnagrunninum, skráðum heimildum og segulbandadeild Stofnunar Árna Magnússonar, er hægt að flokka í eftirfarandi tegundir: sögusagnir, flökkusagnir, skýringasagnir og skemmtun (sjá kafla II.0). Það er sem sagt ljóst að ekki er um að ræða reynslusagnir í flokki galdramannasagna. Margar þessara sagna er svo hægt að flokka í tvær eða fleiri af þessum tegundum. Hér verður einungis litið á fáein brot af þeim sögnum sem um ræðir.

Það fer lítið fyrir hreinum alþjóðlegum flökkusögnum á Austurlandi en þar eru þó nokkur minni sem tilheyra flökkusögnum svosem ML 3040 (The Witch Making Butter) sem er í sögninni „Af Galdra-Stínu“ í safni Sigfús Sigfússonar (1982-93: V, 430-33). Þetta minni tilheyrir oftast sögnum er fjalla um snakka eða tilbera⁴⁹ sem eru héraðs oftast gerðir úr rifbeini, ull og messuvíni (Jón Árnason, 1954-61: I, 417-19) en í Svíþjóð er það oft héri sem fer um og stelar mjólkurnyt fyrir húsmóður sína (Wall, 1977-79 og Christiansen, 1958).⁵⁰ Í sambærilegum skoskum sögnum sbr. MLSIT 3056 (The Old Woman as a Hare), þá er það nornin sem hefur skipt um ham og er þá sjálfur hérinn (MacDonald, 1994-95: 35-36). Galdra-Stína er þó eina galdrakonan af þeim þremur sem eru á Austurlandi sem heldur tilbera.

Annað alþjóðlegt minni MLSIT 3035 (The Daughter of the Witch) finnst á Austurlandi og tengist „Galdra-Imbu“ í eftirfarandi sögnum: „Irringar Imbu“,⁵¹ „Imba verður að rýma“⁵² og „enn af áleitni Imbu“.⁵³ En í þeim sögnum eins og í skoskum sögnum af þessu tagi, eru nornirnar mæðgin. Dóttirin er snjallari en móðirin og nær að hindra illvirki hennar. Það að það finnist ekki hreinar „þýddar“ flökkusögur um galdramenn hér á þessum tíma (1810-1939) getur bent til þess að íslensk sagnahefð hafi verið tiltölulega sterk á austfjörðum. En greinilegt er þó að erlendar flökkusögur hafa skilið spor eftir sig og aukið minnaflóru íslenskra sagna og gert sagnirnar meira spennandi.

⁴⁹ Tilberar eru m.a. í formi héra í Svíþjóð en sagnir af þessu fyrirbæri eru til í Danmörku, Íslandi, Finnlandi, Svíþjóð og Skotlandi. Sjá nánar í Jan Wall, (1977-79) *Tjuvmjólkande väsen: I. Äldre nordiske tradition*. Uppsala.

⁵⁰ Samkvæmt *Sagnagrunninum* þá eru sagnir af snakki eða tilbera ekki til í Ísafjarðarsýslum og Strandasýslu.

⁵¹ Sögumaður: Anna „Sigríðardóttir“ Jónsdóttir (1813-1888), húsfreyja og Þorbjörg Pálsdóttir (1833-1906) húsfreyja.

⁵² Sögumaður: Anna „Sigríðardóttir“ Jónsdóttir (1813-1888), húsfreyja og Þorbjörg Pálsdóttir (1833-1906) húsfreyja og Rustikus Jónsson (1817-1887) hreppstjóri og bóndi.

⁵³ Sögumaður: Rustikus Jónsson (1817-1887) hreppstjóri og bóndi

Ein af algengari sagnategundum austanlands eins og annars staðar eru eflaust skýringasagnir og í þeim galdramannasögnum sem ég hafði til umráða var eitt gleggsta dæmið um skýringasögn, sögnin „Jón seiðir til sín lifandi hval“, en þar segir frá því að Jón Þórðarson frá Dalhúsum hafi seitt til sín reiðarkálf og hafi Jón verið truflaður svo kálfurinn fór ekki lengra og hafi þar með orðið til Kálfshóll (Sigfús Sigfússon, 1982-93: V, 382-83).⁵⁴ Sigfús Sigfússon bendir raunar sjálfur á það að þetta örnefni sé mun eldra en sagan og sé komið úr *Droplaugarsona sögu* (*Ibid*). Það mun vera rétt hjá honum, en í *Droplaugarsona sögu* koma fyrir önnur örnefni af sama stofni í Eyvindardal svo sem Kálfshvoll, Kálfsvaðseyrar og Kálfsaurarfjalla sem síðar hafa verið nefnd Kálfseyrafjall á landakortum (*Austfirðinga sögur*, 1950: 161-62 og Múlasýslur, 2000: 691) sem sýna fram á það að þessi skýringasögn um Kálfshól er fremur ung og líklegast er að rétta sögnin um uppruna nafnsins hafi glatast.

IV.3 Helstu heimildir um galdramannasagnir

Helstu heimildir um galdramannasagnir er að finna í prentuðum þjóðsagnasögnum og verður hér í framhaldinu fjallað um þau þjóðsagnasöfn sem snerta galdramál á Austfjörðum og að því loknu um þær sagnir um galdramenn sem eru á Árnastofnum. Þegar kemur að prentuðum heimildum um Austurland þá ber þar fyrst að nefna *Íslenskar þjóðsögur og sagnir* safnað af Sigfúsi Sigfússyni (1922-1958), síðast útgefið 1984-1993. Þetta safn er stærst og víðamest af öllum þeim þjóðsagnasögnum sem hafa verið útgefin og snerta sagnir af Austurlandi. Þar næst *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* safnað af Jóni Árnasyni og Magnúsi Grímssyni, fyrst gefið út í tveimur bindum 1862-1864 og þá sex binda safnið útgefið 1954-1961. Svo koma *Íslenskar Þjóðsögur* safnað af Ólafi Davíðssyni, fjögurra binda útgáfa gefin út 1987 og að lokum *Huld: Safn alþýðulegra fræða Íslenskra* sem var gefið út af fimm valinkunnum mönnum 1935. Til eru auðvitað önnur söfn og stakar bækur en þeirra verður ekki getið hér þar sem þær snerta ekki galdrasagnir af Austurlandi.

Verk þeirra Jóns Árnasonar og Magnúsar Grímssonar *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* kom út í heild sinni með nafnaregistrum fyrst 1954-1961, en áður hafði það verið gefin út í tveimur bindum 1862-1864. Ekki verður hér farið út í hina löngu og ströngu útgáfusögu þessa verks þar sem hún er rekin í megin þáttum í forspjalli Sigurðar Nordals í *Þjóðsagnabókinni* sem

⁵⁴ Sagnamaður: Óli Halldórsson (1856-1920). Bóndi á Höfða á Völlum 1899-1914., S. –Múl.

kom út 1971 bls. xiii-lvii. Þetta safn varð öðrum íslenskum þjóðsagnasöfnunum fyrirmynd og má segja að áhrifa þess gætir enn hvað varðar flokkun og niðurröðun þjóðsagna eftir efnisflokkum.⁵⁵ Helsi galli á fyrstu útgáfu þjóðsagnasafns Jóns Árnasonar er sá, að erfitt er fyrir óvana að finna út hverjir sögðu söguna en það batnaði til muna við sex binda útgáfuna 1954-1961.

Sex binda útgáfan 1954-1961, með nafnareglistri og atriðisorðaskrá bætir þó úr þeim göllum sem voru á fyrri útgáfum og gerir verkið þægilegra í notkun. Einnig komu þá í ljós fleiri útgáfur nokkurra þjóðsagna sem jók til muna fjölbreytileikann. Ég tel að þrátt fyrir stífa ritskoðun á efninu þá gefi heildarsafnið þó nokkra mynd af því hvað var í umferð á þeim tíma sem félagar Jón og Magnús söfnuðu sögnum í útgáfuna. Einn er þó sá þáttur þessa verks sem ekki má gleyma og vanmeta en það er sú hvatning sem þetta verk veitti öðrum mönnum til að safna sögnum og allslags þjóðfræði. Þar með talið Sigfúsi Sigfússyni sem verður fjallað um hér á eftir.

Safn Sigfúsar Sigfússonar er mikið að vöxtum, heil ellefu bindi í nýjustu útgáfu og kennir þar margra grasa. Hér verður ekki farið út í útgáfusögu þess verks sem var mikil þrautaganga. Ekki voru allir ánægðir með stærðina á þessu þjóðsagnasafni og kemst Sigurði Nordal svo að orði þegar hann fjallar um *Íslenskar þjóðsögur og sagnir*:

Mikið skortir raunar á, að Þjóðsögur Sigfúsar séu „alveg eins góðar“ og Þjóðsögur Jóns Árnasonar. (Sigurður Nordal, 1980: I, xlv).

Þessi orð eru í réttu samhengi við það sem Sigurður segir á blaðsíðu xvi í sama verki, þar sem hann óskar sér þess að einstaka söfn væru minni að vöxtum og betur til þeirra vandað. Verið getur að það hefði mátt gefa út minna safn fyrir almenning en hver sá þjóðfræðingur sem skoðar þjóðsagnasafn Sigfúsar, sér þvílíkt gagnasafn er þar saman komið.

Lauri Honko segir eitthvað á þá leið í grein sinni „Thick Corpus and Organic Variation“ (2000: 3-28), að textinn sé sýnbreytilegur þótt flytjandinn telji sig hafa flutt hann orðrétt.⁵⁶ Það séu alltaf einhver frávik og það að þessi afbrigði sýni fram á það að þjóðfræðin sé lifandi. Einnig segir hann að

⁵⁵ Þess ber að geta að fyrirmynd Jóns að uppröðun sagna í sínu verki var *Isländische Volkssagen der Gegenwart* eftir Konrad Maurer 1860, með örfáum breytingum (Jón Árnason 1950-51: I, 230).

⁵⁶ Hugmyndir um breytileika texta í munnlegri hefð byggjast á hugmyndir Lords og Parrys í *The Singer of Tales* (2003), og eru einnig ræddar ítarlega í sambandi við íslenska samhengið í verkum Gísla Sigurðssonar, t.d. Þjóðfræði og skráning sem byrtist í *Bókmenntasaga*, III (1996), (bls. 410-11) og *Eddukvæði* (1998), (bls. xviii-xx).

þjóðfræðin þurfi gagnasafn (e. Thick Corpus) til að vinna úr (*Ibid*). Ég tel að Sigfús hafi ekki verið vandfýsinn á sagnir og hafi safnað öllu því sem honum hafi verið sagt. Því miður er sá ljóður á verki hans að hann virðist hafa skrifað þær eftir minni og þannig breyttust þær að einhverju leyti en það verður þó að segja að hjá honum eru færri milliliðir en voru hjá Jóni Árnasyni og félögum. Þetta mikla magn gerir það að verkum að þar eru til ýmis afbrigði sagna sem gerir þjóðfræðingum auðveldara að bera saman sagnir. Hvort hann hafi fegrað eitthvað af sögnunum getur vel verið og ætla ég ekki að nú á honum því um nasir því það hafa flestir þjóðsagnasafnarar gert. Einum þætti má ekki gleyma við þjóðsagnasafn Sigfúsar en það er XI bindi safnsins sem er nafnaregistur og atriðisorðaskrá sem var unnin af Eiríki Eiríkssyni⁵⁷ fyrrum bókaverði alþingis. Hann vann þar stórvirki sem gerir safnið virkilega meðfærilegt og þægilegt í notkun. Þetta er auðvitað mikill kostur svipað og í VI bindi þjóðsagnasafns Jóns Árnasonar og hjálpar talsvert við verkefni eins og þetta.

Í *Huld*, sem var gefin út 1935 er einungis ein sögn um galdramenn af Austurlandi og er það sögnin „Eyjaselsmóri“.⁵⁸ *Huld* er hið ágætasta verk, þar í eru m.a. sagnir úr fótum Gísla Konráðssonar (1878-1877) sem Jón Árnason og félagar hafa sleppt. Þetta eykur við þá sagnaflóru sem til staðar er og ég tel að sé nauðsynlega til staðar fyrir rannsóknir á sögnum. Af þeim bókum sem fjalla um galdramál, þá tel ég *Galdur og galdramál á Íslandi* eftir Ólaf Davíðsson vera þá bestu. Læt ég hér staðar numið og verður næst litið á segulbandadeild Árnastofnunar.

Þegar leita átti fanga um galdramannasagnir á Segulbandasafni þjóðháttadeildar sem geymt er á Stofnun Árna Magnússonar kom í ljós að þar var einungis að finna eina galdramannasögn af Austurlandi. En það er sögnin „Sagnir af Eyjólfvi hinum göldróttu og fjölskyldu hans“,⁵⁹ (SÁM 85/231 EF). Í þessari sögu seiðir Eyjólfur til sín brennivín frá einokunarkaupmanninum á Djúpavogi í gegnum tóftina á róðrabátinum.

Það kom mér töluvert á óvart að einungis ein frásögn um galdramenn væri til frá Austfjörðum á segulbandasafninu og skoðaði ég því Vestfirði til samanburðar. Það kom í ljós að á Vestfjörðum hafði verið safnað töluverðu af galdramannasögnum. Hvað veldur þessum mismun er erfitt að geta sér til um en í samtölum mínum við Rósu Þorsteinsdóttur (2006) tók hún fram að

⁵⁷ Eiríkur liggur nú (ágúst 2006) á elliheimilinu Grund þar sem Sigfús eyddi síðustu ævidögum sínum.

⁵⁸ Sagnamaður: Stefán Árnason Scheving (1819-1905) bóndi og hreppstjóri í Gagnstöð í Hjaltastaðapinghá.

⁵⁹ Sagnamaður: Guðmundur Eyjólfsson (1889-1975) bóndi á Þvottá í Álftafirði, S. –Múl.

Hallfreður Örn Eiríksson hafi sóst eftir öllum tegundum sagna við söfnun þjóðfræðiefnis á Íslandi 1958-1973.⁶⁰

Ljóst er að galdramannasögnum og útilegumannasögnum fækkar þegar nær dregur nútímanum í þjóðsagnasöfnum. En jafnframt tel ég það greinilegt að galdramannasagnir séu nánast fallnar úr umferð og eru ekki lengur lifandi hefð á Austurlandi á meðan þær voru lengur í umferð á Vestfjörðum. Það er hinsvegar rannsóknarefni hvaða sagnir hafi tekið við galdramannasögnum á Austurlandi og hvers vegna þær eru svo lengi í umferð á Vestfjörðum, en þeirri spurningu verður ekki svarað hér.

IV.4 Galdramenn Austurlands

Eins og bent hefur verið á, þá eru samtals til 88 sögur á Austurlandi í prentuðum heimildum og því til viðbótar er ein munnleg frásögn á Segulbandadeild Árnastofnunar sem gera samtals 89 sagnir. Í þessum sögnum er minnst á 26 galdramenn þar af 23 karlkyns og 3 kvenkyns. Félagsleg staða þessa fólks er eftirfarandi: einn embættismaður, sautján bændur, fimm vinnumenn og þrjár konur en athyggjilisvert er að þar er enginn prestur (sjá **viðauka 4**). Ég hef tekið þá afstöðu að taka fyrir fulltrúa hvors kyns fyrir sig og ræða ítarlega um þá til þess að sjá árekstra innan og utan samfélagsins en jafnframt hverjir teljist vera við og hinir. Jafnframt því verður minnst á aðra einstaklinga austanlands sem fengust við galdur eftir því sem þörf krefur. Hef ég ákveðið að taka Jón Þórðarson (f. 1688) frá Dalhúsum og Kristínu Sveinsdóttur (1738-1807/8) frá Hreimstöðum sem fulltrúa fyrir hvort kyn.

IV.4.1 Jón Þórðarson

Af þeim tuttugu mönnum sem fengust við galdur á Austfjörðum er Jón Þórðarson⁶¹ þeirra fjölhæfastur. Allar sagnirnar um hann eru úr safni Sigfúsar Sigfússonar og af þeim sex nafngreindu sögumönnum sem fjalla um Jón Þórðarson, þá á Bjarni Sveinsson (1844-1904), bóndi á Hafrafelli sex af 26

⁶⁰ Í samtali við Rósu Þorsteinsdóttur þjóðfræðing og skrifstofustjóra á Árnastofnun kom fram að söfnunarmennirnir hafi verið æði mismunandi í söfnun sinni. Hallfreður Örn Eiríksson (1932-2005) hafi safnað öllu sem hann náði og haft segulbandstækið í gangi allan tímann. Á segulbandasafninu eru 3001 færsla á nafni Hallfreðs, þar af 1210 sagnir og er sögnin hér að ofan ein þeirra. Jón Samsonarson (f. 1931) og kona hans Helga Jóhannsdóttir (f. 1935), höfðu þann sið að slökkva á segulbandstækinu milli sönglaga og sagna svo engin veit hvað fór fram þess á milli. 98 sagnir eru skráðar undir þeirra nöfnum. Þórður Tómasson leiðir viðmælandi áfram að sögn Rósu, með leiðandi og beinum spurningum og er þar af leiðandi ekki eins áreiðanleg heimild. Rósa tjáði mér að hún hefði lengi haft það á tilfinningu að það væri mikill munur á því hvað safnaðist milli landshluta og full þörf væri að skoða sagnasöfnunina með tilliti til hvers vegna það er svo mikill munur milli landssvæða eins tilfinningin gefur í skin (Rósa Þorsteinsdóttir, 2006).

⁶¹ Í nafnaregistri við safn Jóna Árnasonar *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, eru Jóni Þórðarsyni, Jóni Jónssyni og Jóni Þorvarðssyni settir saman í persónuna Dalhúsa-Jón.

sögnum. Jón var sonur Þórðar Stefánssonar (f. 1651) bónda á Hjartarstöðum í Vallnahreppi og konu hans Ingibjargar Óladóttur (f. 1653). Jón Þórðarson átti tvær dætur og einn son sem nefndur var „Óði-Jón“ eða „Jón-Grái“ en hann var einnig kenndur við galdur í sögnum m.a. „Galdra-Ingibjörg og niðjar hennar“,⁶² sem er í safni Ólafs Davíðssonar (1987: II, 174-79). Jón Þórðarson (f. 1688) er hjá foreldrum sínum á Hjartastöðum, Vallnahreppi við manntalið 1703 (*Manntal á Íslandi árið 1703*, 1960: 394), bóndi í Fossgerði 1734, og fyrir 1760 á Dalhúsum í Eiðþinghá (Benedikt Gíslason, 1969: 13 og 17). Var Jón allra manna hjálpsamastur og virðist hafa notað galdur til þess að hjálpa ef svo bar við en Jón gat líka verið viðsjáverður og þá sérstaklega í viðskiptum sínum við kaupmenn. Til dæmis segir ein saga um hann:

Annað sinn var Jón krafinn skuldar í Breiðuvík. Lofaði hann þá sauðum til innleggs og hleypti ofan yfir nokkrum kindum. Seldi hann kaupmanni þær á fæti. Voru bær látnar í rétt. En er Jón hafði meðtekið verðið fór hann. En það er frá þeim kaupmanni að segja að þegar átti að slátra kindunum sáuust bær engar en aftur á móti voru jafnmargar mýs að hlaupa þar um réttina.⁶³ Þóttust menn sjá að Jón hafði selt þær (Sigfús Sigfússon, 1982-93: V, 381).⁶⁴

Til eru 26 mismunandi sagnir af afrekum Jóns og þar af fjórar um vörusvik⁶⁵ með sjónhverfingum gagnvart kaupmönnum og eru það einu neikvæðu galdrarnir sem Jón framkvæmir ef horft er á þá með siðferðislegum sjónarmiðum. Allar hinar sagnirnar fjalla á einn eða annan hátt um sjálfsbjargarviðleitni, nágrannahjálp og greiðvikni og þannig má einnig túlka sjónhverfingarnar gagnvart kaupmönnum. Þótt Jón virðist hrekklaus og góðgjarn þá er hann sagður hafa notað aðferðir sem ekki eru öllum gefnar og ber þar að nefna að hann notar kölska til að flytja sig og sitt hráefni og þar að auki getur hann skipt um ham og framkvæmt seið. Hefur Jón Hnefill Aðalsteinsson (1996) fjallað um þessi atriði og telur að hér sé á ferðinni arfur íslenskra bókmennta og má þar fyrst telja arfleifð fornritanna og svo arfleifð Sæmundar fróða Sigfússonar.⁶⁶ Ég er þessu sammála en jafnframt vill ég

⁶² Sögumaður: Hjörleifur Árnason sterki (1760-1831), bóndi á Snotrunesi og Bakka, Borgarfirði Eystri, N. –Múl. „Hann var talinn greindur vel, ættfróður og sagnafróður, ágætlega minnugur. En ekki var hann skrifandi“ (Einar Jónsson, 1953-1968: VI, 1122-23).

⁶³ Sambærileg frásögn er til um Straumfjarðar-Höllu sem bjó á Mýrum. Nágranni hennar var Leirulækjar-Fúsi sem bjó á Leirulæk á Mýrum en hann hét Vigfús Jónsson (1648-1728), bóndi og ákvæðaskáld (Vigfús Jónsson, 1976: 7-10).

⁶⁴ Sögumaður: Bjarni Sveinsson (1844-1904), bóndi á Hafrafelli, Fellum, N. –Múl.

⁶⁵ Sögumaður þessara fjögurra sagna „Ullarsekkirnir“, „Mýsnar“, „Valdatakstilaunin“ og „Uxarnir“ eru allar sagðar af Bjarna Sveinssyni bónda á Hafrafelli.

⁶⁶ Arfleifð fornritanna eru í trú á hamskipti og seið, en „arfleifð Sæmundar“ eru fyrst og fremst erlend sagnaminni sem hafa ratað í fjölmargar sagnir. Má þar nefna sagnir þar sem djöfullinn er látinn flytja einhverja byrði eða persónu milli staða.

leggja áherslu á skemmtanagildi þessara sagna því einn er sá þáttur sem einnig sést í sögnum af galdramönnum en það eru glettur þeirra og ráðsnilld við að snúa á utanaðkomandi persónur svosem kaupmenn og vikapilta úr kaupstaðnum og sést þetta m.a. í sögnunum „Mýsnar“ sem er hér framar og „Snjóbrautin“.⁶⁷ Það er því ljóst að hann er einn af okkur á móti hinum.

Hér í lokin er spurning um hvort hér gæti áhrifa sögumannsins? Þegar lítið er á sagnafjöldann, 26 sagnir, þá sést að einungis 11 eru merktar sex höfundum en hinar 14 eru nafnlausar og ímynd Jóns virðist vera svipuð í öllum þessum sögnum. Þar af leiðandi virðist vera hægt að draga þá ályktun að hér sé frekar um almenn viðhorf að ræða fremur en viðhorf einstaklings.

IV.4.2 Kristín Sveinsdóttir

Í Múlasýslum eru það þrjár konur sem eru sagðar eiga við galdur í þeim sögnum sem ég hef aðgengi að. En það eru „Galdra-Imba“ (Ingibjörg Jónsdóttir), „Galdra-Stína“ (Kristín Sveinsdóttir) og „Galdra-Þura“ (Þuríður Árnadóttir). Hér verður sérstaklega tekin fyrir Kristín Sveinsdóttir (1738-1808) en einnig lítið lítillega á Ingibjörgu Jónsdóttur (1619-1690) til samanburðar. Með því að skoða lífsferil Kristínar Sveinsdóttur sé ef til vill möguleiki á því að finna ástæður um tilurð sagnarinnar um hana.

Til er ein saga af Kristínu Sveinsdóttur, sem er sögð af Ingibjörgu Níelsdóttur (1835-1904) og er sagan skráð 1897. Athyglisvert er að hægt er að tengja þær Kristínu saman við langafa Ingibjargar Níelsdóttur er hét Sigfús Guðmundsson (1747-1810) og var hann fjórmeningur við Kristínu (Galdra-Stínu) og hefði því haft framfærsluskyldu við hana ef Kristín færi á hrepp. En það hefur ekki orðið því það verður ekki betur séð en að hún hafi verið á framfærslu Runólfs, sonar síns hin síðustu æviár (Manntalsbók N. –Múl., 1803, 1805 og Kirkjubækur Hjaltastaðasóknar 1807-1824). Það er því ekki að sjá sem Kristín hafi valdið skyldmönnum sínum búsifjum með því að vera sett á þau. Því skal hér tekið fyrir lítið brot af sögninni „Af Galdra-Stínu“ og hún skoðuð.

Á Hóli bjó ríkur bóndi er Ásmundur hét. Kristín öfundaði hann af auðlegðinni og vildi hnekkja honum. Ásmundur átti son er Ísleifur hét og annan er Runólfur hét. ... Þegar prestur steig í stól þá var allt í einu sem torfu væri skellt á kirkjugluggana. Það var komið ófært veður, en áður var mesta blíða og berangur svo flestir komu ríðandi til kirkju. Þegar Ásmundur kom heim

⁶⁷ Sögumaður: Sigfinnur Pálsson (1824-1894). Vinnumaður á Eyvindará, Eyðapínghá. Síðar bóndi á Refsmýri.

saknaði hann eins sonar síns og Helgu.⁶⁸ Höfðu þau látið út lömb og rekið, farið svo að smala þeim í kafaldshríðinni. ... Börnin fundust bæði, sitt í hvoru lagi og langt á milli þeirra. Höfðu þau villst sundur í hríðinni á eyggi og í sandinum. Fyrir austan Hól fannst þegar létti af hríðinni stöng nokkur upp reist. Var við hana bundið spjald nokkurt. Þar á voru ristar rúnir. ... Þóttust menn sjá að þetta var verk Kristínar í Hólshjáleigu og mundi hún hafa gert veðrið og villu barnanna.... Gekkst hún við því að hafa rist rúnirnar og baðst vægðar. Var henni sleppt lausri frá hegningu ... og því segja menn svo að þær mæðgur sendu tilbera⁶⁹ að sjúga málnytupening Guðmundar ... og elti hann að Hólshjáleigu og hvarf hann upp undir Elísabetu (Sigfús Sigfússon, 1984: V, 430-33).⁷⁰

Hvað segja svo aðrar heimildir um Kristínu Sveinsdóttur? Í *Ættum Austfirðinga* eru rakin hjónabönd Kristínar og niðjar (Einar Jónsson, 1953-1968: V, 1054-59). Ásmundur sem er hér nefndur í sögninni er seinni maður Kristínar. Ísleifur var sonur Ásmundar af fyrra hjónabandi og Runólfur var sonur þeirra hjóna. Kristín Sveinsdóttir er hjá Runólfi syni sínum 1816 (*Manntal á Íslandi 1816*: 39). Elísabet þessi sem hér er nefnd í sögninni fyrir ofan, á að vera dóttir Kristínar samkvæmt þjóðsögunni en svo ber við að engar heimildir eru til um hana hvorki í *Ættum Austfirðinga* né kirkjubókum og verður því að álykta sem svo að hún sé hreinn tilbúningur. Í frásögninni „Af galdra Stínu“ (Sigfús Sigfússon, 1982-1993: V, 430-33) er einnig sagt frá óveðri miklu sem á að hafa grandað börnum Ásmundar. Um það eru þó engar sögur eða skýrslur í kirkjubókum sem til eru og því líkandi til að hér sé einnig um algeran skáldskap að ræða. Auk þess staðfesta kirkjubækur, bréfabækur sýslumanns og ættarskrár að börn þeirra beggja hafi komist til manns.

Því kemur upp þessi spurning. Hvað veldur þessu illa umtali? Það er erfitt að fullyrða nokkuð um það en það má geta sér til ýmissa ástæðna. Ásmundur Einarsson var kallaður hinn „ríki“ (Einar Jónsson, 1953-1968: V, 1054) og verið getur að fólki hafi fundist Kristín fara full hátt í makavali sínu. Því skal hér litið á ættboga⁷¹ hans. Eftirtektavert er að afi Ásmundar, Einar Guðmundsson og föðurbróðir hans Ísleifur eru prestar. Nokkuð er einmitt um það að afkomendur séra Einars Guðmundssonar (f.1590) hafi orðið prestar og vera kann að fólkinu í byggðalaginu hafi þótt vinnukonan og bóndadóttirin

⁶⁸ Helga þessi er samkvæmt sögninni dóttir Ásmundar af fyrra hjónabandi en hún var aldrei til og er því sköpunarverk sagnamanna. Ásmundur átti tvö börn í fyrra hjónabandinu og hétu þau Ísleifur og Margrét. Komust þau bæði til manns og fengu sinn arf við andlát föður þeirra.

⁶⁹ Sagan er gerð af flökkusagnategund ML 3040 (*The Witch Making Butter*). Um tilbera sjá Jan Wall, 1977-79

⁷⁰ Sagnamaður: Ingibjörg Níelsdóttir (1835-1904), húsfrú á Jórviík, Hjaltastaðapínghá, N. – Múl.

⁷¹ „Ættbogi“, hér notað yfir fimm-menninga, en framfærsluskylda var þá þessum tíma (á 17-18. öld talinn vera) innan þessa skyldleika.

hafa seilst nokkuð hátt í makavali sínu, því ekkert er um embættismenn í hennar ættboga. Þess ber að geta að eiginkonur presta hafa oft samkvæmt þjóðsögum verið taldar fjölkunnugar og jafnvel færari en eiginmenn þeirra ef marka má sagnir svo sem „Séra Vigfús og bræðurnir“, þar sem eiginkona séra Vigfúsar Benediktssonar (1731-1822) varði bónda sinn með kunnáttu sinni (Jón Árnason, 1954-61: I, 578-79).⁷² Staða Kristínar er að vissu leyti sambærileg stöðu maddömunnar sem þurfti oft að gjalda afbrýðisemi annarra kvenna í samfélaginu sem töldu maddömunna vera að ryðjast inná þeirra svæði. Hvernig það vildi til að þau giftust hef ég ekkert fundið um, en við giftinguna varð hún stjúpmóðir barna hans og verður komið inn á það hér síðar í ritgerðinni.

Almenningsálitid sem sjá má í sögninni af Kristínu sýnist mér sjáist best á þeirri ágirnd sem Kristín er látin hafa á eigum Ásmundar svo og nytjastuldi hennar með snakki (sbr. ML 3040 (*The Witch Making Butter*) sem er lýst í sögninni „Af Galdra-Stínu“.

Á Hóli bjó ríkur bóndi er Ásmundur hét. Kristín öfundaði hann af auðlegðinni og vildi hnekkja honum. ... Þegar prestur steig í stól þá var allt í einu sem torfu væri skellt á kirkjugluggana. Það var komið ófært veður, en áður var mesta blíða og berangur svo flestir komu ríðandi til kirkju. ... Ásmundur kom heim saknaði hann eins sonar síns og Helgu. ... Börnin fundust bæði, sitt í hvoru lagi og langt á milli þeirra. ... Fyrir austan Hól fannst þegar létti af hríðinni stöng⁷³ nokkur upp reist. ... Var þetta borið á Stínu. Gekkst hún við því að hafa rist rúnirnar og baðst vægðar. Var henni sleppt lausri frá hegningu. ... Því segja menn svo að þær mæðgur sendu tilbera að sjúga málnytupening Guðmundar. Gat hann ei lengi við því séð þangað til loks að hann kom að honum og elti hann að Hólshjáleigu og hvarf hann upp undir Elísabetu (Sigfús Sigfússon, 1984: V, 430-33).⁷⁴

Hér er Kristín látin drepa börnin hans Ásmundar en sleppur samt við refsingu og jafnvel þótt hún noti snakkinn á aðra einstaklinga í samfélaginu. Samkvæmt sögninni er það því takmark Kristínar að koma börnunum frá svo hún geti sest að í húsi Ásmundar. Hér skín í gegn öfund manna vegna velgengni Kristínar í lífinu og tel ég því fullvíst að almenningur hafi talið hana hafa auðgast umfram það sem teldist æskilegt í samfélaginu. Enda segir Peter Burke (1978: 172) að fátækum mönnum í bændasamfélagi hafi oft fundist að þeir ríku hlytu að hafa efnast á óheiðarlegan hátt.

⁷² Sagnamaður: Ingibjörg Þorsteinsdóttir (1792-1855), vinnukona á Hofi í Álftafirði, A. – Skaft.

⁷³ Hér gæti verið átt við Vindgapa, sem er stöng með Lönguhaus og flutt tilheyrandi kvæði yfir með ristum rúnnum á sjálfri stönginni.

⁷⁴ Sagnamaður: Ingibjörg Níelsdóttir (1835-1904), húsfúru á Jórvík, Hjaltastaðapínghá, N. – Múl.

Hið þrönga mannlega samfélag á Austurlandi virðist þannig samkvæmt sögnunum um Kristínu Sveinsdóttur a.m.k hafa litið hornauga á þá sem urðu efnaðir á skömmum tíma. Ég tel þó sennilegt að hér gæti áhrifa úr Biblíunni, þ.e. úr fyrra bréfi Páls til Korintumanna. Þar segir svo:

Þó skal hver og einn vera í þeirri stöðu, sem Drottinn hefur úthlutað honum, ... 20) Hver og einn sé kyrr í þeirri stöðu, sem hann var kallaður í. 21) Varst þú þræll, er þú varst kallaður? Set það ekki fyrir þig, en gjör þér gott úr því, en ef þú getur orðið frjáls, þá kjós það heldur. ... 24) Bræður, sérhver verði frammi fyrir Guði kyrr í þeirri stétt, sem hann var kallaður í (*Biblían*, 1981: 203).

Samkvæmt þessum orðum Páls postula bar Kristínu Sveinsdóttur að sætta sig við stöðu sína í samfélaginu. Eina leið hennar út úr þessari stöðu hefði mögulega verið sú að fara út úr samfélaginu, menntast sem ljósmóðir og koma aftur inn sem fulllærð ljósmóðir.⁷⁵ Ef ljósmóðir gat hækkað í virðingastiga samfélagsins þá ætti að vera möguleiki fyrir ráðskonur að komast sömu leið? Ég tel það reyndar mögulegt þótt ráðskonan fari að jafnaði ekki útfyrir samfélagið til að öðlast menntun þá voru prestarnir oft á tíðum fluttir á milli landssvæða og þar af leiðandi voru þær utanaðkomandi aðilar. En eiginkonur presta oft á tíðum álitnar fjölkunnugar eins og áður er greint frá. Ef við samþykkjum það hér á þessari stundu að Galdra-Stína hafi klifið mannorðastigann á rangan hátt og efnast á röngum forsendum, kemur upp sú spurning hvort það eigi einnig við um frægustu galdrakonu austfjarða.

Ingibjörg Jónsdóttir, betur þekkt sem „Galdra-Imba“ hafði samkvæmt sögnum engan snakk til að draga björg í bú, né heldur giftist hún öðrum manni. Hún lifði öll þau ár sem hún bjó á Austurlandi sem ekkja með sínum börnum en hún var eftir sem áður utanaðkomandi (Einar Jónsson, 1968: V, 1080-81). Ingibjörg Jónsdóttir á ætt sína að rekja í Svarfaðardal í Eyjafirði, en bjó með séra Árna Jónssyni á Hofi á Skagaströnd í Húnavatnssýslu og átti því enga ættingja á Austurlandi. Af þeim fjórum börnum hennar sem upp komust voru þó þrjú talin fjölkunnug og það fjórða var talið dulfrótt. Samt sem áður segja sagnirnar að hún hafi ráðist á börn sín og maka (*Ibid*).

Hvað er þá sameiginlegt hjá þeim tveimur Kristínu og Ingibjörgu? Hér skal fyrst telja að þær eiga það sameiginlegt að hafa ráðist á maka sína, annað að dætur þeirra eiga að vera fjölkunnandi og það þriðja er sambandsleysi milli barna og feðra. Fjórða atriðið er að líkindum það, að þær eru báðar

⁷⁵ Prestar sáu um tilskipun ljósmæðra frá 1685 til 1760 en þá var landslæknisembættið stofnað og þar með varð menntun ljósmæðra formleg (Þórunn Guðmundsdóttir, 2003).

utanaðkomandi hvor á sinn hátt. Ingibjörg er úr öðum landshluta og Kristín af almúgafólki. Einn er þó sá þáttur sem gæti virst vera stærstur en það er öfund þeirra kvenna sem hafa haft betri ættboga að baki sér en Kristín og Ingibjörg. Hafi öfundin stafað af því að Ingibjörg hafi getað haldið bú og komist af án aðstoðar karlmannna en til Kristínar hafi konurnar í sveitinni borðið illan hug fyrir að hafa náð besta mannsefni sveitarinnar fyrir framan nefið á þeim þrátt fyrir lægri samfélagsstöðu. Má af því leiða getur að rætnar tungur öfundar og Gróu á Leiti hafi farið af stað til að spinna vef ósamlyndis og illmælgis í garð Kristínar og Ingibjargar.

V.0 Austfirðir versus Vestfirðir

Hér ætla ég að skoða mismun milli galdramannasagna Austfjarða og Vestfjarða, og í hverju sá mismunur er fólgin, hvort það vanti tilteknar sagnategundir og þá af hverju. Einnig mun ég skoða það hvers vegna engir prestar eru sagðir galdramenn á Austurlandi, á meðan annars staðar eru prestar reglulega í hlutverki galdramanna eins og t.d. Sæmundur, Hálfván og Eiríkur.

Vestfirðir ná frá Gilsfirði að vestan og til Bitrufjarðar að norðan, en það skal hinsvegar tekið fram að þegar fólk segist vera að vestan, þá getur sú skilgreining verið frá botni Hvalfjarðar í Borgarfjarðarsýslu og allt til Hrutafjarðarbotns í Húnavatnssýslu. Til Vestfjarða teljast að jafnaði Austur og Vestur Barðastrandasýsla, Vestur og Norður Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.

Þegar skoðaðar eru galdramannasagnir af Vestfjörðum þá má sjá nokkuð aðrar áherslur en eru sjáanlegar í Múlasýslum. Ég kys að velja sagnir úr Strandasýslu til að vinna með í þessum samanburði þar sem heimildir um íbúa sýslunnar svo og byggðasaga hennar er til á prenti, en svo er ekki með allar sýslurnar sem teljast til Vestfjarða. Ég skoðaði jafnframt lauslega hvort þeir galdrar sem væru í Strandasýslu væru ekki í sambærilegu magni í Barðastranda- og Ísafjarðarsýslum sem og var. Við vinnslu efnisins varð til tafla sem hér er birt og er fyrsti dálkurinn sagnategund flokkað eftir þeim skráum sem minnst er á í inngangi þessarar ritgerðar. Dálkarnir tveir sem eru fyrir sýslurnar innihalda vinsældaröð sagnanna og innan sviga fjölda dæma. Ljóst er að það eru miklu fleiri sagnir í Múlasýslum.

| Sagnategundir | Strandasýsla | Múlasýslur |
|---|--------------|------------|
| TMI D301 (Sorcerer Raises the Dead) | 1 (4) | 9 (6) |
| MI D2031 (Magic Illusion) | 1 (4) | 4 (10) |
| MI D2140 (Magic Control of the Elements) | 2 (3) | 7 (6) |
| TMI D801 (Evil Eye) | 2 (3) | 3 (12) |
| IML (The Thief Sticks To The Stolen Object); sbr. TMI D971 (Revenge Against Thief: Stolen Goods Stick to Thief) | 3 (2) | |
| MI E430 (Defence Against Ghosts and the Dead) | 3 (2) | 6 (6) |
| MI D1610.5 (Speaking Head) | 3 (2) | |
| MI D2120 (Magic Transportation) | | 2 (13) |
| TMI D271 (Two Sorcerers Test Their Skills in Sorcery) | | 1 (19) |
| D2064.4 (Magic Sickness Because of Evil Eye) | | 5 (7) |

Eins og sjá má á þessari töflu þá er greinilegur áherslumunur á milli sýslna. Skal hér farið yfir þann mismun og byrjað á Strandasýslu. Fyrsti galdurinn er að senda draug, oftast nefnt sending eða uppvakningur í sögnum, gegn öðrum í

sveitarlaginu. Það má benda á að þessi galdur MI D301 (Sorcerer Raises the Dead) er töluvert algengari á Vestfjörðum en í Múlasýslum, þótt færri dæmi séu í Strandasýslu einni. Notkun þessa galdurs virðist hinsvegar sú sama á báðum stöðum fyrir utan það að vestfirðingar nota uppvakninga sína einnig til sendiferða, en það er ekki. Næst koma svo sjónhverfingar (MI D2031: Magic Illusion). Sá galdur er notaður í Múlasýslum til blekkinga á kaupmönnum sbr. „Mýsnar“

Annað sinn var Jón krafinn skuldar í Breiðuvík. Lofaði hann þá sauðum til innleggs og hleypti ofan yfir nokkrum kindum. Seldi hann kaupmanni þær á fæti. Voru bær látnar í rétt. En er Jón hafði meðtekið verðið fór hann. En það er frá þeim kaupmanni að segja að þegar átti að slátra kindunum sáuust bær engar en aftur á móti voru jafnmargar mýs að hlaupa þar um réttina (Sigfús Sigfússon, 1982-93: V, 381).⁷⁶

Þessi sögn er að mörgu leiti dæmigerð austfirsk sögn um vörusvik og brellur galdramanna á kaupmönnum á Austurlandi. Þessar sagnir eru tíu talsins á Austurlandi og eru allar keimlíkar þó misjafnt sé hvað það selda sé sbr. ullarsekkir í sögninni „Ullarsekkirnir“.⁷⁷

Í Strandasýslu er þessi galdur (sjónhverfing) fyrst og fremst gegn innansveitarmönnum í misgóðum tilgangi þó ekki til meins sbr. sögnina „Frá Jóni í Ófeigsfirði“ þar sem Jón Árnason frá Ófeigsfirði hrekkir gestkomandi Ísfirðing í þeim tilgangi að reyna á karlmennsku hans:

Hann sér þá hvar kemur höfuð af nauti og gengur inn eftir gólfinu, þó án fóta, og dregur eftir sér húðina. Augu voru sem eldur, en út hangir tunga. Lætur mjög illa í hausum þeim og segir hann dimmt og draugalega: „Gle gle gle gle. Lætur hausinn þetta ganga til dags. ... En það er eftir Jóni haft að litill þætti honum dugur í gesti eftir því sem hann hefði talað kallmannlega þegar vestan kom, og hefði þetta verið leikur sinn til að reyna hann því hitt hefði verið meinlaust glingur sitt (Jón Árnason, 1954-61: III, 613).⁷⁸

Eins og sjá má þá er hér alls ekki sama notkun á sjónhverfinga galdrinum. Í Múlasýslum er þessi galdur notaður til að klekkja á kaupmönnum en í Strandasýslu til að hrekkja ókunnuga og eða til að fela fólk eins og sjá má í sögninni „Hrakningar Möngu“.⁷⁹ Má eflaust rekja þessi minni um sjónhverfingar frekar til fornsagna Íslendinga heldur en erlendra áhrifa, þótt

⁷⁶ Sögumaður: Bjarni Sveinsson (1844-1904), bóndi á Hafrafelli, Fellum, N. –Múl.

⁷⁷ Sögumaður: Bjarni Sveinsson (1844-1904), á Hafrafelli, Fellum, N. –Múl.

⁷⁸ Sögumaður: Tómas Guðmundsson, (1829-1895), kallaður víðförli, kenndur við Gróustaði, Geiradal, A. -Barð., síðast í Víkursveit, Strand.

⁷⁹ Sögumaður: Gísli Konráðsson, sagnaritari og fræðapulur og séra Benedikt Þórðarson.

hvoru tveggja komi að sjálfsögðu til greina.⁸⁰ Þriðji galdurinn er stjórnun veðurfars (MI D2140: Magic Control of the Elements) og er hann notaður á Vestfjörðum til varnar árásum óvinaskipa sbr. „Jón lærði og Tyrkjaskipið“⁸¹ (Jón Árnason, 1954-61: III, 611) en í Múlasýslum er þessi galdur notaður til hjaðningavíga innan sveitar sbr. „Séra Árni kemst undan“ (Sigfús Sigfússon, 1982-93: V, 407-09). Fjórði galdurinn er illt auga (TMI D801: Evil Eye) sem er mjög algengur víða í Evrópu og er notkun hans svipuð á Austurlandi og Strandasýslu. Síðasti galdurinn úr Strandasýslu sem ég tek hér fyrir sést í sögnum um stolinn varning sem loðir við þjófinn (IML: The Thief Sticks To The Stolen Object) samanber hefnd gegn þjófinum (TMI D971: Revenge Against Thief: Stolen Goods Stick to Thief). Þetta minni sem sést t.d. í sögunni „Fiskþjófurinn“⁸² (Jón Árnason, 1954-61: III, 566-67) af Vestfjörðum er ekki til í þeim sögnum sem ég fann frá Austfjörðum.

Það sem stendur fyrst og fremst uppúr varðandi galdur í Múlasýslu er minnið (TMI D271: Two Sorcerers Test Their Skills in Sorcery) sbr. sögnina „Pétur gaf í nefið“⁸³ (Sigfús Sigfússon, 1982-93: V, 401-02) þar sem alþjóðlega minnið MI G303.9.9.8. (Taking Snuff with the Devil) er til staðar en það minni er í fjórum sögnum af Austurlandi. Ég hef ekki rekist á þetta minni (MI G303.9.9.8) annarsstaðar á landinu og er því hér um staðbrigði (e. *ecotype*) að ræða. Athyglisvert er að þessi minni TMI D271 og MI G303.9.98 eru ekki til í Strandasýslu og mætti áætla að hér sé á ferðinni sagnahefð um vissa innansveitarkrónika. Með innansveitarkróniku á ég við deilumál, kjaftasögur og erjur innan sveitar.

Það er athyglisvert að til eru sagnir í Noregi um samíska galdramenn sem eru kallaðir „noaider“ og eru gjarnan að senda galdur á hvorn annan og keppa þannig sín á milli. Þessir samísku galdramenn eiga einnig aðra þætti sameiginlega þeim íslensku, en það er að hafa stjórn á veðri og vindum og hafa hamskipti sem sjá má á sögninni „Haustgangan“⁸⁴ (Sigfús Sigfússon, 1982-93: V, 378-81 og *Norske segner*, 1981: 64-66 og 250-51). Gott dæmi um slíka samkeppni galdramanna á Austurlandi þar sem galdramenn senda galdur

⁸⁰ Að fela fólk með galdri er auðvitað gamalt og algengt í Íslendingasögnum og er frásögnin um Kötlu í *Eyrbyggju* ágætt dæmi: Katla sat á palli og spann garn. Hún bað Odd sitja hjá sér „og ver hljóður og kyrr.“ Hún bað konur sitja í rúmum sínum „og verið hljóðar,“ kvað hún, „en eg mun hafa orð fyrir oss.“ [...] Þeir sáu að Katla spann garn af rokki. Nú leita þeir um húsin og finna eigi Odd og fóru brott eftir það (Íslendingasögur, 1985-87: I, 558-59). Hér er það Katla sem kastar hulinshjúp yfir Odd og gerir hún það nokkrum sinnum í sögunni.

⁸¹ Heimild: Séra Skúli Gíslason (1825-1888), eftir Einar Bjarnason (1785-1856) Fræðimann á Starrastöðum í Fremribyggð.

⁸² Sögumaður: Tómas Guðmundsson, Gróustaðir, Geiradalur, A-Barð

⁸³ Sögumaður: Almenn sögn úr Reyðarfirði.

⁸⁴ Sögumenn: Sigurfinnur Pálsson (1824-1894), Vinnumaður. Eyvindará í Eiðapinghá, S. - Múl., og Bjarni Sveinsson (1844-1904), á Hafrafelli, Fellum, N. -Múl.

á hvorn annan í mislangan tíma en semja svo jafnan um vopnahlé svo sem má sjá í sögunni „Enn af áleitni Imbu“:

Þau Rafn glettust löngum við en eigi þótti Imbu hann dæll viðfangs. Hafði hún þó byrjað með því að senda honum draug en Rafn varð eigi hissa og sendi henni annan. Vissi Imba eigi af honum, því gat Rafn ráðið, fyrr en hún gaufaði á honum við arinstein í náttmyrkri og varð illa við og hætt stödd (Sigfús Sigfússon, 1982-1993: V, 412-16).

Hér eru það „Galdra-Imba“, sem hefur áður komið við sögu, og Hreimsstaða-Rafn⁸⁵ sem eigast við og semja þau síðan um vopnahlé sín á milli samanber sendingar samískra galdramanna. Athyglisvert er að þessi tegund minnis (TMI D271), er ekki til í Strandasýslu þrátt fyrir níu vestfirskar sagnir um sendingar. Þetta minni er hins vegar mjög algengt á Austurlandi, því af þeim 89 sögnum af Austurlandi þá eru 19 þeirra með þetta tiltekna minni.

Í þeim sögnum sem ég fór yfir, og tilheyra Austurlandi, bar mun meira á samkeppni milli galdramanna innan sýslanna en í Strandasýslu. Almennt á Vestfjörðum eru átökin yfirleitt á milli heimamanna og utanaðkomandi galdramanna. Séu þessi landsvæði borin saman við Noreg þá kemur í ljós að galdramannasagnir á Austurlandi eru ívið líkari norsku sögnunum um *noida* heldur en þær vestfirsku. Þessar sagnir minna að vissu leyti á þessa austfirsku innansveitarkróniku en þessi sagnategund þarf þó ekki að vera frá frændum vorum Norðmönnum því samskonar sagnir eru til í *Landnámu* Sturlu Þórðarsonar. Þar segir frá galdrakeppni milli Loðmundar og Þrasa á Skógum um hvar á ein skildi renna, þar til þeir ná samkomulagi um hvar áin skildi í sjó fram fara. En jafnframt er getið um hamskipti í Sturlubók (*Landnámabók*, 1968: 305-06).

Hinn galdurinn sem er algengur á Austurlandi er MI D2120 (Magic Transportation) sbr. sögnina „Fiskiförin“⁸⁶ (Sigfús Sigfússon, 1982-93: V, 389) þar sem „Dalhúsa-Jón“ kemur hvalkálfi uppá heiðar með göldrum. Slíkur galdur er ekki til í Strandasýslu og er spurning hvort hvalreki sé fátíður atburður þar á slóðum sem ég efast reyndar um.

Það sem sést á þessari samantekt eru eftirtalin atriði.

1. Notkun galdurs er að jafnaði ekki sá sami í Strandasýslu og Múlasýslum.
2. Andstæðingurinn er ekki sá sami í sýslunum. Í Strandasýslu er óvinurinn utanaðkomandi t.d. Tyrkir sbr. sögnina „Jón lærði og Tyrkjaskipið“ (Jón

⁸⁵ Rafn Jónsson (1600-1660), bóndi, Jökulsárhlíð og á Hreimstöðum, Hjaltastaðahr., N. – Múl., Hann er alnafni Rafns lögréttumanns á sama stað; þeir Rafnar eru systkinabörn.

⁸⁶ Sögumaður: Almenn sögn af Héraði.

Árnason, 1954-61: III, 611), en í Múlasýslum oftast innansveitar t.d. „Galdra-Imba og Rafn“ (Sigfús Sigfússon, 1982-93: V, 333).

3. Sendingar drauga, uppvakninga og misnotkun dauðra eru algengari á Vestfjörðum og þá sérstaklega á presta, en slíkt fyrirfinnst ekki í Múlasýslum.
4. Varnir gegn þjófum með göldrum eru ekki til í þeim sögnum sem ég hafði undir höndum af Austfjörðum.

Hver orsök þessara mismunar er, er erfitt að geta sér til um en ég tel þó líklegast að hér sé um aðeins mismunandi samfélög að ræða. Þennan mismun megi e.t.v. rekja til þess að Vestfirðir hafi verið fyrst og fremst fiskveiðisamfélag en hefðbundið bændasamfélag á Austfjörðum. Þessi munur hafi meðal annars leitt af sér að stjórn á veðri sé talið mun áhrifameiri galdur í samfélagi sem byggist á fiskveiðum og að menn geti komist á sjó. Það virðist þó vera að það sé ekki einungis atvinnuhættir sem búi til þennan mismun milli landssvæðanna. Verið getur líka að það hafi verið meiri og nánari samskipti við útlendinga í Múlasýslum heldur en var í Strandasýslu og fyrir vestan, enda styttra fyrir erlend skip úr Evrópu að sigla til austfjarða. Þessi samskipti auki til muna líkur á því að erlend flökkuminni svo sem TMI D801 (Evil Eye) komist inn í sagnageymd samfélagsins fyrir austan og þar með hafið ferð sína meðal íslenskra sagna. Verður nánar fjallað um viðhorf til útlendinga í VI.3 kafla.

Þessi mismunur útskýrir hinsvegar ekki hvers vegna fimm prestar eru kenndir við galdur á Vestfjörðum en enginn prestur kenndur við galdur á Austfjörðum. Til að átta sig á hvað geti legið þar að baki er gott að líta á stéttarskiptinguna í eftirfarandi töflu, sem má sjá í galdramannasögnunum úr Múlasýslu og Strandasýslu.

| | Múlasýslur | Austfirðir | Strandasýsla | Vestfirðir |
|--------------|------------|------------|-----------------|---------------------|
| Prestar | 0 | 0 | 1+1 skáld | 5+1 skáld |
| Embættismenn | 1 | 1 | 1 (sögn vantar) | 2 -1? ⁸⁷ |
| Bændur | 17 | 17 | 12 | 24 |
| Vinumenn | 5 | 5 | 0 | 0 |
| Konur | 3 | 3 | 1+1? | 2+1? |

⁸⁷ Mínus eða plús er settur þar sem einhver vafi er á um staðsetningu sagnarinnar. Mínus stendur fyrir að það séu líkur á að sögnin falli brott en plús fyrir að hún muni bætast við.

Eins og sjá má á töflunni hér að ofan er greinilegur munur á stöðu og fjölda sögupersóna á milli sýslanna. Ber þar fyrst að telja að í Múlasýslum eru engir prestar sagðir galdramenn á meðan Strandamenn hafa þar einn og ef Vestfirðir eru teknir í heild sinni þá fjölgar þeim upp í fimm. Það er því spurning hvers vegna Vestfirðingar telja sína presta vera galdramenn en Austfirðingar telji sína presta vera bænheita og ráðagóða eins og sést í sögninni „Séra Árni kemst undan“ þar sem segir:

Þegar þeir félagar koma suður undir Dalatanga gerir mótvindi svo mikið að þeim steinmarkar ekki. Það fylgir og að á móti þeim koma hrafnar nokkrir með nef og klær af járn og sækja að þeim. Runólfur⁸⁸ prestur mælti: „A, þetta getur hún þó.“ Rafn (þ.e. Galdra-Rafn) tók þá húfu sína og lét hana koma á afturskutinn en prestur settist í framstafn og bað til guðs (Sigfús Sigfússon, 1982-93: V, 407-09).⁸⁹

Spurningunni hér að ofan verður því ekki svarað í fljótheitum en líklegt má telja að á Austfjörðum gætu viðhorf til menntunar prestanna og nálægð þeirra við Guð, hafa gert galdur óþarfan. En þar á móti sé á Vestfjörðum, e.t.v. á ferðinni söguleg minning sögunnar um galdrafárið á Vestfjörðum á sínum tíma og tengsla milli presta og galdramanna, en séra Jón Magnússon prédikaði og talaði mikið um djöfla og sendingar eins og hann væri sjálfur galdramaður.

Hvað varðar aðra embættismenn þá vantar sögnina um Vilhjálmm Arnfinnsson „Galdra-Vilka“⁹⁰ sýslumann en séu Vestfirðir taldir teknir sem ein heild þá standa landshlutarnir jafnir að vígi með sitthvorn sýslumanninn. Bændur eru nokkuð fjölmennir í báðum sýslum en vinnumenn eru óþekktir sem galdramenn í Strandasýslu. Þeir eru hinsvegar fimm að tölu í Múlasýslum. Það að vinnumenn hafi kunnað með galdur að fara, gæti bent til þess að galdur hafi ekki þótt neitt tiltökumál eða tengt lærdóm. Það hafi því verið talið að þeir sem raunverulegt vald hefðu, þyrftu ekkert á galdri að halda.

Að síðustu eru það galdrakonurnar og er þar einnig nokkur munur á milli sýslanna og hafa Múlasýslur vinninginn með þrjár eins og ég hef bent á. Strandasýsla hefur einungis eina þ.e. Margréti Þórðardóttur og jafnan nefnd „Galdra-Manga“, sem er örugglega af svæðinu en hinsvegar kemur Ragnheiður Jónsdóttir⁹¹ („Galdra-Ranka“) til greina sem galdrakona af Vestfjörðum, ef það tekst að sannreyna uppruna sagnarinnar. Þessi munur er

⁸⁸ Runólfur Hinriksson (1685-1731) prestur á Skorrastað í Norðfirði 1723 og áfram.

⁸⁹ Heimild: Loðmfirskar sagnir og miklu víðar að.

⁹⁰ Bogi Benediktsson tekur fram í Sýslumannaæfingum að Vilhjálmmur hafi verið haldinn mjög fjölkunnugur en hann var aðstoðarmaður Þorleifs Kortssonar (Bogi Benediktsson, 1905-1908: II, 379-381).

⁹¹ Sögn um þessa konu finnst í kverinu *Hornstranda Þjóðsagnir frá fyrri tímum: Galdra-Snorri og Galdra-Ranka*. Reykjavík: Viðey. Útgefið af [Þrír kunningjar] (1933).

þó kannski ekki marktækur þar sem Múlasýslur eru mun stærra landsvæði en Strandasýsla og þar að auki mun fleiri sagnir á Austurlandi.

Þennan mismun sem hér sést tel ég að megi rekja til viðhorfs til menntunar, útlendinga og jafnvel galdurs. Því það virðist vera sem galdur hafi ekki verið tekinn jafn alvarlega á Austurlandi eins og gert var á Vestfjörðum. Verður fjallað um þau viðhorf hér í kafla V.0.

Helstu niðurstöður eru þannig þær að landshlutarnir tveir eiga fremur fátt sameiginlegt í sambandi við galdur ef frá er skilin notkun á minninu MI D301 og að bændur skuli vera helstu galdramennirnir. Mismunurinn er það mikill að halda mætti að sagnirnar væru frá sitthvoru landinu en ekki sameiginlegum sagnaarfi Íslendinga. Einn helsti mismunur milli landshlutanna er sá að sömu galdrar svo sem sjónhverfingar, og stjórnun veðurs eru ekki notaðir í sama tilgangi. Hvað varðar galdur á kaupmenn þá getur verið að sögurnar endurspegli viðhorf almennings til galdramanna eða verslunarinnar fremur en til kaupmannanna sjálfra. Verður reynt að svara því í næsta kafla, þar sem fjallað verður um hin ýmsu viðhorf sem má sjá í galdramannasögnum.

VI.0 Viðhorf

Þegar rætt er um viðhorf innan galdramannasagna þá koma ýmsir snertifletir í ljós sem vert er skoða. Þar á meðal má nefna viðhorf sagnamannsins og e.t.v áheyrands til útlendinga, menntunar, galdurs og galdramanna. Hér í þessum kafla verður fjallað um þessa þætti og verður reynt að fara eins djúpt í þá sem efni og ástæður eru til.

Eins og kom fram í kafla II.0 um sagnir sem heimildir, þá endurspeglast oft viðhorf og áhugamál sagnamannsins í þeim sögnum sem hann kann og má sjá í **viðauka 5**, að sagnamenn hafa oftast kunnað margar sagnir í einum til tveimur flokkum sagna en svo örfáar í öðrum. Í þessari ritgerð vannst ekki kostur á að skoða sérstaklega sagnamennina og þær sagnir sem hafðar eru eftir þeim eða þeir sögðu sjálfir frá svo og hvers vegna þeir hafi valið tiltekna sagnir. Verður sú rannsókn að bíða betri tíma. Aftur á móti er hægt að fjalla um viðhorf þeirra til galdur og galdramanna.

VI.1 Viðhorf til galdurs og galdramanna

Í kaflanum V.0 um Austfirðir versus Vestfirðir, tek ég fram að svo virðist vera að galdur hafi ekki verið tekið jafn alvarlega á Austurlandi eins og gert hafi verið á Vestfjörðum. Virðist svo vera að þar komi þrennt til. Ber þar fyrst að nefna að söfnunartími galdramannasagnanna á Vestfjörðum virðist hafa staðið lengur yfir en Austfjörðum.⁹² Svo hefur Brynhildur Sveinsdóttir (2006: 90-91) bent á það að sagnir af þeim galdramönnum sem voru dæmdir á bálið séu ekki til staðar og svo virðist vera að það hafi verið tabú að ræða um þá atburði og galdur yfir höfuð um sinn á Vestfjörðum. Því er sá möguleiki fyrir hendi að það sé ekki fyrr en farið sé að fynast yfir þessa atburði þ.e. galdrabrennutímamann, að farið sé að segja aftur sagnir af galdramönnum og því séu þær sagnir ferskar í munnlegri frásögn þegar farið er að safna á Vestfjörðum. Í þriðja lagi hefur þróunin verið á annan veg á Austfjörðum. Þar virðist það ekki hafa verið tabú að ræða um galdramenn og fyrir vikið eru þær sagnir orðnar gamlar þegar söfnun hefst og séu þar af leiðandi farnar að þróast upp í gamansögur og endurspeglar oft en ekki innansveitarkróniku. Þegar Hallfreður Örn Eiríksson er svo á ferð um landið 1964-65, þá eru

⁹² Söfnunin hjá Jóni Árnasyni og Magnúsi Grímssyni standa yfir á sama tíma um land allt en Sigfús Sigfússon safnar um 1890-1910 en Helgi Guðmundsson um 1930-35. Erfitt er að draga ályktanir af söfnunartímanum, því mér vitanlega hefur ekki verið skoðað hvernig var staðið að öllum söfnunum á Íslandi. Verður sú skoðun líklega ekki gerleg fyrir en lokið hefur verið við að skrá segulbandasafnið sem er í vörslu Árnastofnunar.

galdramannasagnir á Vestfjörðum enn við lýði en nánast horfnar á Austurlandi ef marka má það efni sem til er á segulbandasafninu sem er í vörslu Stofnunar Árna Magnússonar.

Þeim viðhorfum sem sjást í galdramannasögnum á Austurlandi má skipta í þrjá megin þætti. Fyrst og fremst eru það jákvæð viðhorf til galdurs en svo eru það kynjaskipt viðhorf þar sem sagnir af galdramönnum eru almennt jákvæðari en til galdrakvenna. Þriðja atriðið sem sjá má er að þeir karlmenn sem hafa á sér neikvæð viðhorf svo sem Jón „í Klofa“ Jónsson, Illugi „eiturkana“ Jónsson og Björn Pétursson sýslumaður virðast hafa átt það sameiginlegt að hafa efnast umfram aðra í samfélaginu sem líkist því sem má sjá í sögnunum um galdrakonurnar.

Einn af þeim galdramönnum sem fékk jákvæða dóma samfélagsins var Jón Björnsson (1742-1830) sem var nefndur „Jón almáttugi“. Jón var útvegsbóndi og skáld, hann bjó víða á Austurlandi og síðast í Vopnafirði og eru um hann fjölmargar sagnir (sjá nánar um hann í **viðauka 3**, galdramannatal). Skal því litið á mannlýsingu á Jóni Björnssyni ser er að finna í sögninni „Frá Jóni í Almenningi Björnssyni“

Jón hefir verið mesti hæfileikamaður, að því er sögur ganga af, hraustmenni og fimur, verkmaður góður og fjörugur en nokkuð svo skapstór. Hann var skáld gott og fjölfróður. Var það almenn trú að hann færi með galdur og þó mest í þarfir annarra (Sigfús Sigfússon, 1982-1993: V, 316-17).⁹³

Fram kemur í kveðskap hans sem birtur er í nokkrum þeim sagna sem til eru um hann, að hann hafi verið fátækur og átt erfitt en jafnan segja sagnirnar Jón hafa verið hjálpsaman og ráðagóðan (Sigfús Sigfússon, 1982-1993: V, 316-21). Eins og sjá má af sögninni hér að framan þá hefur hann þótt kunna til verka og vera hjálpsamur við þá sem minna máttu sín.

En þótt vel væri fjallað um Jón almáttuga þá var ekki svo með son hans Illuga, sem fékk viðurnefnið „eiturkani“.⁹⁴ Illugi Jónsson (1779-1844) var svo nefndur vegna gruns um að eittra fyrir Guðmundi Hinrikssyni (f. 1800) bónda á Hallormsstað og ásælast konu Guðmundar. Urðu málaferli út af eitruninni, þar sem Illugi var sýknaður af ákærunum árið 1836, en viðurnefnið fékk hann í kjölfarið og loddi það við hann upp frá því (Austurland, 1951: III, 152-58).⁹⁵ Eftir þessa atburði fór hann á flakk um Austurland en hafði þó fasta viðveru hjá dóttur sinni (*Ibid*). Fáar sagnir fara af göldrum Illuga en þessar sagnir (sem

⁹³ Sagnamaður: Hólmfríður Guðmundsdóttir (1836-1905), vinnukona.

⁹⁴ Kani er lítill askur.

⁹⁵ Guðmundur er sagður Sigurðsson og vera frá Ormsstöðum í Skógum hjá Sigfúsi Sigfússyni, (1982-1993: V, 343-45).

eru ef til vill undir áhrifum frá málaferlunum) benda á að menn töldu hann fjölkunnugan.⁹⁶ M.a. mun hann hafa beitt göldrum til að ásælast kú eina sem séra Benedikt Þorsteinsson (1794-1845) átti en ekki fór betur en svo að séra Benedikt hafði betur með bænum og handayfirlögn, eins og síðar verður rætt um (Sigfús Sigfússon, 1982-1993: V, 343-45). Uppfrá þessum málaferlum hafði Illugi athvarf hjá dóttur sinni og lést þar 1844 (Austurland, 1951: III, 152-58).

Má sjá af þessu að sitthvað er gæfa eða gjörvileiki og tel ég að þeir feðgar hafi fengið mismunandi dóm almennings fyrir sína galdra, Jón fyrir hógværð og hjálpssemi en Illugi fyrir ágirnd, græðgi og flakk. Það má eflaust spyrja sig að því hvort mismunandi félagsleg staða hafi haft áhrif á dóm samfélagsins þar sem Jón var bóndi en Illugi sonur hans var vinnumaður alla tíð.

VI.2 Viðhorf til yfirvalds, presta og menntunar

Þegar kemur að öðrum opinberum embættismönnum svo sem sýslumönnum, þá fer ekki mikið fyrir þeim í sögnum á Austurlandi. Múlasýslur eru þó ekki alveg lausar við göldrótta embættismenn því til er einn slíkur, Björn sýslumaður Pétursson, (1661-1744) þótti kunna ýmislegt fyrir sér. Svo segir þjóðsagan „Draugasendingar Björns“, m.a. um Björn og aðstoðarmann hans Ásmund Ásmundsson (f.1664):

Ásmundur hét heimamaður Björns sýslumanns. Hann þótti allfjölkunnugur og lá orð á að þeir Björn gerðu galdur að kaupförum svo þau strönduðu á Vopnafirði. Er sagt Björn gerði sig heimakominn að viðunum og fyrir lítið og léti skipsmenn færa þá heim að Burstarfelli og byggja bæ sinn af þeim. Þóttust þeir lítt haldnir og var löngum kalt við smíðina. Því segir svo að einn þeirra mælti á þessa leið: „Nú er kalt í Burstarfellsbæ en trúið mér til, einhvern tíma hitnar betur í honum“ (Sigfús Sigfússon, 1982-1993: V, 421-24).⁹⁷

Þessi sögn finnst einnig í bókinni *Sýslumannaæfir* eftir Boga Benediktsson og skal hér litið á þann texta:

Mælt er, að skip hafi laskazt í sýslu hans, hafi hann hagnýtt sér það sem annað vogrek. Eitt sinn hafi hann og tekið hollenzka duggu með áhöfn, byggt þar af bæ sinn og látið skipsfólkið starfa þar að. Hafi timburmaðurinn fyrirsagt, að sá bær mundi brenna,

⁹⁶ Eins og sjá má í viðauka 3.0, þá voru foreldrar hans Jón „almáttugi“ Björnsson og fyrri kona hans Elín Aradóttir, dóttur Galdra-Ara Jónssonar. Það er spurning hvort allt þetta galdrablóð hafi haft áhrif á trú manna um galdrakyngi Illuga.

⁹⁷ Sagnamenn: Anna Kristín Sigfúsdóttir (1844-1918) og Anna Sigríðardóttir Jónsdóttir (1813-1888), húsfri.

hvað seinna rættist, þá Marteinn bjó þar. Við útför hans var silfurdalur látinn fylgja máltíð til handa hverjum boðsmanni við hvern rétt (1909-15: IV bindi, 777-78).⁹⁸

Það að Bogi Benediktsson hafi tekið það fram í æviþætti Björns að hann hafi tekið löskuð skip og nefnir m.a. Hollenska duggu með áhöfn, bendir til að eitthver fótur hafi verið fyrir þessum sögnum um ágengni Björns sýslumanns. Bogi Benediktsson (*Ibid*) tekur einnig fram að Hollendingarnir hafi verið látnir reisa húsið fyrir Björn sýslumann og hafi það verið hollenski timburmaðurinn sem hafi spáð húsbruninum, sem þar varð 1714. Það er semsagt ekki nóg að Björn taki skútuna traustataki, heldur smáanar hann skipsáhöfnina með því að láta hana reisa hús úr skútunni. En hversu áreiðanlegar eru þessar sagnir? Til eru lög og reglur um skipsstrand og skipsreka, sem voru í gildi á þessum tíma. Þar segir að landeigandi megi taka við úr skipi og kost sem samsvarar útfararkostnaði. Einnig eru sektarákvæði um þá sem ekki bjarga skipbrotsmönnum en jafnframt kveðið á um greiðslur því viðkomandi (*Grágás*, 2001: 367 og *Jónsbók*, 2004: 230). Verið getur að Björn hafi verið frekur á rekann og hafi sveitungum þótt nóg um, en ég efast ekki um að hann hafi haft lagalegan rétt til þess að taka það sem honum bar.

Peter Burke (1978: 172) segir svo:

To be rich was abnormal, and a rich man must have oppressed the poor, found buried treasure, or, as in *The History of Fortunatus*, been given a purse which could never be emptied“.⁹⁹

Ég er að nokkru leyti sammála þessu en tel þó að almenningur hafi samþykkt að menn yrðu ríkir væri farin rétt leið. Hin rétta leið væri á þá lund að viðkomandi færi út fyrir sitt svæði, fengi menntun og kæmi svo aftur. Þeir sem ekki fóru þessa leið hafi oft fengið á sig galdraorð. En nú fengu ekki allir ríkir menn á sig galdraorð og er því spurning hvers vegna þar var svo? Verið getur að þeir hafi verið af góðum ættum eða hafi haft einhverja góða kosti sem hindraði að þetta orðspor festis við þá. Nú er Björn sýslumaður menntaður á Hólum, fæddur og uppalinn á Austfjörðum, sagður bjargvættur sakamanna og svo gjafmildur við andlát sitt að silfurdalur var látinn á disk hvers gests við útför hans (Páll E. Ólason, 1948-1978: I, 244 og Bogi Benediktsson, 1909-15: IV bindi, 771-78). Þessi ummæli sýna að Björn hefur verið gjafmildur og

⁹⁸ Sagnamanns eða heimilda fyrir þessu er ekki getið.

⁹⁹ Sbr. „Papeyjarbuxur“ Sjá Jón Árnason 1954-61, III, 456-57. Mensalder Raben Jónsson (1736-1799), hinn auðgi, Papey, S. –Múl. Mun hafa fengið það orð á sig að hann hefði slíkar buxur en ekki komið þeim af sér fyrir andlátið. Sagnamaður: séra Skúli Gíslason (1825-1888), á Breiðabólstað, Fljótshlíðarhr., Rang.

réttlátur og svipar þannig til goða og stórhöfðingja fyrri tíma. Björn fer þannig réttu leiðina til að efnast en samt sem áður er hann umtalaður fyrir ágirni og misnotkun á skipsbrotsmönnum. Hvað það er sem valdi þessu þá tel ég mögulegt að hann gjaldi hér fyrst og fremst fyrir að vera bjargvættur sakamanna. Verður litið á það síðar í umfjölluninni um Jón í Klofa.

Eins og áður var sagt, er athyglisvert að á Austfjörðum eru engir prestar í hlutverki galdramanna, en prestar hafa þó vissulega verið fórnarlömb austfirskra galdramanna og þeirra hrekkja eins og annarsstaðar. Skal litið á eitt dæmi:

Benedikt prestur þótti merkur maður. Héldu menn hann bæði ærið bænheitun og sögðu honum fátt á óvart koma því margir trúðu því að hann kynni fyrir sér, væri ófreskur og hefði þar með sagnaranda. Það var um vor þegar Illugi var í Miðbæ¹⁰⁰ að hann biður prest að selja sér eftirlætis kú er hann átti en prestur neitti því og kvaðst hvorki mega eða geta selt hana. „Eg get sagt þér það, Illugi minn,“ segir prestur, „að hún er ekki og skal ekki verða mér feigari en hún væri þér“. Við þetta skilja þeir prestur og Illugi. Daginn eftir eru naut rekin í haga. En þá bregður svo kynlega við að kussa kemur þegar um hæl heim úr haganum og hefir tekið ærsl mikil. Æðir hún bölvandi, beljandi og froðufellandi um túnvöllinn. Þegar prestur sá þetta þóttist hann vita að það var af völdum Illuga. Prestur gengur þá að kúnni, strýkur hana vandlega og mælir eitthvað fyrir munni sér¹⁰¹. Tekur þá öll ærsl af henni og gengur hún aftur í hagann til hinna nautanna (Sigfús Sigfússon V, 343-45).¹⁰²

Hér er það séra Benedikt Þorsteinsson (1794-1845) sem verður fyrir barðinu á Illuga „eiturkana“ Jónssyni (1779-1844) sem fer hér með ágirnd og öfund í garð prests, sem fær mesta virðingu og samúð. Séra Benedikt varðist vel, en það er þó ekki með galdri sem hann versti með heldur bænnum og handayfirlögnum. Séra Benedikt er hvergi sagður fara með galdur, heldur er hann sagður bænheitur og vel trúður (*Ibid*).¹⁰³ Það má hinsvegar sjá það á sögninni að fólkið hefur trúað því að hann kynni ýmislegt fyrir sér þótt hann notaði þá þekkingu ekki svo vitað væri.

Sumir prestar á Austfjörðum virðast því samkvæmt þessu sem hér hefur verið greint frá verið bænheitir, ráðagóðir og almennt góðir menn sem bar að láta í friði. Samt sem áður kemur fram að þeir hafi kunnað ýmislegt

¹⁰⁰ Miðbær í Norðfirði.

¹⁰¹ Ég er á því að hér gæti kaþólskra áhrifa, því handayfirlagnir með bænnum tíðkuðust í lækningum fyrir siðaskipti.

¹⁰² Heimild: Eftir sögn gamalla manna á Fljótsdalshéraði. 1890-1900.

¹⁰³ Önnur frásögn um bænheitun prest á Austfjörðum er til, en hún kemur fyrir í sögninni „Séra Árni kemst undan“ (Sigfús Sigfússon, 1982-93: V, 407-09), þar sem séra Runólfur Hinriksson á Skorrastað biður bænir í stefni báts á flóttu undan „Galdra-Imbu“.

fyrir sér og má spyrja sig hvort þar gæti viðhorfs til þeirrar menntunar sem prestar höfðu gengið í gegnum? Um menntun presta var hér áður fjallað í kafla II.4 um sagnir sem heimildir um viðhorf. Verður ekki séð að ályktun Lofts Guðmundssonar (1998: 155) um að sóknarprestar hafi viðhaldið og styrkt galdrahefðina til að hafa einhver völd í samfélaginu sé á rökum reist hvað varðar Austurland. Ég tel að menn a.m.k. hér á þessu svæði hafi haft virðingu fyrir menntun prestanna.

Ekki voru þó allir jafn hrifnir af menntun og menntuðum mönnum og má sjá önnur viðhorf til menntunar í sögninni „Af Klofa-Jóni“:

Jón hét maður, Norðlendingur, Um það leyti höfðu þeir þar verslun Jón kaupmaður Árnason og Ísfjörð silkivefari. Jón var kuklsamur og hafði með höndum töfur og galdrabækur. ... Sumir menn sögðu að hann myndi eiga skollabrók og flæðarmús og draga peninga að sér. Jón hafði þann sið jafnan að hann svaf um daga en vakti um nætur og var þá að skrifa. Töldu menn víst að hann væri að eftirrita galdrabækur nokkrar er Illugi eiturkani léði honum. Margir menn gáfu Klofa-Jóni illt auga, enda fóru að hverfa peningar kaupmanna úr búðaskúffum. ... Mikið náðist þó úr hlaupinu af eigum hans. Er það sögn manna að Ísfjörð¹⁰⁴ náði í peninga ærna en Arnesen¹⁰⁵ í töfurin og bækur einhverjar, skráðar grænum galdrarúnum (Sígfús Sigfússon, 1984: V, 345-47).

Hér kemur fram mjög neikvæð ímynd af galdramanni sem er svo göróttur að hann snýr sólarhringnum við og virðist stunda auðsöfnuð með göldrum. En hvað segja aðrar heimildir? Jón kemur fyrst fram í kirkjubókum Hólmasóknar við fæðingu en hann fæðist 27 apríl 1823 í Svínaskála í Hólmasókn. Þegar kemur að fermingu Jóns árið 1838 í sömu sókn.

Segir svo í kirkjubók: „bærilega að sér og siðsamur“ sem er besti dómur prestsins það árið. Við húsvitjum 1848 ritar prestur við Jón í dálkinn lærdómur: „All sæmilega“, og í dálkinn lestur: „sæmilega“, enn sem áður er þetta með betri dómum prestsins þetta árið. Jón ferst svo í snjóflóðinu 1849 (*Kirkjubækur Hólmavíkursóknar 1784-1927*). Jón er samkvæmt manntölum og húsvitjunarbókum fyrirvinna móður sinnar í Klofa 1845-1849 (*Sóknarmannatal Hólmasóknar 1777-1911*). Það er því augljóst af ofangreindum gögnum að Jón hefur varla farið út fyrir fæðingarhrepp sinn og alls ekki starfað utan hans, þar sem kirkjubækur geta þess hvergi.¹⁰⁶ Um móður hans Margréti Þorsteinsdóttur er sagt að hún hafi verið hinn mesti

¹⁰⁴ Kjartan Magnússon Ísfjörð (1774-1845), Kaupmaður á Eskifirði, hafði þá verið látinn í hartnær 4 ár (Einar Jónsson, 1953-68: III, 511).

¹⁰⁵ Jón Árnason (Arnesen) (f.1809), verslunarfulltrúi á Seyðisfirði.

¹⁰⁶ Það bar að fá leifi hreppstjóra til flutnings yfir í aðra sveit og skrifaði prestur það niður í tiltekinn dálk kirkjubókar.

svarkur bæði í orðum og annarri framkomu. Hún virðist hafa skotið skjólshúsi yfir Ólaf tvíhýdda og var það í frásögur fært.¹⁰⁷ Hann var þó ekki eini maðurinn sem hún sá aum á, því Illugi eiturkani mun einnig hafa fengið húsaskjól og fæði um tíma (Einar Bragi Sigurðsson 1971: I bindi 208-10). Margrét giftist aldrei, en átti tvo syni með Jóni blinda Jónssyni bónda á Svínaskála og víðar (*Ibid*). Hún átti svo einnig drenginn Hallgrím (1832) með vinnumanninum Benedikt Sveinssyni sem var norðan úr Eyjafirði (*Kirkjubækur Hólmasóknar 1550-1927*). Ljóst er að viðhorf til hennar hefur verið fremur neikvætt en þar sem hún átti þrjú lausaleiksbörn, umgengst dæmda menn og var það sjálfstæð að hún gat staðið undir tómhúsþúska¹⁰⁸ þótt lítill væri. Það kann þó að vera að samfélaginu hafi þótt Margrét sýna of mikla miskun og samúð með þessum dæmdu mönnum og þar sem ekki hafi verið hægt að nálgast hana að þá hafi samfélagið snúið sér að Jóni.

Hvað er það sem gerir Jón svo auðvelt skotmark orðróms og slúðurs að við hann festist galdraorð? Er mögulegt að orðspor föður eða móður sem ég nefndi hér að framan, hafi flust yfir á soninn? Eða getur verið að Jón hafi verið útsjónasamur peningamaður og selt uppskrifuð handrit sem hann skrifaði á kvöldum og á óveðursdögum þegar ekki var róíð? Ég hef þó hvergi fundið neinar heimildir um hvar eða hverjum hann seldi svo þessar bækur. Ég veit þó til þess að vermenn hafi skrifað eitt og annað. Var það ýmist fyrir þá sjálfa eða fyrir aðra gegn gjaldi (Lúðvík Kristjánsson, 1980-1986: IV, 238-55).¹⁰⁹ En svo getur vel verið að Jón hafi verið fræðimaður eins og Jón Guðmundsson og skrifað upp bækur fyrir sjálfan sig. Hvert sem svarið er þá er greinilegt að einhverjum hefur verið illa við velgengni þeirra. Ég hygg að þau mæðgin hafi verið ansi útsjónasöm og hyggin, náð að safna vel í búið og hafi jafnvel staðið svo vel í fæturna efnahagslega að það hafi valdið þeirri öfund og afbrýðissemi sem auðséð er að mínu mati í sögnunum.

Það sé semsagt ekki viðhorf til menntunar sem endurspeglar í þessum sögnum um sýslumenn, presta og galdramenn, heldur oft hrein og bein öfund út í velgengni þeirra sem náðu á einhvern hátt að bjarga sér umfram það sem taldist vera innan viðurkenndra marka samfélagsins. Þessi viðurkenndu mörk eru svo sem ekki vel skilgreind en eru samt sem áður til staðar á hverjum tíma og minnir óþægilega á orð Páls postula í fyrri bréfi sínu til Korintumanna sem

¹⁰⁷ Ólafur Ólafsson (1830-1878), frá Helgustöðum, var oftast nefndur „kunningi“, en eftir að hann hafði fengið tvo dóma var hann jafnan nefndur Ólafur „tvíhýddi“ (Einar B. Sigurðsson, 1971-86: 208-10).

¹⁰⁸ Tómhús er húsnæði sem hefur lítið sem ekkert jarðnæði og hafa íbúar þess framfæri sitt af sjómennsku, lausamennsku og annarri vinnu sem til féll hverju sinni.

¹⁰⁹ Ég hef grun um að vermenn hafi selt hverjum þeim ferðamanni og erlendum sjómanni sem hefði leitað eftir slíku efni.

fyrir var nefnt í kafla IV.4.2. Verður því næst litið á viðhorf gagnvart útlendingum og kaupmönnum.

VI.3 Viðhorf til útlendinga og kaupmanna

Þegar horft er eftir viðhorfum til útlendinga í galdramannasögnum á Austurlandi, þá eru þau fremur sjaldséð og verður ekki séð að eitthvert hatur hafi verið til staðar til þeirra. Með hugtakinu „útlendingur“ á ég þá hér fyrst og fremst við erlenda ferðamenn, sjómenn og alla þá erlendu menn sem ekki voru kaupmenn.

Eins og hefur nú þegar verið bent á, var þó enginn skortur á óvild til kaupmanna í galdramannasögnum á Austurlandi hvort sem þeir voru Danir eða annarrar þjóðar. Í sögninni „Draugasendingar Björns“ hér að framan er til dæmis tekið fram að Björn sýslumaður og Ásmundur vinnumaður hans hafi sent galdur á verslunarskip og hirt strandgóssið (Sigfús Sigfússon, 1982-93: V, 421-24).¹¹⁰ Þetta er þó langt í frá eina sögnin um það hvernig varningi var náð úr höndum verslunarinnar. Eins og ég hef bent á í kafla IV.4 og V.0, eru sagnir um Jón Þórðarson og „Galdra-Imbu“ sem beita sjónhverfingum við að ná fé af kaupmönnum. Eftir sögnunum að dæma virðist það hafa þótt sjálfsagður hlutur að hafa fé af kaupmönnum með öllum ráðum og hafi galdrar verið ofarlega á lista yfir þau meðöl sem mátti beita.

Austfirðingar virðast hafa haft einokunarverslunina (1602-1787) og þá illu meðhöndlun sem hún veitti þeim, ofarlega í huga við sagnageymd sína. Það má sjá það í kafla III.2 að minsta kosti hafi einhverjir verslunarmaenn ekki verið að hugsa sérstaklega um velferð samfélagsins, ekki síst þegar korn var látið vera fugla- og rottumatur fremur en að lækka verð til fólksins. Við slíkar aðstæður var ekki nema von að þeir fjölkunnugu væru látnir herja á kaupmennina í sögnum samfélagsins. (Sé **Viðauki 4** skoðaður, sést að flestir galdramenn á Austurlandi eru sagðir hafa verið virkir innan tíma einokunarverslunarinnar.)

Af þessu má sjá að viðhorf til verslunarmanna var fremur neikvætt og má eflaust rekja það til náninna og jafnframt neikvæðra samskipta kaupmanna við heimamenn. Þessi neikvæðu samskipti hafi skilað af sér neikvæðum sögnum um kaupmenn svo og sögnum þar sem íbúarnir hafa náð sér niðri á kaupmanninum án þess að þurfa að standa fyrir máli sínu fyrir framan kaupmanninum.

¹¹⁰ Sögumaður: Anna Kristín Sigfúsdóttir (1844-1918) húsfú og Anna „Sigríðardóttir“ Jónsdóttir (1813-1888), húsfú.

VII Niðurlag

Galdramannasagnir eru til um allt Ísland þó í mismiklum mæli sé og eflaust telja flestir að þær séu frekar svipaðar hvað varðar sagnaminni og umfjöllun um land allt en svo er ekki í raun og veru.

Eftir að hafa borið saman sagnir úr Múlasýslu og Strandasýslu þá kemur í ljós að þær eiga nokkra þætti sameiginlega svo sem notkun á sjónhverfingagaldrinum (MI D301) og að meirihluti gerenda eru yfirleitt bændur. Það er líka mikill munur á stéttarskiptingu milli landshlutanna, þar sem vinnumenn eru ekki gerendur í Strandasýslu. Sérstaklega er áberandi hvað prestar eru fyrirferðamiklir í galdramannasögnum í Strandasýslu og á Vestfjörðum en enginn prestur finnst sem gerandi á Austfjörðum. Einnig er athyglisverður fjöldi vinnumanna á Austurlandi sem galdra þar á Austurlandi á meðan við finnum engan sem virðist gera það í Strandasýslu. Einnig er einhver munur á kynjahlutfalli. Þannig finnast fleiri galdrakonur á Austurlandi en á Vestfjörðum. Einnig kemur þjófahæðsla fram í sögnum frá Strandasýslu en slíkt er ekki til staðar í galdramannasögnum í Múlasýslum.

Hvað það var sem olli þessari stéttarskiptingu er ákaflega erfitt að fullyrða um en þó virðist sem galdur hafi ekki verið tekinn jafn alvarlega á Austurlandi eins og gert var á Ströndum. Það sést einnig á því að einungis einn var dæmdur fyrir galdur á Austurlandi og það einungis til hýðingar. Það kemur einnig fram greinilegur viðhorfsmunur til presta. Þannig eru prestar á Austurlandi bænheitir og hjálpsamir menn sem nota handayfirlagnir til að líkna. Á Vestfjörðum hinsvegar berjast sumir prestar með galdri og senda uppvakninga á óvini sína eða nota þá til sendiferða. Tel ég að þessi þörf fyrir að láta þjónusta sig og berjast við andstæðinga sína vísi til löngunar í embætti til og drottunar.

Það kom mér einnig töluvert á óvart að aðalóvinurinn virðist ekki hafa verið sá sami í báðum landshlutunum. Á Austurlandi eru það fyrst og fremst kaupmenn og svo aðrir galdramenn innan sveitar sem eru óvinirnir, á meðan það eru Tyrkir, prestar og aðrir galdramenn utan sveitar á Ströndum. Sé litið á þann tíma sem galdramennirnir á Austurlandi voru uppi (1650-1890), þá sést að sá tími skarast á við tímabil einokunarverslunarinnar (1602-1787). Því kemur upp sú spurning hvort einokunarverslunin hafi haft áhrif á viðhorfin sem endurspeglast í galdramannasögnum á Austurlandi. Það væri þess virði að rannsaka þennan mun betur og þá sérstaklega með tilliti til samskipta austfirðinga við aðra landshluta annarsvegar og útlendinga hinsvegar, því vel

getur verið að einangrun þessa landshluta hafi skapað honum sérstöðu í þessum efnunum.

Sé litið til galdramannasaga í Múlasýslum má einnig segja að viðhorf til galdurs sé fremur jákvætt í þeim galdramannasögnum sem ég fann á Austurlandi. Það gildir hinsvegar ekki það sama varðandi persónurnar innan þessara sagna, eins og sjá má í kafla VI.0-3. Galdramenn hafa hlotið dóm almennings bæði fyrir eigið siðgæði og hvernig þeir beita galdrunum. Ákærður eiturbyrlari „Illugi eiturkani“ fékk slæman dóm almennings á meðan Jón ráðagóði fékk sanngjörn ummæli og var talinn góður maður. En þetta einfalda almenningsálit gengur ekki upp í öllum tilfellum því sé litið á tiltekna einstaklinga eins og sýslumanninn Björn Pétursson og húsfúru Kristínu Sveinsdóttur. Það sést mikil og á stundum óheft öfund út í þessar persónur þótt engar staðfestar upplýsingar séu fyrir hendi um óheiðarlegan auðsöfnuð. Öfundin virðist því beinast að þeim einstaklingum sem náðu á einhvern hátt að bjarga sér umfram það sem taldist vera innan viðurkenndra marka samfélagsins. Þessi viðurkenndu mörk eru svo sem ekki vel skilgreind en eru samt sem áður til staðar á hverjum tíma. En þetta eru ekki einu viðhorfin sem koma fram í sögunum því sé litið á sagnirnar um Jón í Klofa Jónsson þá lítur út fyrir að hann meðal annars gjaldi orðspors móður sinnar sem skaut skjólshúsi yfir sakamenn. Hún átti það sameiginlegt með sýslumanninum Birni Péturssyni sem átti það til að hlífa sakamönnum og hjálpa þeim á ýmsan hátt. Samfélagið virðist ekki hafa sýnt umburðarlyndi og samúð með sakamönnum, sérstaklega þeim sem voru greinilega sekir í augum samfélagsins.

Í kafla III.4 má sjá að það eru einvörðungu fjögur opinber mál sem snerta galdur á Austurlandi og þar af eru einungis tvö mál sem fjalla um raunverulega notkun galdurs. Af þessum tveimur málum er bara annað sem kemst á dómstig og samkvæmt því eru Einar Kollason og Snjólfur Eiríksson líklega dæmdir til húðláts því Snjólfur er lifandi árið 1703 með börn og buru. En um þá er engin sögn til og eiga því landshlutarnir það sameiginlegt að engar sagnir virðast vera til um þá sem dæmdir voru fyrir galdur. Hvað olli því að svo fá mál komi upp á Austfjörðum er erfitt að fastsetja eitthvað um, en þessi fáu tilfelli galdramála virðist benda til þess að galdur og galdramenn hafi ekki verið eins áberandi þættir í lífi fólks á Austfjörðum eins og það var á Vestfjörðum. Það sé þó ekki vegna skorts á galdramannasögnum því galdramannasagnir hafa verið virkar í það minnsta frá 1687 þegar „Galdra-Imba“ fer fram á frelsiseið til að bjarga mannorði sínu og fram til um 1910 þegar Sigfús Sigfússon þjóðsagnasafnari er á ferð. Galdramannasögnum

virðast fara hinsvegar fækkandi á árunum (1958-1973) á Austfjörðum ef litið er á fjölda slíkra sagna sem varðveitt er á segulbandasafni Árnastofnunar.

Í stuttu máli er ljóst að nokkur munur er á milli galdramannasagna eftir landshlutum og liggja sjálfsagt margar skýringar að því. Mismunurinn er það mikill að halda mætti að sagnirnar væru frá sitthvoru landinu en ekki úr sameiginlegum sagnaarfi íslendinga. Ég tel ljóst er að landfræðilegur munur, mismunandi lífshættir, ólík tengsl við erlenda menn og ekki hvað síst mismunandi valdastrúktúr séu aðal áhrifavaldar. Þetta sýnir okkur hversu mikilvægt það er að skoða þjóðsögur landsins á svæðisbundinn hátt, og athuga vandlega ástæðurnar sem koma í ljós. Ekki síst þarf að skoða alla þætti félagsgerða samfélagsins til að gera okkur sem gleggsta grein fyrir ástæðum og afleiðingum þessa mismunar.

Viðaukar: Skammstafanir

Hér eru viðhafðar skammstafanir sem sumar hverjar urðu til við vinnslu minnaskráarinnar til að minnka það pláss sem færi undir sí endurtekinn texta. Auk þessa hefur það tíðkast í ættfræðiverkum að skammstafa þekkt grundvallar rit svo sem *Íslenskar æviskrár* eftir Pál Eggert Ólafsson yfir í ÍÆ, eða PEÓ. Þessar skammstafanir eru fyrst og fremst til hægðarauka í vinnslu skráa og æviþátta en jafnframt til að minnka það pláss sem fer í slíkar færslur. Ekki eru öll ættfræðiverk skammstöfuð, þar sem þau koma einvörðungu einu sinni til tvisvar fram í þessum færslum.

Skammstafanir þær sem eru notaðar hér í viðaukunum er eftirfarandi. Fyrstu stafirnir eru upphafsstafir höfunda verkanna, svo kemur punktur, á eftir honum kemur svo númer viðkomandi bindis í rómverskum stöfum og að lokum blaðsíðunúmer. Þessara bóka er getið ítarlega í heimildaskrá.

| | |
|----------------|--|
| Hu | Huld: Safn alþýðulegra fræða íslenzkra I-II. |
| ÓD.xBls | <i>Íslenskar þjóðsögur</i> , Ólafur Davíðsson. |
| SS.xBls | <i>Íslenskar þjóðsögur og sagnir</i> , Sigfús Sigfússon. |
| ÞJÁ.xBls | <i>Íslenskar þjóðsögur og ævintýri</i> , Jón Árnason. |
| MT1703:bls. | <i>Manntal á Íslandi 1703</i> . |
| MT1816:bls. | <i>Manntal á Íslandi 1816</i> . |
| MT1845:x-bls. | <i>Manntal á Íslandi 1845</i> . Hér stendur x fyrir landshlutana. V = Vesturamt, N = Norð- og austuramt, og S = Suðuramt. |
| BergsÆ:x,bls | <i>Bergsætt: Niðjatal Bergs hreppstjóra Sturlaugssonar í Brattholti</i> , I-III. |
| Eskja:x,bls | <i>Eskja: sögurit Eskfirðinga I-V, Eskifjörður: Byggðasögunefnd Eskifjarðar</i> . |
| ÍÆ:x-bls | <i>Íslenskar æviskrár: frá landnámstímum til ársloka 1940</i> , I-V. |
| LongÆ:x:bls | <i>Longætt: Niðjatal Richards Long verslunarstjóra í Reyðarfjarðarkaupstað, Þórunnar Þorleifsdóttur og Kristínar Þórarinsdóttur</i> , I-III |
| LrmT:bls. | <i>Lögréttumannatal</i> . |
| Mjó:x,y | <i>Mjófirðingasögur</i> . |
| ReykjaÆ:bls. | <i>Reykjaætt á Skeiðum: Niðjatal Eiríks Vigfússonar bónda, dbrm. á Reykjum og kvenna hans Ingunnar Eiríksdóttur og Guðrúnar eldri Kolbeinsdóttur</i> . |
| Sv&Jarð:x,bls | <i>Sveitir og jarðir I-V</i> . |
| StrandaM: bls. | <i>Strandamenn: Æviskrár 1703-1953</i> . |
| SÆ(ártal):bls | <i>Skagfirskar æviskrár</i> |
| ÆAu:nr | <i>Ættir austfirðinga</i> . [Númerið sem kemur á eftir skammstöfuninni er viðeigandi númer innan bókana]. |
| ÆS:bls. | <i>Ættir síðupresta</i> . |
| Æ.Ping:x,bls | <i>Ættir Þingeyinga</i> . |

Viðauki 1: Minnaskrá

(Í þeim sögnum sem tilheyra galdramönnum á Austurlandi eru sagnir sem vafi gætið leikið á, hvort þær eigi hér heima: Vísur 1 (SS.V318); Vísur 2 (SS.V321-22); Svipvofa Péturs (SS.V326-27); Þáttur Lata-Páls (SS.V416-17); Leti Páls (SS.V417-18).)

MI D1700 (Magic Powers). Frá Jóni í Almenningi Björnssyni (SS.V316-17); Eyjaselsmóri 1 (SS.V317); Eyjaselsmóri 2 (Hu.II37-44); Gunnólfsvíkur-Skotta (SS.V317); Jón slær Þórsauga (SS.V317-18); Jón sýnir þjófsmynd (SS.V319-20); Pétur Hildibrandsson (SS.V320-21); Frá Pétri-Jökli (SS.V323-26); Frá Galdra-Bjarna (SS.V327-32); Sögn af Hreimsstaða-Rafni (SS.V332-33); Galdra-Imba og Rafn (SS.V333); Húfan (SS.V333-34); Tófan (SS.V334-35); Svarti hundurinn (SS.V335-36); Frá Galdra-Imbu (SS.V406-07); Séra Árni kemst undan (SS.V407-09); Irringar Imbu (SS.V409-11); Imba verður að rýma (SS.V411-12); Enn af áreitni Imbu (SS.V412-16); Galdra-Ingibjörg og niðjar hennar (ÓD.II174-79); Ólafur og Jón (SS.V418-19); Glímumennirnir (SS.V419-20); Þáttur af Ormalóns-Eiríki (SS.V336-37); Móri (SS.V337-38); Sjómorð í Sveinungavík (SS.V339-43); Frá Illuga eiturkana (SS.V343-45); Klofahlaupið 1849 (EBS.I208-28); Af Klofa-Jóni (SS.V345-47); Draugasendingar Björns (SSV421-24); Ásmundur í Austur-Skálanesi (ÞJÁ.III591); Af Galdra-Mikael (SS.V361-65); Af Galdra-Vilhjálm (SS.V365-72); Vilhjálmi áskotnast galdrakver (SS.V365-72); Af Galdra-Vilhjálm 2 (Hu.II34-37); Glettur Jóns og Þorleifs í Austdal (ÞJÁ.I588-89); Skíðagrindin (ÞJÁ.I589); Jón bjargar lestarmönnum (ÞJÁ.I589-90) Á hvalfjöru (ÞJÁ.I589-90); Þáttur Dalhúsa-Jóns (SS.V376); Galdra-Imba (SS.V376-77); Snjóbrautin (SS.V377-78); Haustgangan (SS.V378-81); Ullarsekkirnir (SS.V381); Mýsnar (SS.V381); Valdatakstilraunin (SS.V382); Uxarnir (SS.V382); Jón seiðir til sín lifandi hval (SS.V382-83); Aksturinn (SS.V383); Gráni (SS.V383-84); Hestakaupin (SS.V384); Fjarðarsels-Jón (SS.V385); Jón brýtur slóð upp dalina 1-2 (SS.V386); Túnslættir Jóns 1 & 2 (SS.V387); Músastefnan (SS.V.390); Dýrbíturinn (SS.V390); Svínaskála-Pétur og Jón (SS.V390-91); Bóndinn á Glúmsstöðum (SS.V391-92); Skaftafellsboli (SS.V392-94); Dauði-Dalhúsa Jóns (ÞJÁ.I588-90); Af Jóni-Geiti og Jóni Gráa“, (SS.V-396); Rauður (SS.V396-97); Flugandi (SS.V397-98); Frá Galdra-Erlendi í Naustahvammi (SS.V347-48); Frá Galdra-Þorleifi í Austdal (SS.V.349-50); Um Svínaskála-Pétur (SS.V401); Pétur gaf í nefið (SS.V401-02); Upptök Víkur-Siggu (SS.V402); Breiðuvíkurbræður (SS.V402); Frá Langadals-Jóni (SS.V404-05); Af Galdra-Stínu (SS.V430-33); Galdra-Þura (ÞPE.324-28); Frá Jóni í Berunesi (ÞJÁ.III610-11); Ebines og Vilborg (ÞJÁ.III606); Jón á Aðalbóli og Eiríkur í Gilsárteigi (ÓD.II224-26).

TMI D271 (Two Sorcerers Test Their Skills in Sorcery). Galdra-Imba og Rafn (SS.V333); Imba verður að rýma (SS.V411-12); Enn af áreitni Imbu (SS.V412-16); Galdra-Ingibjörg og niðjar hennar (ÓD.II174-79); Þáttur af Ormalóns-Eiríki; Móri (SS.V337-38); Frá Illuga eiturkana (SS.V343-45); Vilhjálmi áskotnast galdrakver (SS.V365-72); Flugan (SS.V365-72?); Glettur Jóns og Þorleifs í Austdal (ÞJÁ.I588-89); Galdra-Imba (SS.V376-77); Fjarðarsels-Jón

(SS.V385); Svínaskála-Pétur og Jón (SS.V390-91); Bóndinn á Glúmsstöðum (SS.V391-92); Af Jóni-Geiti og Jóni Gráa“, (SS.V-396); Frá Galdra-Erlendi í Naustahvammi (SS.V347-48); Um Svínaskála-Pétur (SS.V401); Pétur gaf í nefið (SS.V401-02); Frá Langadals-Jóni (SS.V404-05); Af Galdra-Stínu (SS.V430-33).

MI D2120 (Magic Transportation). Skíðagrindin (ÞJÁ.I589); Jón bjargar lestarmönnum (ÞJÁ.I589-90); Á hvalfjöru (ÞJÁ.I589-90); Jón seiðir til sín lifandi hval (SS.V382-83); Aksturinn (SS.V383); Gráni (SS.V383-84); Hestakaupin sbr. gandreid, sjá MI G242.1 (SS.V384); Fjarðarsels-Jón, hér sbr. gandreid, sjá MI G242.1 (SS.V385); Jón brýtur slóð upp dalina 1-2 (SS.V386); Fiskiförin (SS.V389); Rauður (SS.V396-97).

[sbr. MI D1643 (Object travels by itself)?-skoða]

TMI D801 (Evil Eye). Frá Pétri jökli (SS.V323-26)?; Séra Árni kemst undan (SS.V407-09); Irringar Imbu (SS.V409-11); Imba verður að rýma (SS.V411-12); Galdra-Ingibjörg og niðjar hennar (ÓD.II174-79); Frá Illuga eiturkana (SS.V343-45); Af Galdra-Mikael (SS.V361-65). Af Galdra-Vilhjálm (SS.V365-72); Glettur Jóns og Þorleifs í Austdal (ÞJÁ.I588-89); Rauður (SS.V396-97); Frá Galdra-Þorleifi í Austdal (SS.V.349-50); Af Galdra-Stínu (SS.V430-33); Ebines og Vilborg (ÞJÁ.III606).

MI D2031 (Magic Illusion). Enn af áleitni Imbu (SS.V412-16); Jón Vinnur greni (SS.V377); Valdtakstilraunin (SS.V382); Uxarnir (SS.V382); Af Galdra-Mikael (SS.V361-65); Glettur Jóns og Þorleifs í Austdal (ÞJÁ.I588-89); Ullarsekkirnir (SS.V381); Mýsnar (SS.V381); Fjarðarsels-Jón (SS.V385); Frá Galdra-Þorleifi í Austdal (SS.V.349-50).

D2064.4 (Magic Sickness Because of Evil Eye), sbr. D2070. (Bewitching). Galdra-Ingibjörg og niðjar hennar (ÓD.II174-79); Frá Illuga eiturkana (SS.V343-45); Af Galdra-Vilhjálm (SS.V365-72); Rauður (SS.V396-97); Frá Galdra-Þorleifi í Austdal (SS.V.349-50); Af Galdra-Stínu (SS.V430-33); Ebines og Vilborg (ÞJÁ.III606).

MI E430 (Defence Against Ghosts and the Dead). Eyjaselsmóri 1 (SS.V317); Eyjaselsmóri 2 (Hu.I137-44); Gunnólfsvíkurskotta (SS.V317); Pétur Hildibrandsson (SS.V320-21); Galdra-Þura (ÞPE.324-28); Jón á Aðalbóli og Eiríkur í Gilsárteigi (ÓD.II224-26).

MI D2140 (Magic Control of the Elements). Sbr. MI F430. (Weather-spirits). Frá Galdra-Bjarna (SS.V327-32); Séra Árni kemst undan (SS.V407-09); Irringar Imbu (SS.V409-11); Enn af áreitni Imbu (SS.V412-16); Ásmundur á Austur-Skálanesi (ÞJÁ.III591); Breiðuvíkurbræður (SS.V402).

TMI D81 (Black Book); Frá Pétri jökli (SS.V323-26); Þáttur af Ormalóns-Eiríki (SS.V336-37); Klofahlaupið 1849; Af Klofa-Jóni (SS.V345-47); Af Galdra-Vilhjálm (SS.V365-72); Vilhjálmi áskotnast galdrakver (SS.V365-72); Túnslettir Jóns 1 & 2 (SS.V387).

- TMI D301 (Sorcerer Raises the Dead). Svarti hundurinn (SS.V335-36); Fjarðarsels-Jón (SS.V385); Bóndinn á Glúmsstöðum (SS.V391-92); Upptök Víkur-Siggu (SS.V402); Breiðuvíkurbæður (SS.V402); Frá Langadals-Jóni (SS.V404-05).
- MI G303.9.9.8 (Taking Snuff with the Devil). Enn af áreitni Imbu (SS.V412-16); Galdra-Imba (SS.V376-77); Pétur gaf í nefið (SS.V401-02); ATH: Neftóbaksbætur: sjá „Enn af áreitni Imbu“, sbr. Sigf. V, 412-16. Svo og „Pétur gaf í nefið“, sbr. Sigf. V, 401-02. Verið getur að MI D2177.1. (Demon enclosed in bottle). Sé eitthvað tengt þessu (MI G303.9.9.8).
- ATU 709 (The Stepmother Now Attempts to Kill Her By Means of Poisoned Lace) [sbr. MI D1364.16. (Hairpin causes magic sleep), og MI S111.2 (Murder with Poisoned lace)]; Iringar Imbu (SS.V409-11).
- ML SIT 3035 (The Daughter of the Witch); sbr. MI S31 (Cruel stepmother); Iringar Imbu (SS.V409-11); Imba verður að rýma (SS.V411-12); Enn af áreitni Imbu (SS.V412-16).
- MI C300 (Looking Tabu). Enn af áreitni Imbu (SS.V412-16); Snjóbrautin (SS.V377-78); Jón seiðir til sín lifandi hval (SS.V382-83); Fiskiförin (SS.V389); Hundapestin (ÓD.II150-51); Jón á Aðalbóli og Eiríkur í Gilsárteigi (ÓD.II224-26).
- IML (Magical Haying); TMI D411 (Supranatural Helpers Perform Haying). Imba verður að rýma (SS.V411-12); Túnslettir Jóns (SS.V387); Galdra-Þura (ÞÞE.324-28).
- MI F400. (Spirits and Demons (General)); Eyjaselsmóri 2 (Hu.I137-44).
- MI D2177.1 (Demon Enclosed in Bottle). Eyjaselsmóri 2 (Hu.I137-44).
- ML 4000 (The Soul of the Sleeping Person Wanders on Its Own). Haustgangan (SS.V378-81).
- TMI D121 (Devil's Cap of Invisibility). Húfan (SS.V333-34).
- TMI A701 (A Person Knows the Moment of his/ her Death).Skaftafellsboli (SS.V392-94).
- TMI C1011 (TMI C1011 (Persons Drowned at Sea Call Out);) Frá Galdra-Erlendi í Naustahvammi (SS.V347-48).
- TMI E121 (Devil Appears in Form of Dog). Svarti hundurinn (SS.V335-36).
- ML 3040 (The Witch Making Butter); Af Galdra-Stínu (SS.V430-33).
- MI C400 (speaking tabu – fann ekki tabu fyrir bæn eða blessunarorð). Gráni (SS.V383-84).
- MI E410 (The Unquiet Grave). Af Galdra-Vilhjálm 2 (Hu.I134-37)?
- MLB 4021* (A Troublesome Ghost Laid). Ólafur og Jón (SS.V418-19); Móri (SS.V337-38).

- MI K12.1 (Wrestling Match Won by Deception). Glímmennirnir (SS.V419-20).
- IML (Thief Forced To Return Stolen Goods) . Jón slær Þórsauga (SS.V317-18); Jón sýnir þjófsmynd (SS.V319-20).
- IML (To See Magician, Before, as Defence Against Magic). Galdra-Imba og Rafn (SS.V333).
- IML (To Hit His Nose to Make Blood Come). Af Galdra-Vilhjálmí (SS.V365-72); Af Jóni-Geiti og Jóni Gráa“, (SS.V-396); Frá Langadals-Jóni (SS.V404-05).
- [IML (Magic Circle, Usually Three)]. Glímmennirnir (SS.V419-20).
- [IML (Summon Food)] Galdra-Þura (ÞPE.324-28); Haustgangan (SS.V378-81).
- [IML? (Magical Travel)]. Frá Jóni í Berunesi (ÞJÁ.III610-11).
- *ML 4050 (River Claiming Its Due: “The Hour is Come, but Not the Man”); TMI A 731 (Fate Cannot Be Avoided – Person Dies at Predestined Hour); TMI L401 (“The Time is at Hand, but No one Has Come!”); Scotland: F138A (Kelpie Waits at Ford. The Hour is Come But Not the Man) (see Almqvist 1991, 31). Sjómorð í Sveinungavík (SS.V339-43).
- sbr. TMI E521 (Person Who Has Sold Own Soul to the Devil – Devil Takes His Own). Af Galdra-Mikael (SS.V361-65); Flugan (SS.V365-72?); Af Galdra-Vilhjálmí 2 (Hu.I134-37); Skaftafellsboli (SS.V392-94); Dauði-Dalhúsa Jóns (ÞJÁ.I588-90).
- sbr. ML 3060 (Banning the Snakes); TMI D741 (Expelling Snakes). Tófan (SS.V334-35).
- Sbr. MI G242.1 (Witch Flies Through Air on Broomstick) / Gandreið. Hestakaupin (SS.V384); Fjarðarsels-Jón (SS.V385).
- sbr. MI D1427.1 (Pied Piper of Hamelin). Músastefnan (SS.V390); Dýrbíturinn (SS.V390).

Viðauki 2: Sagnamannatal

(Ýmis vandkvæði voru við samantekt á sagnamannatalinu. Sagnamenn virðast ekki hafa verið þekktir aðilar og þess vegna voru fremur fátæklegar upplýsingar að hafa um þetta fólk. Leita þarf í frumheimildir til að hafa meira um sagnamennina til að geta rakið saman sagnamenn við galdramenn og öfugt. Það er eftirtektarverk hve mikið er til um galdramenn og hve lítið um sagnamenn. Bendir það til þess að galdramennirnir hafi verið mun þekktari og umtalaðri persónur.)

Anna (Sigríðardóttir) Jónsdóttir (1813-1888). húsfreyja, á Árnastöðum í Loðmundarfirði. Var mikil dugnaðarkona [ÆAu:13662] Maki 1834: Páll Guttormsson (1806-1882) bóndi. Foreldrar: Sigríður Einarsdóttir (1775-1860) Vinnukona og barnsfaðir hennar Jón Árnason (1788-1856) Hreppstjóri og bóndi á Bárðarstöðum í Loðmundarfirði.

Skyldleiki: sagnamaður / dóttir hennar **Þorbjörg Pálsdóttir** (1833-1906)

Sagnir: **SS**; I: 58, 260, 261, 345; II: 210, 286, 350; III: 289; IV: 228, 271; V: 198, 199, 411, 412, 419, 420, 423, 424; VI: 47, 341, 342, 356; VII: 160, 292; VIII: 67, 86, 119-21, 135; IX: 183.

ÆAu:13662;2032;2037.

Anna Kristín Sigfúsdóttir (1844-1918). Vinnukona óg&bl. Systir Sigfús sagnasafnara. Foreldrar: Sigfús Oddsson (1817-1856) Bóndi í Miðhúsum og k.h. Jóhanna Þorsteinsdóttir.

Skyldleiki:

Sagnir: **SS** I: 37, 98, 107, 142, 185, 204, 336-38, 342, 344, 357, 362; II: 103, 104, 121, 289, 290, 305, 356, 357; III: 24, 66, 69, 81, 153; IV: 22, 23, 56, 92; V: 217, 233, 234, 256, 269, 293, 417, 423, 424; IX: 197, 201, 218, 220, 222, 259, 300, 350, 355; X: 24, 27, 102, 149, 162, 223, 229, 231, 233, 241-244, 382, 390; XI: 126.

ÆAu:588; Morm; MT1845N510,

Benedikt Rafnsson (1838-1927). Póstafgreiðslumaður og bóndi (búhöldur) á Kollstöðum í Loðmundarfirði og á Höfða á Völlum. Maki: Málfríður Jónsdóttir. Foreldrar: Rafn Benediktsson og k.h. Þóra Árnadóttir.

Skyldleiki:

Sagnir: **SS** I: 200, 276, 300; II: 83, 218; IV: 89, 298; V: 334-336; VI: 327, 357; VII: 118; VIII: 8, 375.

ÆAu:6821;132.

Bjarni Sveinsson (1844-1904). Bóndi á Hafrafelli í Fellum. Maki: Anna Kristín Bjarnadóttir. Foreldrar: Sveinn Guðmundsson bóndi á Hafrafelli í Fellum og k.h. Guðrún Bjarnadóttir.

Skyldleiki:

Sagnir: **SS** I: 60, 104, 207, 247, 301, 319, 336, 420; II: 132, 135, 149; III: 253, 254; IV: 224; V: 218, 286, 347, 380-82, 391, 402, 405; VII: 146; IX: 82.

ÆAu:7283;7274;2853.

Einar Bjarnason (f.1857). Fór utan til Ameríku og kom aftur 1889. Foreldrar: Bjarni Bjarnason bóndi í Kolsstaðargerði og k.h. Salný Jónsdóttir.
Skyldleiki:
Sagnir: **SS** V: 365-70.
#ÆAu:1089.

Einar prófastur Jónsson (1853-1931). Prestur og ættfræðingur á Hofi í Vopnafirði. Maki Kristín Jakobsdóttir. Foreldrar Jón Þorsteinsson og k.h. Járngerður Eiríksdóttir.
Skyldleiki:
Sagnir: **SS** I: xxi, 411, 417, 418; II: 126337, 352; III: 93, 234; V: 76, 155, 315, 361, 395, 399; VI: 221, 357; VII: 35, 61, 63, 66, 68-71, 73, 77, 100, 102, 118, 126, 127, 255; VIII: 5, 8, 9, 12, 32, 65, 67, 76, 117, 162, 349; IX: 69, XI: 79.
SÆ:1890-1910:I, GuðfrT.1847-76:82, ÍÆ:I-370,

Eiríkur Guðmundsson Ísfeld (1873-1924). Bóndi (hvar?), síðar kaupmaður á Hesteyri í Mjóafjörð, síðast búsettur í Reykjavík. Ókv&bl. Foreldrar: Guðmundur Guðmundsson, bóndi, söðlasmiður og gestgjafi og s.k.h. Þórunn Pálsdóttir Ísfeld.
Skyldleiki:
Sagnir: **SS** I: 400; II: 12, 13, 43, 111, 116, 122, 124; IV: 42, V: 211, 327; VII: 147; X: 102, XI: 206.
Mjóf:II-59/62.

Elís Guðjónsson (1876-1964). Bóndi í Hólshúsum í Borgarfirði eystri, síðar búsettur í Efri- Miðbæ í Norðfirði. Maki Guðbjörg Gísladóttir. Foreldrar: Guðjón Eiríksson bóndi á Hofi í Norðfirði og k.h. Guðrún Runólfadóttir.
Skyldleiki:
Sagnir: **SS** I: 250, 311; V: 336.
ReykjaÆ:III-950, ÆAu:1469;7909.

Guðfinna Oddsdóttir (1851-1894). Húsfreyja í Meðalnesi í Fellum og á Fljótsbakka í Eiðaþinghá. Maki: Sigfús Oddsson bóndi. Foreldrar: Oddur Jónsson bóndi á Hreiðarsstöðum og k.h. Sólveig Guðmundsdóttir.
Skyldleiki: Afkomandi Dalhúsa-Jóns Þórðarsonar.
Sagnir: **SS** I: 134, 136; II: 267; V: 390, 394, 395.
ÆAu:962;7606; MT1703:394.

Guðmundur Eyjólfsson (1889-1975). Bóndi á Starmýri og Þvottá (1942-54) í Álftafirði, S. –Múl. Foreldrar: Eyjólfur Jónsson, bóndi í Kambshjáleigu, geithellnahr., S. –Múl., og k.h. Sigurbjörg Einarsdóttir.
Skyldleiki: Amma Guðmundar, Guðrún Sigurðardóttir (1826-1872) var fyrr gift Eyjólfí Jónssyni (1808-1854), galdramanni og útvegsbónda. Síðar Jóni Jónssyni (1821-1895) bónda á Geithellnum.
Sagnir: Á stofnun Árna Magnússonar eru 61 frásagnir eftir hann af ýmsum toga, en einvörðungu ein um galdramann. [1876 (SÁM 85/231 EF)]
ÆS:143; V.Skaft:II-61, Sv&Jarðir:III-481, Gamla hugljúfa sveit.

Guðný Sigfúsdóttir (1803-1892). Húsfreyja í Snjóholti. Maki: Jón Einarsson, bóndi. Foreldrar: Sigfús Guðmundsson og k.h. Guðríður Hermannsdóttir.
Skyldleiki:
Sagnir: **SS** I: 414; V: 164, 167, 370; VIII: 154, 297.
ÆAu:8334;

Guðný Sigfúsdóttir (1856-1933), Vinnukona og húskona. Maki: Hermann Stefánsson vinnumaður. Foreldrar: Sigfús Sigfússon bóndi í Sunnudal í Vopnafirði og b.m.h Guðný Sæmundsdóttir.
Skyldleiki:
Sagnir: **SS** I: 8, 22, 68, 112, 175, 176, 251, 291, 294-96, 351, 352, 421, 424, 475, 476, 488; II: 131, 144, 313; III: 107, 125; IV: 110, 233, 262, 272, 365; VI: 26, 117; IX: 181, 400; X: 136, 143, 161, 203, 490; XI: 117.
ÆAu:7636:12028:13005.

Guðrún Einarsdóttir (f.1820). Húsfreyja í Skuggahlíð Norðfirði. Vinnukona á Bakka í Skorrastaðasókn 1845. Maki: Árni Sigurðsson. Foreldrar: Einar Einarsson bóndi í Barðsnesgerði í Norðfirði og barnsmóðir hans Lukka Sveinsdóttir vinnukona.
Skyldleiki:
Sagnir: **SS** V: 336.
MT1845N525,

Hjörleifur Árnason (1760-1831) sterki, bóndi í Snotrunesi, Borgarfirði eystri. Foreldra: Árni Gíslason og k.h. Guðlaug Torfadóttir. Maki: Björg Jónsdóttir,
Skyldleiki:
Sagnir: **SS** I:104, 426; II: 337, 338; III: 99, IV: 28-30, 118, 176; V: 367, 368, 371; VI: 149, 157, 158, 197, 198, 225, 228-49, 252, 253, 255-266, 269-274, 276-282, 284, 287-307, 309, 311-16, 322-34, 336, 337, 344, 347, 357, 359-61; VII: 14, 41, 46, 47, 53, 82, 83, 85, 88, 182; VIII: 81, 82, 86, 138, 140, 164, 247; IX: 84, 126; X: 199, 201; XI: 211.
ÆAu:10911;10290.

Hólmfríður Guðmundsdóttir (1836-1905). Vinnukona. Foreldrar: Guðmundur Pálsson og k.h. Jóhanna Jónsdóttir. Átti barn með Jóni Einarssyni bónda og hreppstjóra á Hermundarfelli.
Skyldleiki: Afabarn Jóns Almáttuga Guðmundssonar.
Sagnir: **SS** I: 474-76; II: 8, 307; V: 317, 322.
MT1816:37, MT1845N438; Æ.Þing:VI-121.

Ingibjörg Níelsdóttir (1835-1904). Húsfreyja á Engilæk og Ósi í Hjaltastaðapínghá. Maki: Ísleifur Stefánsson bóndi. Foreldrar Níels Níelsson bóndi og smiður á Hrollaugsstöðum og k.h. Sigríður Bjarnadóttir.
Skyldleiki:
Sagnir: **SS** I: 176, 177, 255, 256, 323, 391; II: 160, 194, 195, 384; III: 39, 73; IV: 268; V: 167, 433; VI: 265, 358; IX: 216; X: 374, 388; XI: 206.
#MT1845N484,

Jón Jónsson (1852-1923) Bóndi og alþingismaður, í Húsey, á Sleðbrjót og í Bakkagerði, síðast á Vopnafirði. Fór utan til Ameríku með konu og börn. Maki: Guðrún Jónsdóttir. Foreldrar: Jón Jónsson bóndi í Hlíðarhúsum í Hlíð og k.h. Guðrún Ásmundsdóttir.
Skyldleiki:
Sagnir: **SS** II: 263; **HU** I: 137-44.
ÆAu:10242, Alp.MT:1995,bls.249.

Jón Sigurðsson (?-?) Bóndi að Jökulsá. Fór til Ameríku. Foreldrar: Sigurður Þorsteinsson bóndi á Urriðavatni og k.h. Katrín Jónsdóttir, Árnasonar.
Skyldleiki:
Sagnir: **SS** V: 332; VII 17; IX 126.
ÆAu:8988;9457, SS:VII-17, MT1845N478.

Jón Ögmundsson yngri (f.1827). Bóndi á Bárðarstöðum í Loðmundarfirði. Maki: Kristín Einarsdóttir. Foreldrar: Ögmundur Jónsson bóndi á Bárðarstöðum og k.h. Sigríður Guðmundsdóttir.
Skyldleiki:
Sagnir: **SS** III: 12; V: 332, X: 528.
ÆAu:10753;7457, MT1845:N412.

Jósep Jósepson (1862-1946). Nefndur „Axfirðingur“ Fór til Ameríku 1890, kom aftur 1899 og bjó að Felli í Vopnafirði og á Fannardal í Norðfirði. Ókv. Foreldrar: Jósep Brynjólfsson bóndi í Vesturhúsum og k.h. Helga Eiríksdóttir.
Skyldleiki:
Sagnir: **SS** II: 132, 134; III: 103; V: 343.
MT1845N412, MT1870.

Óli Halldórsson (1856-1920). Bóndi á Höfða á Völlum 1899-1914. Maki 1: Guðný Benediktsdóttir, 2: Herborg Guðmundsdóttir. Foreldrar: Halldór Jónsson bóndi á Eyvindará, Eyðapinghá, ?. –Múl., og k.h. Anna Óladóttir.
Skyldleiki:
Sagnir: **SS** I: 249, 305; V: 234, 383; VIII: 216.
ÆAu:9905; 122; 123,

Páll Guðmundsson (?-?) Bóndi á Hvoli.
Skyldleiki:
Sagnir: **HU** I: 134-37.
#

Runólfur Bjarnason (1865-1948). Bóndi á Hafrafelli 1894-1931. Maki: Sigríður Sigfúsdóttir. Foreldrar: Bjarni Sveinsson bóndi á Hafrafelli í Fellum og k.h. Anna Kristín Bjarnadóttir.
Skyldleiki:
Sagnir: **SS** I: 168, 207, 235, 336, 337; II: 305, 315, 316; III: 126, 227; V: 405; IX: 160; X: 207, XI: 146, 147.
ÆAu:1851; 7283;

Rustikus Jónsson (1817-1887). Bóndi og hreppstjóri á Nesi í Loðmundarfirði. Maki 1848: Una Bjarnadóttir. Foreldrar: Jón Jónsson bóndi á Litlabakka í Tungu og k.h. Þórunn Rustikusdóttir.
Skyldleiki:
Sagnir: **SS** II: 142; V: 109, 225, 334, 336, 337, 384, 395, 412, 416; VI: 257, 270, 286, 360; VII: 292; IX: 387; X: 355.
Æ.Þing:III-78, ÆAu:9574,

Sigfinnur Pálsson (1824-1894). Vinnumaður á Eyvindará, Eyðapinghá. Síðar B. Á Refsmýri. Maki: Ingveldur Mikaeladóttir (f.1829). Foreldrar: Páll Pálsson bóndi á Arnórsstöðum á Jökuldal og k.h. Guðbjörg Sigfúsdóttir, hún átti síðar Jón Jónsson bónda á Refsmýri, sem Sigfinnur bjó svo á. .
Skyldleiki: Maki/Ingveldur er dóttir Galdra-Mikael Mikael Illugason (1787-1862).
Sagnir: **SS** V: 167, 364, 378, 380, 395; VIII: 162.
ÆAu:2883;4690;8325, MT1845N435,

Sigmundur Matthíasson Long (1841-1924) Vinnumaður og bóksali. Fór utan til Winnepeg 1889 og dó þar. Óg&bl. Foreldrar: Mattías Richardsson Long. Vinnumaður víða á Austfjörðum, og k.h. Jófríður Jónsdóttir, húsfreyja síðast á Eskifirði.

Skyldleiki:

Sagnir: **SS** II: 87, 113, 181, 305; V: 46, 49, 308; VI: 266, 360; VIII: 66; IX: 24, 69; X: 433, 436, 445.

LongÆ:143

Sigríður Jónsdóttir (1852-) Vinnukona í Gagnstöð, Hjaltastaðahr., N. –Múl. Er í foreldrahúsum á Gerði 1852-77, hjá móður sinni þar 77-81, hjá bróður sínum á Brimnesi í Dvergasteinssókn 1890. Maki: Ógift og barnlaus. Foreldrar: Jón Steingrímsson bónda á Breiðabólstaðargerði í Suðursveit, A. – Skaft. og k.h. Oddnýju Sveinsdóttur.

Skyldleiki:

Sagnir: **PPE** 324-328.

ÆAu:11441; 11435, A.Skaft.,

Sigurður Jónsson yngri (1814-1874). Bóndi á Möðrudal, Felli, N. –Múl. Maki: Ástríður Vernharðsdóttir. Foreldrar: Jón Jónsson bóndi á Möðrudal á Fjöllum og k.h. Aðalbjörg Árnadóttir.

Skyldleiki:

Sagnir: **SS** VII: 108, 109, 111, 114; IX 179. **ÞJÁ** III: 606;

MT1845N-?,

Stefán Árnason Scheving (1819-1905). Bóndi og hreppstjóri á Gagnstöð, Hjaltastaðapinghá, N –Múl. Maki: Rannveig Óladóttir. Foreldrar: Árni Stefánsson Scheving bóndi í Húsey í Tungu og k.h. Sigprúður Þorkelsdóttir.

Skyldleiki:

Sagnir: **SS** I: 327; II: 249, 263; VI: 357; VII 125, 126. Hu I: 137-44.

MT1845N-?, ÆAu:9775;9772,

Sæbjörn Egilsson (1837-1894). Bóndi á Hrafnkelsstöðum, Fljótsdalshr., S. – Múl. Maki: Hólmfríður Margrét Jónsdóttir. Foreldrar: Egill Árnason bóndi á Hvannstöði í Borgarfirði eystri og k.h. Þuríður Magnúsdóttir.

Skyldleiki:

Sagnir: **SS** I: 13, 333, 334; III: 289; IX 236; X: 94; XI: 81. **ÞJÁ** I: 588-89, 589-90.

ÆAu:10549,

Vigfús Ólafsson (1865-1900). Bóndi í Fjarðarseli í Seyðisfirði. Maki: Elísabet Ólafsdóttir. Foreldrar: Ólafur Sigurðsson bóndi á Torfastöðum í Hlíð og k.h. Guðný Tómasdóttir.

Skyldleiki:

Sagnir: **SS** I: 142; V: 385, 295; VI: 358.

ÆAu:4175;2092,

Þorbjörg Pálsdóttir (1833-1906). Húsfreyja á Árnastöðum. Maki: Árni Jónsson Bóndi. Foreldrar: Páll Guttormsson bóndi á Árnstöðum í Loðmundarfirði og k.h. Anna (Sigríðardóttir) Jónsdóttir, sjá fyrir.
Skyldleiki
Sagnir: **SS** I: 260, 261; II: 350; V: 411, 412, 419; VI: 342, 356; VIII: 64, 135.
ÆAu:13662;2032;2037.

Þórarinn Þórarinsson (1846-1939). Prestur á Hvoli í Mýrdal, V. –Skaft. Svo á Valbjófsstöðum í Fljótssdal 1894-dd. Maki Ragnheiður Jónsdóttir. Foreldrar: séra Þórarinn Stefánsson að Skinnastöðum og k.h. Þórey Einarsdóttir.
Skyldleiki:
Sagnir: **SS** I: 342, II: 301, 309; V: 339.
ÍÆ:V-79, Skriðuhr:I-?, Reykjahl.Æ:II-864.

Þórunn Björnsdóttir (1811-1898). Húsfreyja á Selsstöðum í Seyðisfirði. Maki: Hermann Halldórsson bóndi. Foreldrar: Björn Jónsson bóndi á Selsstöðum og k.h. Ingibjörg Skúladóttir.
Skyldleiki:
Sagnir: **SS** V: 332; VI: 328, 361; VIII 86.
MT1845N500,

Viðauki 3.0: Galdramannatal Austfjarða

Ásmundur Ásmundsson,

Tími: (f.um 1664.) (þegar Björn sýslumaður bjó á Burstafelli).

Staður: Austur-Skálanes, Vopnafirði, N. –Múl.,

Vinnumaður á Torfastöðum 1703, Vopnafjarðarhr., N. -Múl. Er ætíð nefndur með Birni sýslumanni. Sjá umfjöllun í ÞJÁ IV 180-182. Virðist hafa verið illa liðinn. [Bóndi og galdramaður!]

Heimildir: [ÞJÁ. III, 380, 591; IV, 181-82.]; [Sigfús. V, 421, 423; VII, 159 (nefndur í þessum tilfellum og ávalt með Birni)]; [MT1703:380, þá 39 ára og óg.]

Bjarni Einarsson, ⇔ „Galdra-Bjarni“

Tími: (f.1741, d.1811), 18. öld.,

Staður: Bárðarstaðir í Loðmundsfirði, Loðmundarfjarðarhr., N. –Múl.

Bóndi í Brúnavík -1879-1810-. (er á Bárðarstöðum 1795). Dó 1811 þá talinn 70 ára. Bjarni var frændi Galdra-Þorleifs á Úlfsstöðum í Loðmundafirði. Foreldrar- líklega: Einar Bjarnason (f.1712) bóndi á Fannadal 1762 og k.h. Sigríður Þorsteinsdóttir (f.1717). Sbr. ÆAu:12586. Maki 1798: Guðný Pétursdóttir, (f.1775), búandi ekkja með móður sinni (einnig ekkja) á Klyppstað 1816 í Loðmundafirði. Þeirra börn: Árni (f.1795), bóndi á Ketilsstöðum, átti Guðrúnu Ísleifsdóttur. Jón (f.1798), bóndi í Breiðuvík átti Þórunni Magnúsdóttur, Pétur (f.1806) Ókv. og bl., Bjarni (f.1810) ókv. Barnsmóðir: Þeirra barn: Guðrún (1790), og Einar (1786) bóndi á Brúnavík, átti Hildi Guðmundsdóttur (Sammæðra?).

Heimildir: [Sigfús.S. V, 327-32]; [ÞJÁ. Er þar ekki.]; [Æ.Au:3132;sbr. 12586]; [MT01N:416]; MT1816:54].

Björn Pétursson,

Tími: (f.1661, d.1744).

Staður: Burstafell,

Sýslumaður og bóndi. Björn bjó á föðurleifð sinni Burstafelli, og var höfðingi mikill. Gekk um hríð í Hólaskóla. Páll sýslumaður afstóð við hann sýslupartinn 1695 og fékk Björn veitingu fyrir þeim parti. Mælt er, að skip hafi laskast í sýslu hans, hafi hann hagnýtt sér það sem annað vogrek. Eitt sinn hafi hann tekið hollenska duggu með áhöfn, byggt þar af bæ sinn og látið skipsfólkið starfa þar að. Hafi timburmaðurinn fyrirsagt, að sá bær myndi brenna, hvað seinna rættist, þá Marteinn bjó þar. 1714 tók Björn fyrir sinn lögsagnara Þorstein Sigurðsson. Þó mun það ekki hafa verið nema í einstökum málum, sem þorsteinn hefur þénað Birni, því að hann var þá lögsagnari Bessa. 1721 afstóð Björn við Þorstein sýsluna og deyði sjálfur 1726 eða nálægt þeim tíma.

Björn var hið mesta afarmenni að karlmennsku, hafði þar eftir skaplyndi og vöxt, var bjargvættur haldinn sakamanna, hafði á sér mesta höfðingjasnið, var héraðsríkur og vel við efni. Við útför hans var silfurdalur látinn fylgja máltíð til handa hverjum boðsmanni við hvern rétt.

Foreldrar: Pétur Bjarnason sýslumanns á Burstafelli Oddssonar og Steinunn Vigfúsdóttir. Maki 1687: Guðrún yngri Marteinsdóttir (1666-1738), sýslumanns. Börn þeirra: Sigríður (f.1685), Pétur (1688-1740) átti Helgu Þorvaldsdóttur. Þórunn (1690!-1748) átti Benedikt Lögmann Þorsteinsson. Marteinn (1694-1777) bartskeri á Burtafelli. Jón (1705-1783) bóndi á Eyrarlandi, átti Helgu Magnúsdóttur Björnssonar Sýslumanns Pálssonar. Gróa (f.1701) tvígift, hennar seinni maður var Högni Eiríksson frá Búlandi. Elísabet (f.1703) átti Björn Jónsson. Guðrún átti Pétur Jónsson á Skjöldólfsstöðum

Gunnlaugssonar. Guðrún yngri varð úti á Reykjaheiði 1748. Guðrún önnur, átti séra Einar á Skinnastöðum Jónsson. Ragnheiður átti Björn í Böðvarsdal. Heimildum ber ekki alveg saman um börn þeirra hjóna, sjá Sýsl og ÍÆ.
Heimildir: [Sigfús.S. V, 421 (416-24, með Lata Páli)]; [ÞJÁ. Er ekki þar.]; [Sýsl:IV-771/78]; [ÍÆ:I-244]; [Ævisaga J.S. 454.4to]

Eiríkur Eiríksson, ⇔ „Ormalóns-Eiríkur“

Tími: (1791-1866);

Staður: á Ormalóni í Þistilsfirði. N. –Þing.

Bóndi á Ormalóni -1835-1855-, í Þistilsfirði. Er í skjóli Eiríks, sonar síns á Ormalóni 1860. Maki: 4 sept 1820: Sigríður Sigurðardóttir (f.1799), dóttir S. “blinda” Sigurðssonar bónda á Sellandi í Fnjóskadal og b.m.h. Hedísar Ólafsdóttur (f. um 1770) síðar húsmóður í Fagraneskoti. Þeirra börn: Sigríður (f.1821) átti Gunnar Gíslason bónda í Brekknakoti í Þistilsfirði (hann fór utan). Guðrún (f.1823) átti Guðmund Jónsson, bónda á Litluströnd. Þorsteinn (f.1824) bóndi á Ormalóni. Guðmundur (f.um 1826) vinnumaður víða. Guðrún (f.1827). Helga (f.1828) átti Jósef Brynjólfsson bónda í Arnarnesi, síðar í Kanada. Eiríkur (f.1831) bóndi á Ormalóni, Sigurður (f.1834) bóndi í Garðstungu.

Heimildir: [ÞJÁ. III nr 613 (finn ekki)]; [Sigfús.S. V, 336-43]; [MT1845N418]; [MT1835: Svalbarðssókn]; [BergsÆ:I, 67];

Erlendur Magnússon, ⇔ „Galdra-Erlendur“

Tími: um 1720!

Staður: Naustahvammur, Norðfirði, Múl.,

Þetta er líklega Erlendur Magnússon (f.1670), bóndi á Skálateig 1703, þá 33 ára. Kona hans: Þórdís Björnsdóttir. Þeirra börn: Margrét (f.1699). Andstæðingur: Síra Torfi Bergsson,

Heimildir: [Sigfús.S. V, 347-48]; [Sigf:335, 408]; [ÞJÁ. Sá ekki þar.].

Eyjólfur Jónsson,

Tími: (1808-1854)

Staður:

Bóndi á Rannveigarstöðum. Foreldrar: Jón Eyjólfsson (1779-1848) Meðhjálpari og bóndi á Múla í Álftafirði 1801-03, á Hofi 1803-10, síðan á Rannveigarstöðum 1811-16 og líklega áfram og k.h. Guðrún Jónsdóttir (1784-1837) frá Lyngum í Meðallandi, V. –Skaft. Maki: Guðrún Sigurðardóttir (1826-1872).

Heimildir: [ÆS:143]; [V.Skaft:II-61]; [MT1816:97]; [Gamla hugljúfa sveit]; [SÁM 85/231 EF]

Illugi Jónsson, ⇔ „Eiturkana“

Tími: (1779-1844), bóndi í Blöndugerði í Tungu

Staður: Hvammseli, Jökuldal, Múl.,

Vinnumaður á Giljum -1808-1809-, í Blöndugerði í Tungu -1815-1816-, og á Hvammseli í Jökuldal, Múl., For: Jón „almáttugi“ Björnsson í Vopnafirði og nágrenni, og fyrri kona hans Elín Aradóttir, dóttur Galdra-Ara Jónssonar. Maki: Kristín Þórðardóttir (1772-1834), dóttir Þ. Sigurðssonar bónda á merki í Jökuldal og k.h. Sólveigu Jónsdóttur. Þeirra börn: Aðalbjörg (f.1800), Elísabet (f.1809), Guðrún (f.1815). Í Eskju I, bls. 210, er hann sagður sonur Jóns skálds Bjarnasonar sem er rangt. Andstæðingar: síra Benedikt Þorsteinsson (1794-1845); Guðmundur Sigurðsson bóndi.

Heimildir: [Sigfús.S. V, 343-45]; [Að Vestan: II, 164-65]; [ÞJÁ. Er þar ekki.]; [MT1816:22]; [Eskja:I, 210].

Ingibjörg Jónsdóttir, ⇔ „Galdra-Imba“. V

Tími: (f.1619/30-d.um 1690, fyrir 1703)

Staður: Hvammur á Skagaströnd, Hún., → Múlasýsla.

Prestskona á Hofi á Skagaströnd, flæktist til Austfjarða eftir að maður hennar féll á eiði gegn galdraáburði 1679 og strauk úr landi með ensku skipi úr Austfjörðum sumarið 1680. árið 1687 bar hún fram þá beiðni á alþingi að fá að sverja af sér galdraryktið. Sýslumaðurinn í Múlasýslu studdi þessa viðleitni hennar og var erindið samþykkt af þingmönnum en engu að síður taldi þjóðtrúin hana fjölkunnuga. Kann að hafa verið í Austur-Skaftafellssýslu um tíma, ef til vill síðast hjá dóttur sinni á Nesi í Loðmundarfirði fram um 1703. "Þótti Imba ill viðskiptis og hefnigjörn..." (Au.Skaft). Foreldrar: séra Jón Gunnarsson á Tjörn í Svarfaðardal, d. 1670, og kona hans, Helga Erlendsdóttir. Maki: séra Árni Jónsson, f. 1630. Börn þeirra: Gísli bóndi í Geitavíkurbjáleigu ("þótti undarlegur, fáskiptinn og dulfróður"), f. 1661, Gunnar, f. 1664 (ryktaður af galdri), bar af sér fjölkynngi með eiði 3.6. 1700. Margrét, Jón geitir „þótti illmenni og flæktur mjög við galdra“, Þuríður (f. um 1660), húsfreyja í Nesi í Loðmundarfirði (Galdra-Þura; kona Guðmundar Oddssonar, sem Ingibjörg er sögð hafa fyrirkomið).

Guðmundur í Hoffelli skráði sagnir um Galdra-Imbu, og sagði hana hafa verið búsetta í Borgarhöfn. Eitthvað munu þær mæðgur, Imba eða Þura, koma við þjóðsögur Þorsteins Erlingssonar, þar víst kenndar við Lón.¹¹¹ Séra Gunnar sonur Ingibjargar var um tíma prestur á Stafafelli, og má víst aðgæta, hvort fótur er fyrir búsetu hennar í Austur-Skaftafellssýslu, þótt einar sér dragi þjóðsögur skammt. Við Ingibjörgu er kennd Galdra-Imbu ætt (Au.Skaft). Samstarfsfólk: Leki/a = Leódegaríus.

Heimildir: [ÞJÁ. III, 114-22] - ÞJÁ: Bjó um tíma á Hömrum, Laxárdal, Strand.? [Sigfús. III, 89; V. 333, 335, 348, 376, 377, 396, 406-416; VI. 271, 310; VII, 71; VIII. 35, 55; X, 447]; [A.Skaft-Hdr] → [Æ.Au:10563]; [GJ 156nn]; [ÍÆ. I:53-4 og III:137]; [Stgr 1615]; [þjóðsögur Þorsteins Erlingssonar: 1954, bls. 324-27]. [Ól.Dav: II, 174-79].

Jón, ⇔ „Langadals-Jón“

Tími: (18.öld) er á lífi 1737.

Staður: Kom úr Langadal, Austurland.

Vinnumaður víða á Austurlandi.

Heimildir: [Sigfús.S. V, 404-05]; [ÞJÁ. er ekki þar.];

Jón Arnason, ⇔ „Jón-Geiti/r“

Tími: (f.um 1665!)

Staður: Geitavíkurbbyggð, Borgarfjarðarhr., Borgarfirði eystra. Múl.,

Jón þótti illmenni og flæktur mjög við galdra. Hafði hann í heitingum við aðra, ef hann fékk ekki af þeim það er hann vildi. Er sagt að þá hafi dottið niður skepnur þeirra, eða einhver óhöpp komið fyrir þá önnur (ÆAu:10564). Var nefndur Geitir eftir Geitavík. Fluttist síðast til dóttur sinnar og tengdasonar á Strandhöfn. [ÆAu:10564] Séra Gísli hinn gamli var þá prestur á Desjamýri. Er sagt að hann hafi oft barið blóðið fram úr Jóni fyrir kukl hans og illmennsku. Jón hefir því ekki orðið vinsæll í Borgarfirði [eystri], og er ekki ólíklegt að hann hafi af þeim sökum flust til Strandarhafnar á norðurströnd Vopnafjarðar. Er það yzti bær og mjög afskekktur. Maki: (ókunn). Þeirra börn: Elísabet (f.1725), átti Jón Guðmundsson bónda á Strandhöfn. Foreldrar: Séra Árni Jónsson (1630-1681) og k.h. Ingibjörg Jónsdóttir (f.1630). Andstæðingar: Jón Þorvarðsson (Þórðarson) ⇔ „Jón-Grái“.

Heimildir: [Sigfús.S. V, 396-99]; [ÞJÁ. Er ekki þar.]; [ÆAu:10.564].

¹¹¹ þjóðsögur Þorsteins Erlingssonar (1954).

Jón Björnsson, ⇔ Jón „almáttugi“ Björnsson

Tími: (1742-1830)¹¹²

Staður: Vopnafjörður,

Bóndi, sjómaður og skáld, á Sótastöðum 1779, á Ásbrandsstöðum, Skjaldþingsstöðum 1816, í Hofssókn, N. –Múl. Síðast í Almenningi (!-1830), í Vopnafirði, N. -Múl. Jón mun hafa verið fæddur á Austara-Landi í Axarfirði, en alist upp á Núpi í Núpasveit. Foreldrar: Björn Jónsson (f.um 1725) bóndi á Austara-Landi í Öxarfirði, og k.h. Maki 1, um 1780: Elín Aradóttir (f. um 1745), dóttir Galdra-Ara Jónssonar. Þeirra börn: Björn bóndi á Giljum í Jökuldal, Kristín f.1773, Illugi Eiturkani (1779-1844), bóndi í Blöndugerði í Tungu, Helga f.1782. Maki 2, um 1800: Þórdís Jónsdóttir (f.1775), dóttir J. Sveinssonar og k.h. Ingibjargar Sigurðardóttur, á Hákonarstöðum. Þeirra börn: Jón f.1795, Ingibjörg f.1796, Þórdís f.1798, Jónas f.1800, Sigurður f.um1801, bóndi á Miðfjarðarseli á Strönd. Jóhanna f.1805, átti Guðmund Pálsson, þeirra dóttir Hólmsfríður sagði Sigfúsi ýmsar sögur af afa sínum.

Heimildir: [Sigfús.S. V, 316-22]; → [Austurland 142-52]; [Að vestan 164-65]; [ÞJÁ. Er þar ekki] ; [MT1816:13]; [Æ.Au:7695;10306] [um Hákonarstaðabók, sjá Múlaþing. 1974, 6-45].

Jón skáld Jónsson,

Tími: (f.um 1639); 17. öld

Staður: Berunes, Djúpavogshr., S. –Múl., [Vattarnes / Bauluhamar].

Bóndi og skáld í Berunesi (v/Djúpavog).

Heimildir: [ÞJÁ III 610-11];

[Sigfús.Sigf: I, 401; II 92; III, 274; IV, 127, 139; V, 64-69, 392; VI, 251, 329,; VII, 24; XI, 166.].

Jón „í Klofa“ Jónsson, ⇔ „Klofni-Jón / Klofa-Jón“

Tími: (1823-1849). F.27. apr. 1823 í Svínaskála.

Staður: sjómaður og skrifari?, í Klofa í Eskifjarðarkaupstað.

Fyrirvinna móður sinnar í Klofa -1845-, sjómaður, húsmáður -1849., og skrifari! í Klofa í Eskifjarðarkaupstað. Ferst ásamt móður sinni og tókubarni í snjóflóði þann 21. nóvember 1849. Jón var ógiftur og barnlaus. Við ferminguna 1838, er skráð að hann sé „bærilega að sér og siðsamur“ sem er besti dómur prestsins það árið, við húsvitjum 1848 ritar prestur við Jón í dálkinn Lærdómur: „All sæmilega“, og í dálkinn Lestur „sæmilega“. Foreldrar: Margrét Þorsteinsdóttir (f.1801), vinnukona á Svínaskála, síðar húskona í Klofa og Jón blindi Jónsson Bóndi á Svínaskála (hans 4.da hjúskaparbrot).

Heimildir: [Sigfús.S. V, 345-47]; [ÞJÁ. er ekki þar.]; [Kirkjubækur Hólmasóknar 1784-1927]; Sálregistreitur Hólmasóknar; [Eskja: Sögurit Eskifirðinga, I, 208-10 = (EBS.I208-28)]. [MT1845N537];

Jón „grái“ Þorvarðsson í Fjarðarseli, ⇔ (Jón í Fjarðarseli).

Tími: (18. öld).

Staður: Fjarðarsel, Seyðisfirði

